



Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021

Samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020

EFNISYFIRLIT

A-hluti

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ.....	6
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ.....	15
MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ	25
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ	31
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ	43
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ	53
VELFERÐARSVIÐ	67
ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ	79
SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU.....	89
EIGNASJÓÐUR	98
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	104
FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA	105

B-hluti

FAXAFLÓAHAFNIR	108
FÉLAGSBÚSTAÐIR	112
MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.	122
ORKUVEITA REYKJAVÍKUR	129
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS.....	143
STRÆTÓ BS.	149
SORPA BS.....	155


A-HLUTI

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Fagmennska, áreiðanleiki, gagnsæi, hagkvæmni, samvinna, stuðningur.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021*

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	49.175	46.479	46.826
Tekjur samtals	49.175	46.479	46.826
Laun og launatengd gjöld	949.603	1.088.466	1.141.208
Annar kostnaður	200.511	296.149	285.212
Rekstrargjöld samtals	1.150.114	1.384.614	1.426.420
Rekstrarniðurstaða	1.100.939	1.338.135	1.379.594

*Rekstur Eignaskrifstofu færist í Eignasjóði og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.

HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi, uppgjörum, launavinnslu, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið ber ábyrgð á mörkun og innleiðingu áhættustefnu Reykjavíkurborgar og leiðir áhættustýringu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið skiptist í: áætlana- og uppgjörsskrifstofu, innkaupaskrifstofu, launaskrifstofu, bókhaldsskrifstofu, skrifstofu áhættustýringar, eignaskrifstofu og fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu auk skrifstofu sviðsstjóra.

STARFSFÓLK


	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsfólks			
Fjöldi stöðugilda	97	99	105
Eftir skrifstofum/þjónustubáttum:			
Áætlana- og uppgjörsskrifstofa	10	10	10
Skrifstofa áhættustýringar	3	3	5
Bókhaldsskrifstofa	27	27	27
Launaskrifstofa	24	24	24
Innkaupaskrifstofa	7	8	8
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	8	8	8
Eignaskrifstofa*	5	5	5
Skrifstofa sviðsstjóra	4	5	5
Upplýsinga- og gagnadeild	9	9	12**

* Rekstur Eignaskrifstofu í Eignasjóði


** með tímabundnum verkefnum

SKIPTING REKSTRAR 2021

Sundurliðun á skrifstofur



Skipting útgjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjármála- og áhættustýringarsvið er eitt þeirra kjarnasviða sem hóf starfsemi þann 1. júní 2019 þegar nýtt stjórnskipulag tók gildi eftir þær stjórnkerfisbreytingar sem ráðist var í hjá Reykjavíkurborg. Megináherslur í starfsemi sviðsins er að skerpa enn frekar á hlutverki og áherslum þess sem kjarnasviðs og skilgreina umboð þess gagnvart þeim verkefnum sem undir sviðið heyra. Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er enn fremur að stuðla að skilvirkni til að bæta þjónustu við kjörna fulltrúa, íbúa og stjórnendur með gagnsæri miðlun upplýsinga um fjármál og rekstur og stuðla þar með að upplýstri ákvarðanatöku, hagkvæmni og ráðdeild í rekstri.

Framtíðarsýn fjármála- og áhættustýringarsviðs er:

„Öflugt svið sem stýrir fjármálum Reykjavíkurborgar af stefnufestu og áreiðanleika“

Í því felst:

- Faglegur og áreiðanlegur stuðningur við yfirstjórn vegna fjármálastjórnunar.
- Virk áhættustýring í daglegu starfi og stefnumörkun borgarstjórnar til framtíðar.
- Þjónusta við fagsvið og kjarnasvið sé fagleg, aðgengileg og góð. Góður stuðningur á sviði fjármála- og áhættustýringar. Öflug þekkingarmiðlun.
- Upplýsingakerfi og hugbúnaður til skráningar, greiningar á rekstri, skila og framsetningar á gögnum vegna m.a. fjárhagsáætlunar, launavinnslu og stjórnsýslu séu samhæfð, aðgengileg og notendavæn.
- Öflug miðlun upplýsinga til yfirstjórnar, fagraða og stjórnenda með áherslu á að styðja við og bæta ákvarðanatöku.
- Gagnsæ og aðgengileg miðlun upplýsinga til íbúa.
- Stjórnsýsla sviðsins sé fagleg og straumlínulöguð.
- Sviðið verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og vel menntað fólk.

Megináherslur sviðsins árið 2021 verða á eftirfarandi sviðum:

- Eftirfylgni með markmiðum fjármálastefnu og aðgerðaráætlun í fjármálum vegna fimm ára áætlunar.
- Innleiðing á heildstæðri áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg.
- Endurbætur á upplýsingakerfum og líkönum vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum.
- Endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar.
- Rafvæðing ferla.
- Upplýsingagjöf og eftirlit með innkaupum.
- Skýrslugjöf og eftirlit með fjárfestingaverkefnum.
- Þarfagreina og skýra sýn borgarinnar varðandi fjármálataekni og notkun ERP kerfa.
- Efla þjónustu við notendur mannauðs- og fjárhagsupplýsingakerfa.
- Innleiða nýjar áherslur á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og efla fræðslu.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa

Meginhlutverk áætlana- og uppgjörsskrifstofu er vinnsla uppgjöra og gerð fjárhagsáætlunar fyrir A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar með samræmingu fjárhagslegra upplýsinga og skýrslugerðar til stjórnenda og ráða að leiðarljósi. Í því skyni hefur skrifstofan sett sér þau markmið að endurbæta grunnupplýsingakerfi borgarinnar vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum og reglubundnum uppgjörum og bæta með þeim hætti aðgengi að upplýsingum, auka gagnsæi og rekjanleika.

Innleiðing á Unit4 Business Books sem er aðgengilegt upplýsingakerfi til að útfæra áætlunarlíkön fyrir stofnanir og þjónustuþætti hefur gengið hægar en vonir stóðu til og er það markmið skrifstofunnar að í árslok 2021 verði innleiðing á almennu áætlunarlíkani lokið hjá öllum sviðum borgarinnar og í miðlægrri stjórnýslu auk þess sem unnið verði að þróun og innleiðingu sérhæfðra áætlanalíkana þar sem það á við. Þannig hefur verið sett upp líkan fyrir rekstur grunnskóla sem ráðgert er að innleiða á komandi ári. Ný áætlunarkerfi munu til framtíðar hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta stýringu fjárheimilda og greiningar, auka gagnsæi og aðgengi að gögnum. Vonir eru bundnar við að með uppfærslu Unit4 Business World á komandi ári verði unnt að stíga næsta skref í þróun skýrslugerðar og sækja upplýsingar beint í kerfið hvort heldur fyrir tölulega eða myndræna framsetningu gagna.

Innleitt hefur verið samstæðuuppgjör- og áætlanakerfi Unit4 FPM (Financial Performance Management) og hefur það verið nýtt við uppgjör og gerð áætlana um nokkurt skeið. Áfram verður unnið við að þróa og bæta verkferla þannig að uppgjörskerfið nýtist sem best. Markmiðið er að tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör og áætlunar auk skilvirks flæðis milli borgarinnar og B-hluta fyrirtækja. Innleiðingin er hluti af heildstæðri endurskipulagningu á fjárhagsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af breyttum þörfum almennt, nýjum áherslum varðandi meðhöndlun gagna og auknum kröfum á sviði upplýsingamiðlunar.

Skrifstofa áhættustýringar

Markmið skrifstofu áhættustýringar er styðja við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, að styrkja grundvöll ákvarðanatöku innan borgarinnar og tryggja að settum lögum og reglum sé fylgt í starfseminni. Markmið og hlutverk skrifstofunnar er jafnframt að vakta fjárhagslegar áhættur, upplýsa og vara við óhagstæðri þróun á sviði efnahagsmála og áhrifa á rekstur borgarinnar.

Áhersla er á að hefja innleiðingu áhættustjórnunar inn á valin svið og starfseiningar borgarinnar. Þannig verða markmið sviða og starfseininga borgarinnar skilgreind og áhættumetin, og er það gert m.a. með því að kortleggja meginferla borgarinnar. Markmiðin verða skráð í markmiðaskrá, sem skrifstofa áhættustýringar heldur utan um, þeim raðað eftir mikilvægi og þau loks áhættumetin. Tilgangur áhættumatsins er að varpa ljósi á þær innri og ytri áhættur sem raunverulega geta komið í veg fyrir að mikilvæg markmið borgarinnar og sviða hennar náist. Í kjölfarið verður innra eftirlit með áhættum borgarinnar mótað sem verður sérsniðið að áhættulandslagi hvers sviðs borgarinnar. Tölfræðiyfirlit, áhættuvísar og upplýsingar um tímaviðkvæm verkefni tengd áhættustjórnun munu birtast viðeigandi stjórnendum á lifandi mælaborði sem skrifstofa áhættustýringar er með í þróun.

Einnig verður lögð áhersla á koma á fót áhættugrunni fyrir verkefni borgarinnar en þar skal haldið utan um helstu áhættuþætti hvers verkefnis, þá tjónaáhættu sem áhættunum fylgir, ásamt sérstöku utanumhaldi í kringum þá atburði sem haft hafa neikvæð áhrif á verkefni borgarinnar. Samhliða verður þróuð aðferðafræði sem hjálpar til við forgangsriðun verkefna út frá samfélagslegum ábata og áhættulandslagi verkefna.

Ennfremur verður áhersla lögð á innleiðingu miðlægs atvikaskráningarkerfis fyrir borgina, en atvik eru rekstraráhættur borgarinnar sem hafa raungerst. Með því að orsakagreina atvik verður í mörgum tilfellum hægt að koma í veg fyrir að samskonar atvik eigi sér stað ítrekað, og draga þannig úr fjárhagslegum kostnaði og orðsporstjóni borgarinnar.

Bókhaldsskrifstofa

Markmið bókhaldsskrifstofu er að tryggja faglega, örugga, skjóta, áreiðanlega og vandvirka bókun reikninga í fjárhagsupplýsingarkerfi Reykjavíkurborgar og tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjors og áætlunar. Áhersla er á rafræna ferla og sem bestri nýtingu upplýsingatækni. Unnið er að upptöku á nýjum samevrópskum staðli EN 16931 um rafræn viðskiptaskeyti.

Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af farsælli innleiðingu rafrænna reikninga hjá Reykjavíkurborg. Í dag eru hátt í 70% reikninga rafrænir og unnið er að enn frekari móttöku rafrænna reikninga með birgjum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Unnið er að upptöku á nýjum samevrópskum staðli fyrir rafræna reikninga í samstarfi við valin sveitarfélög og opinber fyrirtæki, með styrk frá Evrópusambandinu. Í kjölfarið verður unnt að ná fram enn meiri sjálfvirkni í bókun reikninga. Áfram verður unnið að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Fyrirhuguð er áframhaldandi vinna við endurskoðun bókhaldslíkans Reykjavíkurborgar með það að markmiði að nýta enn betur fjárhagsupplýsingakerfið Unit4 Business World (Agresso) og einfalda enn frekar verklag og vinnubrögð. Áframhaldandi vinna verður unnin á grundvelli meistararitgerðarinnar „Endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar“ sem unnin var af Lúðvík Vilhelmssyni í samráði við stjórnendur Fjármála- og áhættustýringarsviðs. Markmiðið með þessari vinnu er einnig að einfalda og samræma uppsetningu og notkun fjárhagslíkansins, skerpa á ábyrgð og bæta upplýsingagjöf. Fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar Agresso var uppfært á árinu 2020. Í framhaldi af þeirri uppfærslu er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar með öðrum skrifstofum FÁST.

Launaskrifstofa

Markmið launaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsmönnum borgarinnar skilvirka og áreiðanlega þjónustu vegna afgreiðslu launa og greiða rétt laun á réttum tíma.

Lögð verður áhersla á að halda áfram að rafvæða ferla launaskrifstofu. Rafrænar undirskriftir eru á byrjunarstigi og áhersla verður lögð á að með þeim verði launasetning hraðari og skilvirkari þar sem ráðningarsamningar berast fyrir. Nýtt starfsvottorðakerfi verður tekið í notkun um áramót og eykur á þjónustu við núverandi og fyrirverandi starfsmenn borgarinnar. Til að halda betur utan um þá þjónustu og auka skilvirkni hennar þá verður lögð áhersla á að setja upp beiðnakerfi á launaskrifstofu. Í skoðun er að tengja beiðnakerfið við gátt fyrir innri og ytri aðila til að kalla eftir gögnum. Með því er hægt að auka bæði aðgengi að upplýsingum og auka netöryggi gagna.

Áhersla verður lögð á að gæðahandbók launaskrifstofu verði uppfærð. Með því verður verður verklag og vinnuferli launavinnslu skilvirkara og samræmt. Launaskrifstofa leggur áherslu á að allir starfsmenn borgarinnar geti treyst á sambærilega vinnslu sinna mála og að jafnræði verði tryggt eftir þeim ramma sem kjarasamningar setja. Einnig verður lögð áhersla á að fjölga þeim mælikvörðum sem launaskrifstofa notar til að fylgja eftir innri gæðauttektum. Þannig er hægt að bæta ferla og auka samhæfingu.

Innkaupaskrifstofa

Markmið innkaupaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsfólki faglega ráðgjöf og aðhald á sviði innkaupa og hafa eftirlit með að farið sé að lögum um opinber innkaup og nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Áhersla verður lögð á nýtingu upplýsingatækni sem skilar aukinni skilvirkni í vinnubrögðum vegna útboðsmála og bættri þjónustu við starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Bakgrunnur stjórnenda og starfsmanna sem fara með innkaup fyrir hönd borgarinnar er mismunandi en allir þurfa að vinna innan ramma laga og reglna sem opinberum innkaupum eru sett. Stefnt er að aukinni fræðslu fyrir viðkomandi hóp og hefur innkaupaskrifstofa sett í gang sérsniðna fræðslu þar sem ákveðnir þættir eru teknir til umfjöllunar og úrlausnar. Gefið hefur góða raun að halda þessa fundi sem fjarfundi og þeir auglýstir á Workplace fyrir áhugasama og þátttakendur sem tekið hafa þátt verið virkir. Innkaupaskrifstofa hefur uppfært stöðluð útboðsgögn fyrir vöru- og þjónustukaup auk sniðmáts fyrir verðfyrirspurnir með ítarlegum leiðbeiningum en í vinnslu eru stöðluð sniðmát fyrir útboð á framkvæmdum í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið. Verið er að vinna að myndrænni framsetningu á innri vef borgarinnar með leiðbeiningum varðandi heildar útboðsferli, frá því að ákvörðun er tekin um að fara í tiltekin innkaup og þar til samningur er kominn á. Myndræn framsetning mun innihalda m.a. leiðbeiningar varðandi undirbúning innkaupa, gerð útboðsgagna, ásamt framkvæmd og úrvinnslu útboða. Markmið verkefnisins er að gefa kaupendum einfalda og skýra mynd af útboðsferli hvar ábyrgðin liggur og hlutverkaskipting. Ávinningur þess er að auka gæði útboðsgagna, styrkja fagleg vinnubrögð og auka skilvirkni í útboðsmálum.

Innkaupaskrifstofa vill stuðla að aukinni notkun upplýsingatækni í verk- og þjónustuferlum sem tengjast útboðs- og innkaupaferlum m.a. með rafrænu útboðskerfi og bæta m.a. með þeim hætti samningastjórnun borgarinnar. Einn af möguleikum útboðskerfis gefur færi á svokölluðu „gagnvirknu innkaupakerfi“ en það er eins konar opinn rafrænn rammasamningur en þess háttar samninga má aðeins gera ef til staðar er rafrænt útboðskerfi. Opnir rafrænir rammasamningar hafa verið nýttir víðs vegar í Evrópu og þá sérstaklega við hin ýmsu þjónustukaup en samningarnir hafa þann kost umfram hefðbundna rammasamninga að þeir eru aðgengilegir áhugasömum aðilum á gildistíma samningsins. Tvö gagnvirk innkaupakerfi eru í gildi en í undirbúningi eru tveir nýir samningar um þjónustu.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Markmið skrifstofunnar er að samræma og bæta þjónustu við innri og ytri viðskiptavinum skrifstofunnar með því að samræma verkferla og auka öryggi í vinnslu upplýsinga. Þannig verður betur hægt að veita örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu auk þess sem aðgengi að upplýsingum verður tryggara.

Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs auk þess að lágmarka lántökukostnað og hámarka ávöxtun á laust fé. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur. Á undanförunum árum hefur fjárstýringardeild farið í útboð á þjónustubáttum sem tengjast innheimtu borgarinnar s.s. fruminnheimtu, milli- og löginheimtu og stefnt er að því að fara í útboð á færsluhirðingu og boðgreiðsluþjónustu. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf til borgarbúa og borgarsjóðs. Stefnt er að því að sameina alla innheimtu borgarinnar með það að markmiði að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2021.

Eignaskrifstofa

Eignaskrifstofa fer með eigendafyrirsvar fyrir hönd Eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 300 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar. Einnig fer skrifstofan með lönd, lóðir, samgöngumannvirki og aðrar fasteignir.

Markmið skrifstofunnar er vönduð eignaumsýsla í nánú samstarfi við stofnanir og aðra sem málið varðar, með hag borgarbúa að leiðarljósi.

Áhersla verður lögð á að þróa utanumhald, framsetningu og skýrslugjöf vegna fjárfestinga og fjárfestingaráætlunar í samvinnu við önnur svið Reykjavíkurborgar. Auk þess yfirfara verklag og ferla vegna eftirlits með fjárfestingaverkefnum, þróa mælikvarða vegna rekstrar og framsetningu þeirra.

Þá er mikilvægt að þróa og rafvæða utanumhald um tilkynningar, meðhöndlun og afgreiðslu tjónamála.

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að ganga frá nýjum þjónustusamningi við umhverfis- og skipulagssvið.

Skrifstofa sviðsstjóra

Markmið skrifstofunnar er að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnsýslu við afgreiðslu erinda, rekstur og þjónustu sviðsins bæði innan þess og utan.

Stuðningur sviðsins við yfirstjórn borgarinnar á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu og fjárhagsáætlun er eitt megin verkefni sviðsins. Eitt helsta verkefni sviðsins á komandi ári og næstu árum verður að takast á við áskoranir í fjárhagsumhverfi borgarinnar, þ.e. lækkun tekna og hækkun útgjalda í kjölfar efnahagslegra áhrifa af Covid-19 heimsfaraldrinum. Fyrir liggur gjörbreytt umhverfi, þar sem fjárförf er að aukast og eftirfylgni með aðgerðaráætlun borgarinnar vegna fimm ára áætlunar verður meginverkefnið. Gert er ráð fyrir að Fjármála- og áhættustýringarsvið gegni lykilhlutverki í mótun aðgerða og úrvinnslu þeirra á næstu misserum.

Á skrifstofu sviðsstjóra hefur verið komið á fót öflugtu teymi á sviði fjármálataekni þar sem áhersla er lögð lögð á að byggja upp fjármála- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar með heildstæða yfirsýn að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að ná utan um þarfir stjórnenda, starfsmanna og sérfræðinga vegna fjármála- og mannauðsupplýsingakerfa og skýra framtíðarsýn borgarinnar varðandi kerfislegt utanumhald og notkun. Agresso-teymi, ML-teymi (mannauðs- og launakerfi) og tölfraði- og greiningarteymi mynda nú upplýsinga- og gagnadeild (UGD) á skrifstofu sviðsstjóra. Deildin þjónustar skrifstofur sviðsins og notendur fjárhags- og mannauðskerfa ásamt því að halda utan um og stuðla að framþróun á sviði fjármálataekni. Áfram verður unnið með þau fjölmörgu þróunarverkefni sem snúa að innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og/eða þróunar á núverandi hugbúnaði sviðsins. UGD veitir öflugan stuðning við þessi verkefni og hefur yfirsýn yfir þau fjölbreytilegu upplýsingatækniverkefni sem undir sviðið heyrir.

Áfram verður lögð áhersla á þróun mælikvarða og miðlun stefnu og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Í framhaldi af innleiðingu ISO 37120 staðalsins um sjálfbærni borga á árinu 2020 verður unnið að innleiðingu snjallstaðalsins ISO 37122 og ISO 37123 staðalsins um þanþol (e. resilience) borga, en þeir eru hluti af staðlafjölskyldu ISO 37120. Einnig verður unnið að auknum aðgangi starfsstöðva að losunarbókhaldi og þróun á heildstæðum ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur fengið það hlutverk að halda utan um styrkveitingar Reykjavíkurborgar með miðlægum hætti. Í undirbúningi er rafvæðing styrkjaferla.

Sem fyrr verður lögð áhersla á að samræma og tryggja aðgengilega framsetningu á fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnagreiningum.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁETLUN

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti þeim mismunandi þörfum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Þar af leiðandi er verkefninu stýrt í mikilli samvinnu fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Eitt helsta tæki í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Á árinu 2018 var tekin í notkun jafnréttisskimun sem tekur saman áhrif tillagna á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa með einföldum hætti. Jafnréttisskimuninni er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangs röðun og ráðstöfun fjármuna og miðað er við að verkefni sem fá áframhaldandi brautargengi fari í jafnréttismat sem er ítarlegri greining. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulagsvinnu.

Á árinu 2021 mun eftirfylgni með skilvirkni jafnréttisskimana og notkun jafnréttismats verða skerpt við heildarendurskoðun á ferlinu. Stefnt er að því að allar breytingar á samþykktri áætlun 2021 verði jafnréttisskimaðar auk þess sem öll ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings á fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun 2022 hljóti jafnréttisskimun.

Skipaður er pólitískur stýrihópur sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Starfræktir eru einnig starfshópar á fag- og kjarnasviðum sem vinna að því að greina þjónustu borgarinnar út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi. Starfshóparnir hafa einnig það hlutverk að fylgja eftir vinnslu jafnréttisskimana og jafnréttismats á sínu sviði.

Árið 2020 var stofnaður starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á Fjármála- og áhættustýringarsviði. Sá hópur mun árið 2021 klára að greina nýtingu fjármuna til þeirra verkefna borgarinnar sem sérstaklega er beint að innflytjendum, í samræmi við aðgerðir í samþykktri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðalega vernd.

Haldið verður áfram öflugu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi hefur borgin verið í góðu samstarfi við Háskóla Íslands um greiningar á verkefnum og mun það samstarf halda áfram. Önnur sveitarfélög á landinu eru að taka Reykjavíkurborg til fyrirmyndar þegar kemur að vinnu við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2016	2017	2018	2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Reikningar frá birgjum alls	246.560	249.489	260.025	260.000	260.780	267.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	147.201	151.106	159.645	162.000	163.775	173.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	60%	61%	62%	65%	63%	68%
Hlutfall rafrænna reikninga með innreikn.	62%	63%	63%	65%	65%	70%
Fjöldi uppgjóra (A, A+B, AS, ES, Aflvaki, Þjóðarleikvangur)	49	45	42	42	42	42




ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttar- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir

SKIPURIT



HLUTVERK

- Rekstur sundlauga, íþróttamannvirkja, Ylstrandar/Siglunes, skíðasvæða, Hins Hússins og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþróttar- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar á sviði íþróttar- og tómstundamála.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi Íþróttar- og tómstundasviðs (ÍTR) sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að þróast í starfi.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021


	Raun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	1.884.403	1.685.891	1.679.205
Tekjur samtals	1.884.403	1.685.891	1.679.205
Laun og launatengd gjöld	2.530.659	2.867.270	2.992.333
Annar kostnaður	7.653.736	7.867.373	8.009.932
Rekstrargjöld samtals	10.184.395	10.734.643	11.002.265
Rekstrarniðurstaða	8.299.992	9.048.752	9.323.060

STARFSFÓLK


	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	574	571	571
Fjöldi stöðugilda	277	273	273
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Skrifstofa ÍTR	9	9	9
Atvinnumál skólafólks	30	30	30
Hitt Húsið	20	21	21
Frístundastarf fatlaðra	32	31	31
Sundlaugar	131	130	130
Nauthólsvík	7	5	5
Íþróttahús KHÍ	2	2	2
Skíðasvæði	14	13	13
Fjölskyldu- og húsdýragarður	32	32	32

SKIPULAG REKSTRAR 2021

Skipting rekstrarramma:



Skipting rekstrarkostnaðar:



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 gera ráð fyrir hækkun á neysluvísitölu um 2,4%. Gjaldskrár ÍTR hækka almennt um 2,4% á milli ára. Annar rekstrarkostnaður er almennt ekki verðbættur, þó eru samningar verðbættir.

Hagræðingarkrafa var gerð á sviðið sem nemur 1 % rekstrarkostnaðar að undanskilinni innri leigu og var því hagræðingarkrafa á ÍTR 72,2 m.kr. Auk þess er annar rekstrarkostnaður ekki verðbættur og þar með talið heitt vatn og rafmagn sem er um 3% af útgjöldum sviðsins jafngildir það viðbótarhagræðingu upp á 35,3 m.kr. Þannig er ekki hægt að taka flata hagræðingu á sviðið vegna þess að ekki er mögulegt að hagræða í samningi við Egilshöll, Frístundakorti, og öðrum föstum samningum sem eru tæpir 2 milljarðar. Hagráðingin mun því einungis ná til sundlauga, styrkja og ylstrandar.

Töluverðar launahækkunar eru í fjárhagsáætlun 2021 þar sem bæting verður fyrir launahækkunar árin 2019, 2020 og 2021 inn í ramma.

Helstu breytingar á rekstri árið 2021 er sundlaug í Úlfarsárdal sem verður tekin í notkun á árinu 2021.

Á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins er fyrirhuguð uppbygging samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna frá 2018 um uppbyggingu í Bláfjöllum og Skálafelli. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn muni verða á árunum 2020-2025. Þá verða byggðar upp skíðalyftur ásamt snjóframleiðslu. Þær framkvæmdir hafa áhrif á rekstrarkostnað næstu ára.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþróttar- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþróttar- og sýningarhöllinni og Íþróttahúsi í Norðlingaholti og er kostnaður vegna þessara mannvirkja um 9,6% af útgjöldum Íþróttar- og tómstundarsviðs. Kostnaður vegna innri leigu er 29,5% af heildarútgjöldum, greiðslur styrkja til Íþróttafélaga og annarra eru um 18,2% af útgjöldum og launakostnaður sviðsins er um 27,2%. Annar rekstrarkostnaður er 6% af útgjöldum og orkukostnaður er um 2,8% af útgjöldum.


Sundlaugar

ÍTR rekur sjö sundlaugar, þær hafa fjölbættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Sundkennsla skóla og sundæfingar og keppni félaganna er stór þáttur í starfi sundlauganna. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind, ásamt því að þjóna sundkennslu, æfingum og keppni. Heildaraðsókn árið 2019 var 2,3 milljónir gesta og áætluð aðsókn fyrir árið 2020 er 1.8 milljónir gesta. Covid-19 hefur haft mjög mikil áhrif á tekjur sundlauganna á árinu 2020 og mun hafa áhrif inn á árið 2021. Öllum sundlaugum var lokað 24. mars. Þá voru tvær vikur þar á undan með takmörkun við 100 manna samkomubann og hafði það töluverð áhrif á reksturinn. Eftir 15. júní voru ekki lengur takmarkanir á fjölda gesta sundlauga. Takmarkanir í sundlaugar hófust síðan aftur þann 31. júlí með 50% aðsókn miðað við leyfilegan fjölda í hverja sundlaug. Þann 14. ágúst var það hækkað upp í 75% af leyfilegum fjölda í hverri sundlaug. Þann 5. október var svo öllum sundlaugunum lokað aftur.

Nú standa yfir framkvæmdir við sundlaugina í Úlfarsárdal og áætlað er að fyrsti áfangi, sem er innilaug til kennslu og æfinga verði tekin í notkun haustið 2021. Áætlað er að seinni áfanginn, útilaug og útsvæði með pottum og rennibraut verði tekin í notkun um áramótin 2021 og 2022. Fjárhagsáætlun vegna sundlauganna fyrir árið 2021 er 2.118 m.kr. Mikil úttekt hefur farið fram á ýmsum búnaði varðandi stýrikerfi og fleira í sundlaugunum og stöðugt unnið að endurbótum sem munu halda áfram næstu árin ef nægjanlegt fjármagn fæst. Hafin er innleiðing á tækjum til klórgerðar og mun sú vinna halda áfram og er mikilvægur þáttur í rekstri þegar horft er til umhverfissjónarmiða og lækkunar rekstrarkostnaðar og fellur vel undir græn verkefni. Nýtt afgreiðslu- og kortakerfi var tekið í notkun í öllum laugunum haustið

2019 og með því hefur útgáfa á kortum til viðskiptavina verið mun skilvirkari. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka aðgengi í sundlaugarnar með sérklefum og skapað þannig góða aðstöðu fyrir þá sem kjósa að nota sérklefa. Vinna við slíkan klefa stendur yfir í Vesturbæjarlaug og þegar þeirri vinnu er lokið eru allar laugar ÍTR komnar með sérklefa aðstöðu.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig aðsóknin skiptist á milli sundlauga í Reykjavík miðað við aðsókn 2020.



Sundhöllin nýtur áfram mikilla vinsælda bæði meðal borgarbúa og erlendra ferðamanna og greinilegt að gestir kunna vel að meta þær breytingar sem gerðar voru á mannvirkinu árið 2017. Gamli hluti laugarinnar sem er 83 ára gamall hefur yfir sér mikinn sjarma og vinsæll tókustaður fyrir auglýsingar og kvikmyndir. Áfram er unnið að endurbótum á baðklefum kvenna í gamla húsnæðinu. Til stendur að hefja endurbætur á gamla sundlaugarmannvirkinu sem tekið var í notkun árið 1937.

Laugardalslaug hefur í gegnum árin tekið á móti flestum gestum og hefur ekki orðið breytinga þar á þó þeim hafi fækkað síðustu ár og gestum í Sundhöll fjölgaði á móti. Undirbúningur er hafin á viðamiklum framkvæmdum við Laugardalslaug og munu þær framkvæmdir standa yfir í nokkur ár. Farið verður m.a. í viðgerðir á bakka, stúku, laugarker útilaugar lagað og eftirlitsturn endurnýjaður. Þá verður einnig ráðist í viðamiklar framkvæmdir á stjórníbúnaði í kjallara laugarinnar sem kominn mjög til ára sinna og nauðsynlegt að endurnýja til að viðhalda gæðum og öryggi vatns.

Vesturbæjarlaug sem tekin var í notkun árið 1961 hefur ávallt notið vinsælda og ekki síst undanfarin ár meðal ferðamanna. Laugin fær mikla og góða umfjöllun í erlendum tímaritum. Verið er að leggja lokahönd á sérklefa sem mun nýfast hreyfihömluðum og öðrum sem nýta sérklefa. Endurbætur hafa verið gerðar á eimbaði á laugarsvæði auk þess sem vinna við endurnýjun á flísum frá inniklefum að laug standa yfir.

Grafarvogslaug hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu árum og sérstaklega útisvæði og kunna íbúar hverfisins vel að meta enda aðsókn aukist jafnt og þétt. Ný rennibraut var tekin í notkun árið 2018 og nú hefur ný vaðlaug fyrir yngstu gestina bæst við. Næstu framkvæmdir sem ráðist verður í á útisvæði er infrarauð sauna og er undirbúningur hafinn. Loftræsting fyrir búningssklefa og innilaug hefur verið endurnýjuð.

Árbæjarlaug hefur verið að auka aðsókn nokkuð stöðug á milli ára. Á lóð laugarinnar er strandblakvöllur og hefur aðgengi að honum verið bætt til muna. Breytingar hafa verið gerðar á sérklefa, hann færður og aðstaða lagfærð. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er til fyrirmyndar í lauginni, lyfta góð og hægt að synda á milli inni og útilaugar. Lagfæringar á stjórnkerfi laugarinnar ásamt klórkerfi er í fullum gangi og í framhaldinu verður hafist handa við undirbúning á klórframleiðslukerfi.

Breiðholtslaug hefur aukið aðsókn gríðarlega s.l. ára enda hafa verið miklar framkvæmdir í lauginni sem hafa verið vel góðar. Aðstaðan sem nú er til staðar rímar vel við heilsueflandi samfélag sem unnið er að í hverfinu. Allir ættu því að finna afþreyingu við hæfi hvort sem hugmyndin er að lyfta lóðum, synda, slaka á eða skemmta sér í vatnsleiktækjum. Laugarker innilaugar sem tekið var í notkun árið 1981 hefur fengið andlitslyftingu og verið klætt að innan en frekari lagfæringar bíða. Úttekt hefur farið fram á

búnaði í kjallara laugarinnar en kominn er tími á endurnýjun á hreinsitækjum. Á útisvæði laugarinnar hafa verið teiknaðir útiklefar og áhaldageymsla ásamt verönd og skýli yfir pall við anddyri og gert ráð fyrir að það séu næstu framkvæmdir sem ráðist verður í við lagina.

Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru haldin íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýr. Einnig er þar rekin skemmtigarður með opnum svæðum ásamt skemmtitækjum.

Auk almennrar starfsemi við dýrahald og skemmtigarð skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árið 2019 heimsóttu um 6.600 leik- og grunnskólanemar skipulögð fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldurstig og bæði kyn í huga. Átak var gert í endurnýjun og nýjungum í tækjum á árunum 2018 og 2019 og fleiri bættust við sumarið 2020 en þá var m.a. endurnýjuð hringekja og nýtt rugguskip sett upp. Unnið verður áfram að undirbúningi uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2019 var um 198 þúsund gestir, þar af um 9 þúsund erlendis gestir. Fjárhagsáætlun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins er 392 m.kr. fyrir árið 2021.

Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, ungmennahúss, er að veita ungu fólki á aldrinum 16–25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfsemi Hins Hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7–9. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefnið felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafabjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2021 nemur 531,7 m.kr. Þar af er frístund fatlaðra 284,7 m.kr. Mörg verkefna Hins Hússins fara fram annars staðar en í Elliðaárdalnum t.d. fara Jafningjafræðarar í framhaldsskólana og í Vinnuskólann til að fræða ungmenni, Músíktílaunir eru haldnar í Hörpu, Unglistin fer m.a. fram í Borgarleikhúsinu, Götuleikhúsið er með aðstöðu í Kvennaskólanum og sýnir listir sínar fyrir almenning á götum úti ásamt Lifthópunum.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins Hússins til lengri eða skemmri tíma m.a. fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur o.fl. Starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta nýtt sér aðstöðu Hins Hússins fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur.

Siglunes

Reykjavíkurborg hefur rekið siglinga- og róðrarstarfsemi fyrir börn og unglinga síðan 1967. Í Siglunesi læra börn og unglingar grunnatriði siglinga og róðurs og takast á við fjölbreyttar áskoranir í öruggu umhverfi með leikgleði, fræðslu og ævintýramennsku í fyrirrúmi. Siglt er á stórum og smáum seglbátum og róðið á kajökum og árabátum. Siglinga- og róðranámskeið í Siglunesi fyrir börn á aldrinum 9–12 ára eru mjög vinsæl og seljast því öll námskeiðspláss upp á hverju ári. Einnig er mikil aðsókn í Vatnasportklúbbinn sem er klúbbur fyrir 10–16 ára. Aðstaðan í Siglunesi er fullnýtt yfir sumartímann. Húsnæði siglingaklúbbsins er orðið úr sér gengið og uppfyllir engan vegin þær kröfur sem gerðar eru í dag til slíks húsnæðis. Húsnæði Sigluness er komið til ára sinna og þarfnast töluverða endurbóta. Fjárhagsáætlun Sigluness 2021 er 18,2 m.kr.

Ylströndin

Ylströndin hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Ylströndin er með heitum pottum, manngerðu sjávarlóni og þjónustubyggingu opnaði sumarið 2001 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Haustið 2006 hófust vetrarsjóbböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík. Ylströndin nýtur sífellt meiri vinsælda, jafnt sumar sem vetur bæði hjá börnum og fullorðnum. Sjóundsíðkendur á Ylströndinni eru margir og fer fjölgandi, bæði sumar og vetur. Mikil aukning hefur verið í „upplifunarheimsóknum“ á ströndina, enda mikil upplifun að synda í köldum sjónum og fara svo í heitan pott og eimbað. Fjöldi fólks kemur í heimsókn í Nauthólsvíkina á hverju ári til að sjá fólk synda í sjónum og njóta náttúrufegurðarinnar.

Þjónustutími yfir sumarmánuðina er kl. 10:00-19:00. Breyting var gerð haustið 2019 á vetrar þjónustutímanum og er nú opið mánudaga til fimmtudaga kl. 11:00-19:00 og á laugardögum kl. 11:00-16:00. Vegna mikillar aðsóknar þyrfti að bæta við heitum potti, bæta aðstöðu fyrir gesti innan- og utandyra og bæta salernisaðstöðu á svæðinu. Engin salernisaðstaða er á svæðinu þegar lokað er á Ylströndinni og huga þarf að úrbótum á því. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2021 er 92 m.kr.

Upplýsinga- og kynningarmál

Upplýsinga- og kynningarmál eru í stöðugri þróun hjá ÍTR. Sótt var um fjármagn til endurnýjunar á frístundavef (fristund.is) árið 2020 sem ekki fékkst en vonir standa til að fjármagn fáið árið 2021. Í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið er unnið við að bæta aðgengi að upplýsingum í gegnum heimasíður. Áætlað var að halda vinnustofu sem frestaðist vegna Covid-19 og verður líklega ekki gert fyrr en á árinu 2021. Allir starfsstaðir ÍTR eru nú virkir á samfélagsmiðlum, flestir eingöngu á Facebook en einhverjir nota einnig aðra miðla. Uppfærsla á mannvirkjakerfi ÍTR og ÍBR var gerð á árinu 2020 og vefhluti kerfisins var uppfærður árið 2019. Innleiðing á afgreiðslu- og aðgangsstýringakerfi hélt áfram á árinu 2020. Klébergslaug og Fjölskyldu- og húsdýragarður og Ylströnd komu inn í kerfið árið 2020.

Frístundakortið

Undirbúningur innleiðingar á nýju kerfi til að halda utan um úthlutun styrkja hófst haustið 2020 og verður kerfið tekið í notkun 1. janúar 2021. Aukinn sveigjanleiki fæst með nýju kerfi sem felst m.a. í því að lögheimilisforeldrar geta nú veitt öðrum aðilum umboð til ráðstöfunar styrkja með rafrænum hætti. Þegar nýtt kerfi fer í notkun verða 3 félagakerfi sem tengjast því beint. Fjöldi félaga með samning helst óbreyttur á milli ára og lítil breyting var á árinu 2020. Dreifing ráðstöfunar styrkja með nokkuð öðrum hætti en hefur verið undanfarin ár. Ráðstöfun féll nánast niður þegar fyrri bylgja Covid-19 faraldursins gekk yfir í vor, jókst svo aftur og gera má ráð fyrir að ráðstöfun styrkja árið 2020 verði í samræmi við áætlun. Verkefni á árinu 2021 verður m.a. tenging nýs kerfis við núverandi Qlik app. Starfshópur um endurskoðun reglna um Frístundakortið lauk störfum í október 2020.

Skíðasvæði

Aðsókn í Bláfjöll veturinn 2019-2020 var 70.882 gestir í lyftur og almennir opnunardagar voru 51. Í Skálafelli var opið í 10 daga og komu 8.594 gestir í lyftur. Góð aðsókn var í fjallið í vetur og ef ekki hefði verið fyrir Covid-19 faraldurinn hefði þessi vetur að öllum líkindum slegið aðsóknarmet. Lokað var fyrir páska en sú vika er alla jafna stærsta vika vetrarins. Göngubraut var haldið út daglega fram í maí og var góð aðsókn í hana. Haldið var áfram með fjölskylduafslátt af vetrarkortum sem fóru í sölu í nóvember. Í undirbúningi er uppbygging á skíðasvæðunum samkvæmt samkomulagi sem undirritað var af fulltrúum eigenda svæðanna í maí 2018. Árið 2020 voru helstu verkefni tengd framkvæmdum: Lokið við stækkun

vélaskemmu í Bláfjöllum, gerð snjógirðinga m.a. á göngusvæði og landmótun. Jafnframt fóru 2 stórir áfangar í uppbyggingunni í útboð en það voru a) tveir áfangar í snjóframleiðslu og b) tvær nýjar stólalýftur. Útboð verða opnuð fimmtudaginn 8. október.

Íþróttafélög og ÍBR – styrkir

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR í mars 2020 sem gildir til ársloka 2022.

Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.675 m.kr. En kostnaður ÍTR er vegna afnota félaganna af Egilshöll, Laugardalsvelli, Íþrótt- og sýningarhöllinni, Íþróttahúsi í Norðlingaholti, Íþróttasvæði í Úlfarsárdal, Skautahöllinni í Laugardal, Reiðhöllinni í Víðidal, Hjólabrettahúsi í Dugguvogi, gervigrasvöllum borgarinnar, Íþróttahúsið Austurbergi, Íþróttahús Grafarvogi, Íþróttahús í Seljahverfi, Íþróttahúsi KHÍ Laugaból og íþróttamiðstöðina í Fellahverfi. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Menningar íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórn og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi ár. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar. ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsroðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 57 m.kr.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Áhersla er hjá ÍTR að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrenni nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustubátta með aðferðafræði kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktílaunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2020. Á sviðinu hefur verið gert jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Starfsmannamál *						
Fjöldi starfsmanna	916	967	1023	980	1053	1053
Meðalfjöldi starfsmanna á mánuði	462	462	507	508	520	520
Fjöldi stöðugilda ÍTR	265	275	275	277	273	273
Fjöldi ársverka	249	254	257	255	264	264
Fjöldi ársverka, karlar / konur	110/139	129/146*	120/136	118/137	126/147	126/147
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	19	19	20	22	22	22
Vinnuframlag	302	308	316	327	336	336
Fjöldi yfirvinnustunda	109.555	112.803	122.067	149.448	148.464	148.464
Fjöldi vinnustunda með vaktalag	121.728	113.472	122.796	120.264	129.588	129.588
Eknir km. á ári skv. samningum	10.000	10.000	10.000	7.500	8.000	8.000
Aðsóknartölur						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.866	2.057	2.210	2.302	2.250	2.250
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	174	168	161	199	140	170
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	112	112	118	133	150	150
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	8.638	7.356	6.434	5.994	7.000	7.000
Frístundakortið - ráðstöfun						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	82%	83%	83%	81%	83%	83%
Stelpur/Strákar	82%/81%	83%/82%	83%/82%	81%/81%	83%/83%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	94%	96%	96%	92%	95%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	89%	0,88	90%	88%	93%	93%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	80%	80%	78%	78%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	53%	60%	62%	61%	59%	59%
Frístundakortið - skráning í starfsemi						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	81%	0,84	84%	82%	83%	83%
Stelpur/Strákar	83%/81%	84%/83%	84%/83%	82%/82%	83%/83%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	95%	96%	96%	94%	95%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	89%	87%	89%	88%	94%	94%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	80%	81%	81%	79%	79%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	53%	58%	60%	62%	59%	59%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	219	187	187	192	193	193
Frístundakorti ráðstafað til íþróttfélaga	65%	62%	62%	58%	58%	58%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	22%	21%	21%	21%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	1%	0,01%	0,00%	1%	1%	1%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	13%	17,00%	17%	22%	22%	22%

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.


	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Styrkir til félaga (í þús. kr.)						
Rekstrarstyrkir	312.653	316.907	336.853	360.319	380.833	389.450
Húsaleigustyrkir	662.223	667.862	671.981	726.756	748.769	765.719
Greiðsla vegna mannvirkja	979.405	1.002.059	1.052.119	1.068.630	1.159.433	1.184.764
Aðrir styrkir	107.936	110.652	111.594	131.888	174.996	197.177
Byggingastyrkir	52.500	96.096	124.594	57.748	60.000	45.000
Styrkir ráðsins	35.000	19.620	18.620	25.638	19.000	14.000
Hitt Húsið						
Gestir Hins Hússins			34.963	26.410	30.000	35.000
Netheimsóknir Hins hússins			329.280	556.924	570.000	580.000
Húsnæði og vellir						
Fermetrar í leigu hjá öðrum	36.878	36.878	36.878	38.814	38.814	38.814
Fjöldi fermetra á grasvöllum	280.000	280.000	280.000	263.800	238.000	238.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	73.557	73.557	73.557	89.757	97.200	97.200
Rekstrartölur						
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.850	1.880	1.880	1.920	1.955	1.970
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	820	830	830	850	860	860
Raforkunotkun í þús. kílówattstunda alls ÍTR	6.150	6.200	6.230	6.280	6.330	6.330
Innríleiga	2.466.971	2.547.765	2.564.867	2.878.256	3.168.529	3.243.485

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Mannauður						
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	75%	78%	78%	82%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	84%	88%	86%	86%	88%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	83%	86%	85%	90%	92%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	81%	81%	82%*	86%*	88%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	78%	76%	77%	82%	85%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	85%	85%	85%	88%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	80%	79%	79%	83%	85%



MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

SKIPURIT



HLUTVERK

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirsvar gagnvart viðsejendum og aðilum vinnumarkaðar. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu, tryggir samræmi í framkvæmd, annast gerð kjarasamninga og veitir stjórnendum ráðgjöf. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi. Sviðið leggur ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika. Sýn sviðsins er að byggja upp öflugan mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Einnig að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til að mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	44.114	38.500	44.146
Tekjur samtals	44.114	38.500	44.146
Laun og launatengd gjöld	205.799	280.526	280.892
Annar kostnaður	63.223	67.548	69.732
Rekstrargjöld samtals	269.022	348.074	350.624
Rekstrarniðurstaða	224.908	309.574	306.478


STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	12	19	19
Fjöldi stöðugilda	12	19	19
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis		3	3
Skrifstofa ráðninga og mönnunar		3	3
Skrifstofa kjaramála		4	4
Verkefnastofa starfsmats		4	4
Skrifstofa sviðsstjóra		5	5

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs- og starfsumhverfissvið er áætlaður 306 m.kr. árið 2021. Endurskoðuð áætlun 2020 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 309 m.kr. þannig að fjárheimildir lækka um 3 m.kr.

Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar og innleiðing jafnlaunastaðals.

Helstu breytingar fyrir utan þekktar kjarasamningsbundnar launahækkanir eru eftirfarandi:

- Sviðið fær aukið fjármagn vegna Afleysingastofu (11,7 m.kr.).

MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið og hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2021 taka mið af leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur

Þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2021 verður áhersla lögð á innleiðingu styttingu vinnuvikunnar sem samið var um í kjarasamningum 2020 og þróun markvissra vinnumarkaðsúrræða til að sporna við atvinnuleysi í kjölfar Covid-19, innleiðingu á nýju fræðslukerfi og nýju ráðningarkerfi. Áfram verður unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis, mannauðsstefnu og stefnu borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, umbóta á sviði vinnuverndar og öryggismála, veita aukin stuðning við starfsfólk af erlendum uppruna og stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð áhersla á innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag. Áhersla verður lögð á að vinna þessi verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.



Reykjavíkurborg er vinnustaður með **aðdráttarafi fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa.**

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar á sviði mannauðsmála fram til ársins 2025 í mannauðsstefnu 2018-2025.

Skrifstofa sviðsstjóra

Lögð er áhersla á áframhaldandi markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku og framsækni og snöggum viðbrögðum þegar aðstæður kalla á. Á sama tíma verður unnið að því að undirbúa starfsumhverfi borgarinnar fyrir þá öru tækniþróun sem hafin er og þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og tækni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Þá verður Reykjavíkurborg leiðandi í vinnumarkaðsúrræðum til að sporna við stóráuknu atvinnuleysi í kjölfar Covid-19. Samið var um styttingu vinnuvikunnar og betri vinnutíma í nýjum kjarasamningum og á árinu 2021 verður unnið að því að ná fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og starfsemi af enn betri nýtingu vinnutímans og breytingum á vinnustaðamenningu. Rík áhersla verður áfram á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu. Lögð verður áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum og markvisst unnið áfram að gerð gæðahandbókar sem geymir það efni. Áfram verður unnið gegn kynbundnum launamun á árinu 2021 og unnið að enn frekari innleiðingu jafnlaunakerfis og umbótum í samræmi við jafnlaunastaðal.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Lögð verður áhersla á aðgerðir sem stuðla að öruggu umhverfi, vellíðan og góðri heilsu starfsfólks. Sérstök áhersla verður því lögð á vinnuvernd, öryggismál og heilsueflingu svo og fræðslumál. Leiðarljós er að innleiða og viðhalda heilsuefandi vinnustaðamenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar og gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum. Áhersla verður á að móta og fylgja eftir stefnu í öryggismálum og vinnuvernd þ.m.t. að styðja við starfsstaði að framkvæma áhættumat, vinna að innleiðingu ábendinga- og atvikaskráningarkerfis og innleiðingu stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Áhersla verður lögð á að þróa nýjar lausnir í skilvirkri innri miðlun, innleiða nýtt fræðslukerfi og búa til fræðsluefni á rafrænu formi. Unnið verður að frekari þróun á forystunámi fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem starfa í stjórnsýslu. Mótun stefnu í innri samskiptum ásamt stefnumótun og innleiðingu á hlutverkum innri vefs og Workplace er verkefni sem hófst 2020 og mun halda áfram 2021. Stefnt er að aukinni markaðssókn hvað varðar Workplace og endurbættum innri vef. Áherslupættir í verkefnum sem snúa að málefnum starfsfólks af erlendum uppruna eru aukin íslenskukennsla og leiðir til að bæta aðgengi starfsfólks að íslenskunámi, þýðingar á mikilvægum upplýsingum fyrir þennan hóp, innleiðing tungumálaviðmiða í ráðningum og aukinn stuðningur við stjórnendur og starfsfólk. Unnið er að mótun og innleiðingu samræmdra verkferla á öllum starfsþáttum sem falla undir starfsumhverfi og starfsþróun.

Skrifstofa kjaramála

Reykjavíkurborg skrifaði undir nýja kjarasamninga við þá 20 viðsemjendur sem borgin fer með samningsumboð fyrir á árinu og gilda þeir samningar allir til marsloka 2023. Áherslan í nýjum kjarasamningum er á útfærslu á vinnutíma starfsfólks með það að markmiði að stytta vinnuvikuna og á árinu 2021 verða þær breytingar innleiddar. Samhliða nýjum kjarasamningum með breyttum vinnutíma breytist einnig fyrirkomulag fastlaunasamninga og verður unnið að innleiðingu á þeim breytingum í samvinnu við svið, launaskrifstofu og kerfisstjórn. Stéttarfélag lögfræðinga og Félag íslenskra náttúrufræðinga munu á samningstímanum greiða atkvæði um innleiðingu starfsmats. Reykjavíkurborg á aðild að sameiginlegri samningsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnvart kjarasamningum Kennarasambands Íslands sem og Félag íslenskra hljómlistarmanna. Gengið hefur verið frá kjarasamningum við flest félög innan KÍ með gildistíma til loka árs 2021. Í kjarasamningum við Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda í leikskólum og Skólastjóraráð Íslands er horft til þess að ný samræmd launatafla taki gildi 1. janúar 2022 og gildi til marsloka 2023. Í nýjum kjarasamningi við Félag grunnskólakennara sem einnig er með gildistíma til loka árs 2021 var hins vegar samið um að nýtt starfsmatskerfi taki gildi 1. janúar 2023. Fyrir 1. nóvember 2020 verður skipaður starfshópur með tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila til að undirbúa upptöku starfsmatskerfisins. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar. Þá verður markvisst unnið með launagreiningar á árinu 2021 og aukið vægi verður lagt á launaeftirlit.

Skrifstofa ráðningar og mönnunar

Undanfarin ár hefur verið unnið að umbótum hvað varðar ráðningarmál og á árinu 2021 verður áfram áhersla á innleiðingu nýrrar ráðningarhandbókar sem er mikilvæg til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum ásamt því að vera í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningar. Til að vera undirbúin fyrir breytingar og tækni framfarir verður unnið að mannaflaspá til næstu fimm ára og samhliða hafin vinna við kortlagningu á breytingum og þróun starfa í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar. Þar mun skrifstofan líka vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverður vinnustaður og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki yfir sumarstörf Reykjavíkurborgar. Rík áhersla verður lögð á að fjölga og þróa frekari tækifærum á atvinnu með stuðningi til að geta boðið fleiri störf sem endurspeglar fjölbreytni borgarlífsins. Afleysingarstofa hefur verið tilraunaverkefni síðastliðið ár til að mæta þörf fyrir skammtíma afleysingar í leikskólum og hjá velferðarsviði og mun verða skoðuð frekari þróun á því verkefni á árinu 2021 með það að markmiði að útvíkka starfsemi þannig að hún nái til allrar starfsemi borgarinnar. Einnig er skrifstofan með áherslu á starfslokaferla og mun vinna með fag- og kjarnasviðum Reykjavíkurborgar á næsta ári í þeim málaflokki. Undir skrifstofuna heyrir líka vinnumarkaðsúrræði og sökum stöðunnar á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19 er fyrirhugað að fara í enn frekari vinnumarkaðsaðgerðir sem beinast að einstaklingum án atvinnu og sköpun starfa.

Verkefnastofa starfsmats

Lögð verður áhersla á að viðhalda og þróa starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar og samningsaðila enn frekar á árinu 2021. Áherslan verður á að klára reglubundna yfirferð starfa sem hafa eldra mat en 5 ára. Jafnhiða þeirri yfirferð verður unnið að innleiðingu á frekari þróun kerfisins með það að markmiði að aðlagða breyttum þörfum og innleiða breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu erlendis. Áfram verður einnig unnið að aukinni kynningu á starfsmatinu til að stuðla að upplýstri umræðu um kerfið og að kjarabundnum réttindum sé framfylgt. Á árinu 2021 verður hafinn undirbúningur á þróun samræmds stjórnendamatkerfis sem notað verður til að meta störf stjórnenda. Innleiðing stéttarfélaganna Fræðagarðs og Félags tölvunarfræðinga í starfsmat mun ljúka á árinu 2021.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er ungt svið og því hafa ekki verið unnin sérstök verkefni áður sem snúa að markvissri innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á þær tillögur sem sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2020. Framundan er á árinu 2021 að greina þjónustu mannauðs- og starfsumhverfissviðs út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi.




MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

LEIÐARLIJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	444.215	566.341	298.147
Tekjur samtals	444.215	566.341	298.147
Laun og launatengd gjöld	1.516.095	1.685.728	1.762.607
Annar kostnaður	3.928.157	4.491.636	4.098.676
Rekstrargjöld samtals	5.444.252	6.177.364	5.861.283
Rekstrarniðurstaða	5.000.037	5.611.023	5.563.136


STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi stöðugilda	162,4	166,3	168,6
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarbókasafn*	77,0	79,3	82,7
Borgarsögusafn	42,0	40,9	40,2
Listasafn Reykjavíkur	25,0	26,5	26,5
Höfuðborgarstofa	4,0	5,4	5,5
Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs	6,8	7,0	7,0
Bókmenntaborg	2,0	0,0	0,0
Önnur menningarstarfsemi**	5,6	7,3	6,8

* Viðbót í ramma v. Úlfarsárdals 3,75 stöðugildi

** Bókmenntaborg tilheyrir annarri menningarstarfsemi frá árinu 2020

SKIPTING REKSTRAR 2021



HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík—Bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðirnir Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun friðarsúlu og Aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Menningar- og ferðamálasvið fór engan varhluta af þeim búsifjum sem Covid-19 faraldurinn olli íslensku samfélagi fyrirvara- og fordæmalaust árið 2020. Stofnunum var gert að loka vegna samkomubanns með tilheyrandi tekjutapi og listamenn úr öllum listgreinum sáu verkefni sín hverfa eins og hendi væri veifað. Reykjavíkurborg stóð fyrir margvíslegum úrræðum til að mæta þessum áskorunum en ljóst er að það mun taka lengri tíma en nokkra mánuði að endurreisa menningarlífið – hvað þá ferðaþjónustuna og þessi

greinargerð endurspeglar þá óvissu sem stofnanir og samstarfsaðilar sviðsins búa við, þrátt fyrir lausnamiðaða bjartsýni og baráttuhug.

Stofnanir sviðsins eru að undirbúa mörg spennandi verkefni þrátt fyrir óvissu og einkennilegar aðstæður. Eitt af mikilvægustu verkefnum Borgarbókasafns árið 2021 er án efa samkeppni um endurhönnun og umbreytingu Grófarhúss, aðalsafns Borgarbókasafnsins, sem miðstöðvar menningar í miðborginni. Opnun nýja bókasafnsins í Úlfarsárdal var frestað vegna Covid-19, en nú er stefnt að opnun um mitt ár 2021. Þá ætlar Borgarbókasafnið að setja á stofn tilraunaverkefni á árinu til að skoða hverskonar borgarþjónustu söfnin geta veitt og að auki munu almenningabókasöfn á höfuðborgarsvæðinu vinna að aukinni samvinnu sín á milli.

Borgarsögusafn er hiklaust sú stofnun sviðsins sem hefur orðið fyrir hvað mestum áhrifum af Covid-19 faraldrinum og gríðarlegri fækkun ferðamanna, þar sem afar stór hluti aðgangstekna safnsins kemur frá þeim hópi. Meginmarkmið safnsins 2021 er að standa vörð um kjarnastarfsemina á óvissutímum og gæta þess að innviðir sem byggðir hafa verið upp á síðustu árum haldist. Vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10 heldur áfram en fresta varð opnun hennar til 2021 vegna Covid. Þá verður unnið að gerð nýrrar sýningar í Viðey og haldið myndarlega upp á 40 ára afmæli Ljósmyndasafnsins með 4 metnaðarfullum sýningum og útgáfu ljósmyndabókar.

Ein helsta áskorun Listasafns Reykjavíkur er að standa vörð um innviði starfseminnar þrátt fyrir gríðarlegt tekjutap í kjölfar óvissu um komu erlendra ferðamanna. Listasafnið ætlar því á starfsárinu 2021 að leggja áherslu á verkefni sem undirstrika gildi starfseminnar fyrir fólkið í landinu og verður sjónum sérstaklega beint að verkum núlifandi listamanna sem starfa hér á landi. Sérstök áhersla verður þannig á verkefni sem eru atvinnuskapandi fyrir listamenn og aðra skapandi einstaklinga í borginni. Í ljósi ástandsins eru áætlanir Listasafnsins varfærnar en lögð áhersla á verkefni sem styrkja stöðu safnsins innanlands og fjölga innlendum gestum.

Höfuðborgarstofa vinnur nú að því að kanna fýsileikann á því að verða public/private áfanga- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið. Samtímis er stofan m.a. að sinna herferðinni „Borgin okkar“, umsjón með Menningarkorti Reykjavíkur og efnisframleiðslu fyrir samfélagsmiðla. Stærsta verkefni ársins verður án efa „RE herferðin“ sem er stærsta markaðsherferð sem borgin hefur ráðist í gagnvart erlendum ferðamönnum um árabíl og mun hvetja ferðamenn til að sækja borgina heim þegar heimurinn opnar fyrir ferðalög á ný.

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO fagnar 10 ára afmæli sínu haustið 2021 og litast starfsemi ársins af þessum tímamótum á margvíslegan hátt, þó einna helst með því að ársfundur Bókmenntaborga UNESCO verður haldinn í Reykjavík í fyrsta sinn.

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar eru ótal verkefni sem öll miða að því að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg, en allir angar tónlistargeirans urðu illa fyrir barðinu á áhrifum Covid-19. Í undirbúningi er t.a.m. Hitakassinn, samstarfverkefnið Tónatal, samstarf við helstu tónlistarhátíðir borgarinnar, viðburðirnir Open Club Day og Firestarter, að ógleymdu starfi í alþjóðlegu tengslaneti tónlistarborga Music Cities Network.

Viðburðadeildin sinnir sem fyrr sex skilgreindum hátíðum á árinu; Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventugleði í miðborginni. Stöðugt er verið að þróa viðburðina, hvetja listamenn til þátttöku og auka aðgengi almennings.

Því má bæta við að menningar- og ferðamálasvið tók ásamt umhverfis- og skipulagssviði þátt í verkefninu Sumarborgin 2020 sem gekk út á að efla miðborgina og rekstraraðila á tímum Covid-19, og hvetja borgarbúa og landsmenn alla til að njóta miðborgarinnar sem aldrei fyrr. Stefnt er að því að endurtaka leikinn veturinn 2020 og 2021 sem og sumarið 2021.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna og auka aðsókn borgandi gesta. Eins og fyrr segir hafði Covid-19 gríðarleg áhrif á afkomu stofnana sviðsins og litar sú staðreynd allar áætlanir.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist almennt um 2,4% og hækka helstu gjaldskrárliðir í samræmi við það. Eins og fram kemur hér að ofan er gert ráð fyrir miklum tekjusakdrætti hjá Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni vegna hruns í komu erlendra ferðamanna, í kjölfar heimsfaraldursins. Báðar þessar stofnanir hafa reitt sig mjög á tekjur af aðgangseyri erlendra gesta en þær hafa vaxið mjög á undanförunum árum. Það þýðir að endurmeta verður þjónustustig þeirra án sambærilegra tekna. Samkvæmt sviðsmyndum menningar- og ferðamálasviðs má gera ráð fyrir að samdráttur í aðsókn erlendra gesta og þar með tekjum af aðgangseyri geti numið a.m.k. 110 m.kr. á árinu 2021 eða um 20 m.kr. hjá Listasafni og um 90 m.kr. hjá Borgarsögusafni. Þegar þetta er ritað hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvernig mæta eigi þeim tekjusakdrætti og því skilar sviðið áætlun yfir úthlutuðum ramma um þá upphæð sem þessu nemur, eða 110 m.kr.

Í þjóðhagsspá Hagstofu frá júní síðastliðnum er gert ráð fyrir 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs, en samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunarinnar eru það eingöngu samningsskuldbindingar gagnvart þriðja aðila sem eru verðbættir og innri leiga er verðbætt um 2,26%. Að öðru leyti er ekki um neinar verðbætur að ræða á annan kostnað og einnig er gert ráð fyrir 1% hagræðingu. Sviðið er með tvo mjög stóra styrktarsamninga sem eru við Hörpu og Borgarleikhús og 1% hagræðingarkrafa vegna þessara samninga er tæpar 14,8 m.kr. Á undanförunum árum hefur áætlun vegna þessara samninga verið hagstæð og afgangi vegna þeirra alltaf skilað í lok árs. Sviðið gerir ekki ráð fyrir að taka á sig þessa hagræðingarkröfu með niðurskurði á verkefnum sviðsins og er því þessi mismunur dreginn frá og settur inn á desember tímabil. Ef kostnaður fer yfir ramma þessara samninga, þarf að taka afstöðu til þess hvort framlög til Hörpu og Borgarleikhússins lækki sem því nemur eða hvort þessar menningarstofnanir fái viðbótarframlag. Annar hluti hagræðingar af öðrum rekstrarkostnaði er tekinn af verkefnafé og eru verkefni þá ýmist endurskipulögð og gerð með ódýrari hætti til að mæta minna svigrúmi, þeim slegið á frest eða lögð niður.

Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu af launum. Í þessari áætlun er hagræðingu á launakostnað m.a. náð með fækkun stöðugilda sviðsins um 1,42, en þá er búið er að draga frá 3,75 viðbótarstöðugildi vegna Úlfarsárdals. Jafnframt eru ýmsar skipulagsbreytingar áætlaðar sem kemur fram í fækkun bæði dagvinnu- og yfirvinnutímum.

Á árinu 2021 verður um 49% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík með beinum styrkjum til einstaklinga og hópa, samstarfssamningum og styrkjum í formi innri leigu af húsnæði, en um 40% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Önnur menningarstarfsemi, svo sem viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Menningarkortsverkefni og ýmis minni miðlæg verkefni fylla um 4% af rekstri sviðsins, ferðamál um 4% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Menningar- og ferðamálasvið hefur menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi í öllum sínum verkefnum. Stefnurnar eru langtímaáætlanir og segja til um forgangs röðun verkefna og þróun sviðsins.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni, fyrir utan rekstur menningarstofnananna; Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu og viðbótar rekstrarframlags. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnaðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðlistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Dansverkstæðið og Nýlistasafnið og Kling&Bang í Marshallhúsi, svo þeir helstu séu nefndir.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar árlega úr svokölluðum styrkjaþotti fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Styrkjaþotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra samstarfssamninga sem í gildi eru. Árið 2021 eru 11 samstarfssamningar í gildi, þar af 6 borgarhátíðarsamningar, samanlagt 59 m.kr., en að þeirri upphæð meðtalinni eru 133,9 m.kr. í pottinum. Þó má reikna með að samstarfssamningum fjölgi við úthlutun styrkja í ársbyrjun 2021. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur og styrkjareglur borgarinnar. Að auki eru sérstakir árlegir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík.

Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, sem eru veitt fyrir handrit.

Úrbótasjóður tónlistarstaða í Reykjavík er tímabundið átaksverkefni til tveggja ára sem Tónlistarborgin hefur umsjón með.

Stofnanir sviðsins

Borgarbókasafnið: Opið rými allra

Opið rými allra er yfirskrift starfsáætlunar Borgarbókasafnsins í ár. Stefnt er að vitundarvakningu meðal íbúa Reykjavíkur og tengdra stofnana um Borgarbókasafnið sem samfélagsrými og þátttökugátt borgara. Samtal er hafið við notendur og tengdar stofnanir um eiginleika almenningsrýma. Leitast er eftir að safna hugmyndum sem skapa grundvöll fyrir bókasafni sem er almenningsrými öllum aðgengilegt og þjónustu/aðstöðu sem mætir þörfum borgarbúa.

Efla skal virkt samtal allra safna Borgarbókasafnsins við nærsamfélagið í hverfunum í því augnamiði að bæta aðgengi íbúana að þjónustu og upplýsingum sem söfnunum er ætlað að veita. Þjónusta bókasafna er að breytast og auka þarf þekkingu notenda og starfsfólks á því hvað felst í orðinu borgaraþjónusta. Stefnt er að því að setja á stofn tilraunaverkefni á árinu til að skoða og skilgreina hverskonar borgaraþjónustu söfnin geta veitt og fá notendur og starfsfólk í rýnihópa um hvað skuli felast í slíkri þjónustu á söfnunum. Borgarbókasafnið getur gegnt lykilhlutverki við að auka aðgengi íbúa að upplýsingum í sínu nánasta umhverfi, stytt leiðir og aðstoðað við að nálgast þjónustu borgarinnar.

Hlutasafn er nýtt verkefni sem unnið er að í samvinnu við Tool Library, en stefnt er að því að setja upp tvær hlutasafnstöðvar í Borgarbókasafninu. Kannanir hafa sýnt áhuga notenda á að bókasafnið bjóði upp á fjölbreyttari safnkost, svo sem verkfæri, hljóðfæri og kökuform svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verða skoðaðir möguleikar á að koma upp deiligari sunnan við Borgarbókasafnið í Gerðubergi.

Eitt af mikilvægustu verkefnum starfsársins verður án efa samkeppni um endurhönnun og umbreytingu Grófarhúss, aðalsafns Borgarbókasafnsins, sem miðstöðvar menningar og samfélagsrými í miðborginni. Nýtt Borgarbókasafn í Úlfarsárdal opnar um mitt ár 2021 og stefnt er að ýmsum nýjungum í innra og ytra

starfi þess, s.s. útvistun frágangs á safnefni, samrekstri skóla- og almenningsbókasafns og náinni samvinnu við sundlaug staðarins sem og frístundaheimili.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Fyrirhuguð starfsemi ársins 2021 ber nokkur merki þess að starfið árið 2020 var í marga staði ekki eins og áætlað hafði verið í starfs- og fjárhagsáætlun, vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Mikið tekjufall átti sér stað í kjölfar lokunar sýningastaða frá 24. mars til 4. maí og verulega minnkandi aðsóknar erlendra gesta. Ljóst er að töluverðrar óvissu, af sömu sökum, mun gæta eitthvað áfram og mun það einkenna starfið á komandi ári. Því reynir á þrautseiglu og aðlögunarhæfni.

Meginmarkmið Borgarsögusafns á árinu 2021 er að standa vörð um kjarnastarfsemi safnsins á óvissutímum og gæta þess að innviðir sem byggðir hafa verið upp á síðustu árum haldist. Hlúð verður að mannauði, því í honum liggja verðmæti stofnunarinnar og hann er forsenda öflugrar starfsemi. Ráðgert er að ljúka stefnumótun á árinu, sem tekur mið af áherslum á sviði safnastarfs á alþjóðasviðinu.

Vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10 heldur áfram, en ráðgerð opnun á árinu 2020 mun þó færast fram á árið 2021. Verður það eftir sem áður stærsta verkefni safnsins, sem kallar á mikið vinnuframlag fjölda starfsmanna. Opnun sýningarinnar verður mikill áfangi í starfi Borgarsögusafns og kærkomin viðbót í menningarflóru miðbæjar Reykjavíkur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur fagnar 40 ára afmæli á árinu, af því tilefni er ráðgerð útgáfa ljósmyndabókar með styrk frá safnasjóði auk þess sem fjórar metnaðarfullar sýningar verða settar upp. Á Árbæjarsafni verður áhersla á viðhald safnsvæðis og sér í lagi safnhúsa, auk þess verður sýning um verk Karólínu Lárusdóttur vefara sett upp í Kornhúsi og áhersla verður á leikrænar leiðsagnir um safnsvæðið. Á Sjóminjasafninu er ráðgert að vinna sýningu í samstarfi við nemendur við Háskóla Íslands í sýningarými á jarðhæð. Í Viðey verður unnið að gerð nýrrar sýningar og endurbættri aðstöðu í skólahúsinu, í austurhluta eyjarinnar, í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, með styrk frá Barnamenningarsjóði. Viðburðahald Borgarsögusafns verður venju samkvæmt fjölbreytt, með það í forgrunni að þjóna gestum nærsamfélagsins sem best. Jafnframt verður farið í sérstaka markaðssókn til að auka aðsókn þeirra gesta og þá verður unnið að því að auka sýnileika safnsins á veraldarvefnum í samræmi við aukna snjalltækjanotkun.

Listasafn Reykjavíkur

Á starfsárinu 2021 verður lögð áhersla á verkefni sem undirstrika gildi starfseminnar fyrir fólkið í landinu og menningarupplifun á persónulegum forsendum í öruggu umhverfi. Árið 2021 verður sjónum sérstaklega beint að verkum núlifandi listamanna sem starfa hér á landi. Sérstök áhersla verður þannig á verkefni sem eru atvinnuskapandi fyrir listamenn og aðra skapandi einstaklinga í borginni.

Í Hafnarhúsi verður stærsta verkefni ársins viðamikil samsýning leiðandi listamanna samtímans sem nú standa á tímamótum á ferli sínum. Varpið er miðlunarverkefni og sýning styrkt af Barnamenningarsjóði sem hefur það markmið að færa ungu fólki á aldrinum 13 – 19 ára í hendur lykla að samtímalist og viðamikil samsýning verður á Kjarvalsstöðum á verkum Kjarvals og samtímalistamanna en sama nálgun verður við sýningar á verkum eftir Erró og Ásmund Sveinsson. Þannig verður til áhugavert samtal sögu og samtíma. Listaverkæign Reykjavíkurborgar er mikilvægur grunnur sýninga og rannsóknarstarfs safnsins. Á árinu verður unnið að gerð söfnunarstefnu og rannsóknarstefnu fyrir safnið.

Allar áætlanir ársins 2021 eru varfærnar en lögð er áhersla á verkefni sem styrkja stöðu safnsins í nærumhverfinu og fjölga innlendum gestum. Áskoranir ársins 2020 og þau mörk sem Covid-19 setti starfseminni voru hvatning til þess að þróa starfræna miðlun safnsins og verður haldið áfram með miðlunarverkefni sem þá urðu til. Helsta áskorun safnsins á árinu 2021 er að standa vörð um innviði starfseminnar þrátt fyrir gríðarlegt tekjutap í kjölfar þess að óvissa ríkir um komu erlendra ferðamanna

sem verið hafa 80% af greiðandi gestum. Áætlanir starfsársins 2021 gera ráð fyrir því að erlendir gestir verði innan við 50% af áætluðum fjölda ársins 2020. Ef horft er til stöðu mála í samfélaginu og í heiminum öllum má vera ljóst að sveigjanleiki og orkumikil starfsemi mun nýtast Listasafni Reykjavíkur með sama hætti og á því umbrota ári 2020.

Höfuðborgarstofa

Ný ferðamálastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að Reykjavík verði þekkt sem sjálfstæður áfangastaður og mikilvægur þáttur í ákvörðun margra erlendra gesta um Íslandsferð. Höfuðborgarstofa hefur stefnuna að leiðarljósi í sínu starfi sem og þá ákvörðun borgarráðs vorið 2020 um að efla til muna markaðssetningu gagnvart erlendum sem og innlendum gestum. Munu þessar áherslu meðal annars birtast í nýrri og öflugri markaðsherferð gagnvart erlendum gestum sem hleypt verður af stokkunum um leið og aðstæður á markaði leyfa. Unnið hefur verið að undirbúningi herferðarinnar seinni hluta ársins 2020. Jafnframt hélt starfsfólk Höfuðborgarstofu utan um innlenda markaðssetningu á miðborginni árið 2020 og verður byggt áfram á þeirri markaðsherferð árið 2021. Önnur verkefni sem færð hafa verið til Höfuðborgarstofu eru stuðningur við markaðsstarf á menningar- og ferðamálasviði, umsjón með Menningarkorti Reykjavíkur, efnisframleiðsla fyrir samfélagsmiðla og vefþróunarmál menningar- og ferðamálasviðs.

Á grundvelli alls þessa hafa kjarnaverkefni Höfuðborgarstofu verið endurmetin og nýtt og öflugt markaðsteymi, undir forystu forstöðumanns markaðsmála, verið byggt upp í samræmi við breyttar þarfir og áherslur. Þar hafa komið til góða ónýtt stöðugildi Höfuðborgarstofu sem losnað hafa í starfsmannaveltu undanfarinna missera.

Markaðsherferðin gagnvart erlendum gestum, eða „Re herferðin“ er stærsta markaðsverkefni sem borgin hefur ráðist í gagnvart erlendum ferðamönnum um árabil. Skammtíamarkmið herferðarinnar er að viðhalda vitund og áhuga á áfangastaðnum Reykjavík á meðan heimurinn tekst á við heimsfaraldurinn, og hvetja svokallaða „first-movers“ ferðamenn til að sækja borgina heim um leið og ferðalög verða auðveldari en nú er. Langtíamarkmið er að fá ferðamenn til að hugsa um Reykjavík sem sjálfstæðan áfangastað með því að draga fram sérstöðu borgarinnar sem öruggar, vinalægar nútímaborgar sem iðar af menningarlífi og nærandi náttúruperlum. Stór hluti herferðarinnar felst í öflugum almannatengslastarfi sem áfram verður unnið í samstarfi við Íslandsstofu. Sú nýbreytni verður jafnframt tekin upp að vinna almannatengslastarf í samstarfi við stóra viðburði sem vekja alþjóðlega eftirtekt, styðja þannig við þá menningarstarfsemi sem ber hróður borgarinnar víða og nýta umfjöllunina sem hún skapar til að varpa sterku ljósi á sérstöðu hennar. Jafnframt mun Höfuðborgarstofa leggja áherslu á sameiginlegt almannatengslastarf með sterkum fyrirtækjum í íslenski ferðaþjónustu.

Áfram verður unnið að eflingu samstarfs við nágrannasveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega markaðssetningu undir nafninu Reykjavík. Sérstök áhersla verður jafnframt lögð á enn öflugra samstarf við Íslandsstofu um markaðs- og kynningarmál, enda sjaldan verið jafn mikilvægt og nú að samnýta slagkraft þeirra markaðsherferða á erlendum mörkuðum sem þessar tvær stofnanir vinna að. Höfuðborgarstofa mun einnig leitast við að efla samstarf við SAF og aðra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, sem og stofnanir menningar- og ferðamálasviðs og aðrar stofnanir borgarinnar. Þá mun Höfuðborgarstofa taka þátt í ferðasýningum á borð við Vestnorden og ITB Berlín.

Önnur verkefni sem framundan eru er rafvæðing Reykjavík City Card og Menningarkorts Reykjavíkur, sem og áframhaldandi uppbygging og þróun vefsvæða og samfélagsmiðla Höfuðborgarstofu. Allur meginþungi markaðsstarfs Höfuðborgarstofu fer fram í gegnum net- og samfélagsmiðla og því brýnt að vörur hennar og vefsvæði séu tæknilega framúrskarandi, markaðsvæn og uppfærð eftir því sem þörf krefur.

Vert er að geta þess að lokum, að samhliða þessu er verið að vinna að því að teikna upp fýsileika þess að stofna áfanga- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins með öflugum stuðningi atvinnulífs og ríkis ásamt framlagi frá borginni. Er kveðið á um þessa vinnu í nýrri ferðamálastefnu. Jafnframt á að leitast eftir stuðningi annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hvort og þá hvernig slík áfangastofa eigi eftir að hafa áhrif á verkefni markaðsþeismis Höfuðborgarstofu er óljóst á þessari stundu en vonir standa til að niðurstaða liggi fyrir á árinu 2021.

Önnur menningarstarfsemi

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

Reykjavík fagnar tíu ára afmæli sem Bókmenntaborg UNESCO haustið 2021 og litast starfsemin á árinu af þessum tímamótum. Ársfundur Bókmenntaborga UNESCO verður að öllu óbreyttu haldinn í Reykjavík í apríl með gestum frá hinum 38 borgunum og stendur ráðstefnan yfir í fjóra daga. Hún skarast að hluta við Bókmenntahátíð í Reykjavík og verða hátíðin og Bókmenntaborgin í samstarfi í tilefni afmælisins og fundarins þar sem meðal annars verður dagskrá helguð Bókmenntaborgunum. Afmælinu verður einnig fagnað með útgáfu rits með nýjum textum um Reykjavík eftir reykvíska höfunda að hausti og viðburðahaldi á sama árstíma, þegar slétt tíu ár verða frá því að borgin var útnefnd Bókmenntaborg UNESCO, fyrst borga í heiminum utan ensks málsvæðis. Í tilefni afmælisins verður að auki gefin út ný myndskreytt bók um Sleipni fyrir börn ásamt fylgiefni og bæklingi um gildi þess að lesa með börnum. Efninu verður dreift í samstarfi við leikskóla í borginni og Heilsugæsluna í Reykjavík en fleiri nýjungar í Sleipnisverkefninu eru einnig á döfinni á afmælisárinu.

Bókmenntaborgin tekur áfram þátt í barnamenningarverkefninu Sögur og hugar þar fyrst og fremst að sköpun barna á sviði orðlistar, en breytingar verða á rekstri Gröndalshúss á árinu þar sem fallið er frá opnun Gröndalssýningar yfir sumarmánuðina og verður húsið þess í stað nýtt undir viðburðahald allt árið um kring. Önnur verkefni á árinu verða Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember, áframhaldandi þróun á verkefninu orðlist í borgarlandi, utanumhald um öll bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar, breitt samstarf við orðlistalífið í Reykjavík í fjölbreyttum verkefnum og alþjóðlegt starf innan samtaka Bókmenntaborga UNESCO svo og stærra nets Skapandi borga UNESCO, UNESCO Creative Cities Network.

Tónlistarborgin

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar árið 2021 eru margvísleg verkefni. Hitakassinn, námskeið um tónlistariðnaðinn fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músíktílauna, verkefni í sjálfbærni fyrir tónlistarhátíðir og samstarfsverkefnið Tónatal, fræðsluverkefni tónlistarsamfélagsins á Íslandi, sem miðar að því að efla þekkingu tónlistarfólks á stuðningsumhverfi sínu. Jafnframt ætlar Tónlistarborgin að bjóða áfram upp á fræðsludagskrá, þ.á.m. pallborð og fyrirlestra á Airwaves Pro.

Tónlistarborgin leggur áfram áherslu á að styðja við helstu tónlistarhátíðir borgarinnar, t.a.m. með móttökum fyrir blaðamenn og tónlistariðnaðarfólk og tengslamyndunarviðburðum. Tónlistarborgin hefur einnig lagt mikla áherslu á stuðning og fræðslu fyrir minni tónleikastaði borgarinnar auk þess að hafa umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða, átaksverkefni til tveggja ára sett af stað árið 2019. Í febrúar taka Tónlistarborgin og tónleikastaðir í borginni þátt í alþjóðlega verkefninu Open Club Day þar sem fjölmargir tónleikastaðir víðsvegar um Evrópu opna dyr sínar að degi til fyrir áhugasömum gestum sem vilja kynna sér starfsemina. Firestarter, tónlistarhraðallinn fyrir tónlistartengdar viðskiptahugmyndir, heldur áfram göngu sinni en þar býðst völdum teyllum aðstoð og stuðningur við að móta og þróa sínar hugmyndir.

Tónlistarborgin mun halda áfram að beita sér fyrir auknu aðgengi ferðamanna og íbúa í borginni að tónlistarviðburðum og ennfremur halda áfram að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem hefur nú fengið aukið vægi með þátttöku borgarinnar í alþjóðlegu tengslaneti tónlistarborga, Music Cities Network. Á þeim vettvangi gefst íslensku tónlistarfólki og fagfólki í tónlist tækifæri til að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum og eins felst í samstarfinu gott tækifæri til að læra af öðrum borgum og miðla verkefnum Tónlistarborgarinnar.

Viðburðir

Viðburðateymi skrifstofu menningarmála skipuleggur og framkvæmir 6 árlegar hátíðir sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og fjármagnar. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð samanstendur af ljóslistaverkum í borginni, Safnanótt og Sundlauganótt. Haldið verður áfram að þróa ljósahluta hátíðarinnar með ýmsum samstarfsaðilum. *Barnamenningarhátíð* leggur áherslu á öll listform og víðtæka þátttöku reykvískra barna. Enginn einn viðburður í borginni nær að virkja jafn breiðan hóp barna í fjölbreyttum menningarupplifunum á sama hátt og Barnamenningarhátíð. Dagskrá *17. júní* er að vanda tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið en viðburðateymið sér um útfærslu hátíðahalda í miðborginni eftir hádegisdag. Árið 2020 var farið nýjar leiðir í hátíðahöldum eftir hádegisdag til að bregðast við samkomutakmörkunum vegna Covid-19 þar sem meiri áhersla var lögð á óvænta viðburði í borgarlandinu en dagskrá á stóru sviði. *Tendrun Friðarsúlunnar* fer ávallt fram þann 9. október á afmælisdegi John Lennon, og kveikt hefur verið á henni á hverju kvöldi fram til 8. desember, sem er dánardagur hans. *Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu* markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum aðventuviðburðum má nefna jólavættirnar sem verða á vappi víðs vegar um borgina.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Á menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2021 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar sem og að ýta nýjum verkefnum úr vör.

Áætlanir um að skoða og greina aðgangstöflur á stofnunum sviðsins með því að framkvæma tímabundnar skimanir á afgreiðslustöðum til að fá betri mynd af því hverjir sækja stofnanir sviðsins og tengja við hvað er í boði á hverjum tíma varð að fresta vegna Covid-19 og takmörkunum gestakoma á söfnin. Áætlanir eru um að fara í slíka framkvæmd 2021.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþrótt- og tómstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	10	10	7	6	5
Samstarf með orðlistafólki (nýtt fyrir árið 2019)			116	90	81
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	611.481	579.324	581.252	502.500	600.000
- Aðalsafn	174.007	155.777	157.933	133.000	160.000
- Kringlusafn	100.345	102.092	108.153	95.000	109.000
- Sólheimasafn	58.202	58.503	56.859	47.000	57.000
- Gerðubergssafn	142.420	125.365	125.365	111.000	126.000
- Foldasafn	79.444	81.241	81.535	71.000	81.000
- Ársafn	41.860	40.900	42.263	38.000	42.000
- Menningarhús Úlfarsárdal					15.000
- Bókabíll	10.253	8.519	7.631	5.800	8.000
- Æringi	2.358	1.927	1.513	1.700	2.000
- Norðlingaholtsskóli *	2.592	0	0		
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	15.014	14.167	12.492	9.000	15.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	153	132	161	110	121
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	170.647	125.893	127.968	160.000	160.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	3	5	0	0
Samstarfsaðilar	61	61	51	60	60
Safnkostur	415.171	407.771	395.719	390.000	400.000
Safnkostur á íbúa	3,3	3,18	3,03	2,92	2,98
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,66	1,74	1,79	1,65	1,84
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	9.122	9.122	9.122		
Útlán	688.549	710.074	707.833	635.300	735.500
- Aðalsafn	159.144	164.547	156.660	159.000	160.000
- Kringlusafn	142.059	146.359	150.537	133.000	150.000
- Sólheimasafn	83.179	86.809	86.104	67.000	86.000
- Gerðubergssafn	91.556	101.324	101.096	90.000	102.000
- Foldasafn	128.345	130.158	131.221	116.000	131.000
- Ársafn	72.427	72.047	72.767	62.000	72.000
- Menningarhús Úlfarsárdal					25.000
- Bókabíll	9.437	8.830	9.448	8.300	9.500
- Norðlingaholtsskóli *	2.402				
Bókin heim (fjöldi notenda)	35	40	39	40	40
Útlán á íbúa	5,48	5,54	5,41	4,8	5,47

* Útibú í Norðlingaholtsskóla lagt niður 2018

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Borgarsögusafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	219.729	223.958	200.068	83.000	119.400
- Árbæjarsafn	49.748	49.840	48.716	30.000	35.000
- Landnámssýning	78.775	99.603	72.639	17.000	29.200
- Ljósmyndasafn	24.392	20.306	14.349	9.000	12.000
- Viðey	25.416	22.870	21.005	10.000	13.200
- Sjóminjasafn	41.398	31.339	43.359	17.000	30.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	17.295	18.514	19.479	17.100	19.100
Fjöldi viðburða	74	85	81	81	86
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	11	12	8	5	5
Fjöldi innlita á heimasíðu	167.356	157.449	143.263	100.000	100.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	50	51	54	54	54
Fjöldi útgáfuverka	10	7	7	5	5
Fjöldi afgreiddra mynda	1.763	2.328	2.108	1.900	1.900
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.372	3.493	3.642	3.700	3.850
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	30.036	30.264	30.961	31.500	31.700
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.550.000	1.710.000	1.800.000	1.960.000	2.070.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá	7.435	7.613	7.619	7.620	7.630
Listasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	258.140	222.886	227.119	140.000	140.250
- Hafnarhús	155.643	112.651	100.597	62.000	82.500
- Kjarvalsstaðir	79.871	84.904	101.982	69.000	44.000
- Ásmundarsafn	22.626	25.331	24.540	9.000	13.750
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	365	194	364	352	406
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	11.370	10.470	8.670	10.000	10.000
Fjöldi viðburða	234	258	221	190	190
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	7	4	2	1
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	143.344	131.602	158.019	146.000	140.000
Útlán listaverka	496	480	460	470	500
Fjöldi útgáfuverka	18	24	17	16	14
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.107	17.154	17.193	17.205	17.225
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	182	182	184	187	187
Höfuðborgarstofa					
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð *	557.979	446.455			
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	20.898	16.254	13.876	1.500	4.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	2.195.271	2.315.925	1.986.153		
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	1.695.806	1.229.425	813.537	1.080.000	10.000.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	60	20			

* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018⁴¹

SKORKORT


Velgengnisþættir		Mælikvarðar	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Þjónusta					
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	253	222	216	
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	40.115	44.700	44.100	
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmenningartengdra verkefna og viðburða	107	75	82	
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	70	58	47	
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	0%	92%	94%	
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.008.439	1.045.000	859.650	
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	0%	91%	89%	
	Fjöldi nemenda og annarra í skipulögðu náms- eða félagsstarfi *			21.100	
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	14	10	14	
Fjármál					
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-1%	+/- 1%	+/- 1%	
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	2.007	2.051	2.739	
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	23	20	20	
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-19%	-18%	-15%	
Verklag					
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	32	24	16	
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	16	23	27	
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.743.331	1.803.500	1.924.000	
	Hver er útbreiðsla (reach) efnis á samfélagsmiðlum		5.985.200	13.268.000	
	Viðbragð við færslum á samfélagsmiðlum (engagement) Facebook og Instagram *			342.000	
Hlúð að sögu og menningarmínjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	20	17	16	
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu	6	3	2	
Mannauður					
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	91%	92%	92%	
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	*ekki mælt 2019	86%	86%	
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtta í starfi	78%	85%	85%	
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	94%	95%	95%	
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	82%	84%	84%	
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	74%	80%	80%	
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	99%	100%	100%	
Árangursríkir stjórnunarbættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	90%	92%	92%	
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	80%	85%	85%	
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mán.	*ekki mælt 2019	92%	92%	
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu	90%	95%	95%	

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

SKIPURIT



HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið hefur það hlutverk að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	4.547.861	4.075.178	4.045.520
Tekjur samtals	4.547.861	4.075.178	4.045.520
Laun og launatengd gjöld	36.682.185	38.863.815	41.013.466
Annar kostnaður	20.836.042	20.783.389	22.003.676
Rekstrargjöld samtals	57.518.227	59.647.204	63.017.142
Rekstrarniðurstaða	52.970.366	55.572.026	58.971.622

STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	5.708	5.849	6.001
Fjöldi stöðugilda	4.425	4.452	4.616
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Leikskólar	1.535	1.545	1.631
Grunnskólar	2.274	2.291	2.357
Frístundamiðstöðvar	486	476	489
Námsflokkar Reykjavíkur	5	5	5
Skólahljómsveitir	34	33	34
Miðja máls og læsis	11	11	11
Farteymi	10	10	12
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	69	77	77

SKIPTING REKSTRAR 2021



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Látum draumana rætast – Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 var samþykkt í borgarstjórn þann 20. nóvember 2018. Stefnan byggir á þeirri framtíðarsýn, að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Leiðarljós stefnunnar eru tvö: *Barnið sem virkur þátttakandi* og *Fagmennska og samstarf í öndvegi*.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi, sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmýnd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:

- **Félagsfærni:** Samfélagsleg ábyrgð og virkni
- **Sjálfsefning:** Sterk sjálfsmýnd og trú á eigin getu
- **Læsi:** Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi
- **Sköpun:** Skapandi hugur og hönd
- **Heilbrigði:** Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

AÐGERÐIR OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Samhliða samþykkt menntastefnunnar í borgarstjórn var mótuð áætlun um almennar aðgerðir á árunum 2019-2021, þar sem Reykjavíkurborg myndi veita nauðsynlegan stuðning til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Búið er að samþykkja tillögu um framtíðarhóp SFS, sem hefur það hlutverk að gera aðgerðaáætlun fyrir árin 2022-2024. Almennar aðgerðir á árinu 2021 eru:

- **Læsi:** Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngrip, m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- **Markviss stuðningur:** Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir, með það að markmiði að veita börnum þjónustu innan veggja skólans. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngrip, sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- **Aukið vægi náttúrugreina, útináms og sköpunar:** Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar innan samfellds skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla símenntun starfsmanna á þessum sviðum, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- **List- og verknám:** Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.
- **Aðbúnaður:** Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs, þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsfólks.
- **Tækni:** Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimenntun. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- **Fagmennska:** Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir, sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- **Starfsþróun:** Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir, sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.
- **Þróunar- og nýsköpunarsjóður:** Hvetja starfsstaði skóla- og frístundasviðs til að vinna að sjálfsprottnum þróunar- og nýsköpunarverkefnum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum, með styrkveitingum. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framgangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.
- **Stuðningur og ráðgjöf:** Nýsköpunarmiðja menntamála, sem sett var á stofn samhliða samþykkt menntastefnunnar, veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að allar gjaldskrár SFS hækki um 2,4%.
- Hækkun innri leigu húsnæðis og búnaðar um 2,26%, án tölvupjónustu. Hækkunin er vegna viðbótarhúsnæðis og viðbótarbúnaðar (238,6 m.kr.) og vísitöluhækkana (224,1 m.kr.). Samtals er hækkun innri leigu 462,7 m.kr.
- Að tölvupjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Að ekki séu reiknaðar verðbætur á annan almennan rekstrarkostnað en vegna bundinna samninga þar sem leggjast á verðbætur að fjárhæð 47,1 m.kr.
- Að gengið hafi verið frá nær öllum kjarasamningum hjá starfsmönnum borgarinnar. Viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga hækka fjárhagsramma fyrir árið 2021 um 5.462,2 m.kr.
- Lækkun tryggingagjalds vegna lægri álagningar nemur 92,7 m.kr.
- Að frá ársbyrjun ársins 2021 sé miðað við að fjölskyldur greiði aðeins fæðisgjöld fyrir tvö börn þvert á skólastig, áætlað framlag vegna þeirrar breytingar er 149,2 m.kr.

Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 37 frístundaheimila, 24 félagsmiðstöðva og þriggja sértækra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að Klettaskóli fái auknar fjárheimildir vegna fjölgunar í frístundastarfi, 29,4 m.kr.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 63, þar af þrír sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 18, þar af eru aðeins tveir með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Hækkun á núverandi gjaldskrá um 2,4%.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla og að það verði til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinna leikskóla.
- Hækkun til sjálfstætt starfandi leikskóla tekur mið af þeim breytingum sem verða á framlagi til borgarrekinna leikskóla.
- Að 515 börn verði að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2021, sem er fækkun frá árinu 2020, en þá var í áætlun gert ráð fyrir um 550 börnum að meðaltali.
- Breytingu á barngildi úr 1,0 í 1,1 vegna 4 ára barna, 78,8 m.kr.

Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 38 grunnskóla eftir að Háaleitisskóla var skipt upp í Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og einnig var Vættaskóla og Kelduskóla skipt upp í Engjaskóla, Borgarskóla og Víkurskóla. Af þessum 38 skólum eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar, sem eru sameinaðir leikskólum/frístundaheimilum/tónlistarskóla. Að auki eru 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að fjárframlag til Klettaskóla hækki um 114 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og aukinnar þjónustuþyngdar.
- Að gjaldskrár vegna skólamáltíða hækki um 2,4% eins og aðrar gjaldskrár.
- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Í áætlun er miðað við hækkun út frá hækkun vísitölu neysluverðs og launavísitölu. Endanlegar fjárhæðir miðast við útgefnar fjárhæðir frá Hagstofu Íslands.
- Að framlag til Brúarskóla hækki um 9,5 m.kr. í tengslum við börn með fjölþættan vanda.
- Að greiða framlag 98 m.kr. vegna 6 barna í Arnarskóla, sem er einkarekinn sérskóli.

HAGRÆÐING 2021

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs eru lækkaðar um 235,2 m.kr. á árinu 2021 vegna hagræðingar sem nemur 0,5% af launakostnaði, sem er 181,9 m.kr. og öðrum rekstrarkostnaði 53,3 m.kr. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni, var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Skilað var inn 12 útfylltum skjölum vegna skimunar. Vinnsla kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðarvísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun, er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á því hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útk. spá 2020	Áætlun 2021
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	80	81	81	83	83
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	60	62	62	63	63
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	19	19	19	20	20
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	43	43	43	42	44
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	36	38
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	7	7	7	6	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	19	19	19	18	18
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v/ grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	18	18	17	17
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng	14	12	13	15	15
Frístundamiðstöðvar	5	5	5	5	5
Frístundaheimili	34	34	34	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	3	3	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	20	20	20	20	21
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.852	6.964	6.426	6.400	6.337
Leikskólar Reykjavíkur	5.580	5.522	5.081	5.017	4.947
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.060	1.105	1.159	1.170	1.170
Sameinaðir leik- og grunnskólar	183	200	186	213	220
Viðbótarpláss	29	137	0	0	0
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.	32	49	32	45	45
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	37	52	52	34	35
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	71.566	74.107	67.484	70.017	69.877
Leikskólar Reykjavíkur	56.561	57.020	51.600	53.517	53.206
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	12.731	12.808	14.060	14.355	14.355
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.781	1.950	1.824	2.145	2.316
Viðbótarpláss	493	2.329	0	0	
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	230	400	362	441	441
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	57.034	57.964	52.603	52.439	51.690
Leikskólar Reykjavíkur	46.245	45.858	42.122	41.511	40.636
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	9.040	9.280	8.944	9.132	9.132
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.502	1.661	1.537	1.796	1.922
Viðbótarpláss	247	1.165	0	0	0
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	184	308	247	301	0

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útk. spá 2020	Áætlun 2021
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	742	621	600	550	515
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	14.027	14.073	14.213	14.377	14.475
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	176	176	176	184	184
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	14.027	14.073	14.213	14.377	14.475
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	176	176	184	184	184
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	531	673	653	635	691
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	441	521	521	521	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	78.479	92.715	92.715	92.715	92.715
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum					
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, vorönn	4.353	4.322	4.322	4.249	4.340
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, haustönn	4.353	4.322	4.322	4.249	4.340
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.843	3.781	3.781	3.712	3.791
Á haustönn	3.843	3.781	3.781	3.712	3.791
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	200	208	197	197	199
Á haustönn	200	201	197	197	199
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	184	180	180	180	181
Á haustönn	184	163	180	180	181

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp.2020	Áætlun 2021
Mannauður					
Stöðugildi alls í leikskólum	1.469	1.501	1.535	1.545	1.631
Stjórnendur*	117	129	122	121	123
Leiskólakennarar	275	259	245	296	312
Leikskólaliðar	71	62	61	68	72
Starfsfólk með uppeldismenntun	228	235	226	205	216
Starfsfólk með aðra háskólam.	116	114	152	153	162
Aðrar starfsstéttir	573	616	647	621	661
Starfsfólk mötuneytis	89	86	83	81	86
<i>Hlutfall fagmenntaðra</i>	28,40%	27,10%	25,30%	28,50%	27%
<i>Hlutfall uppeldismenntaðra</i>	45,00%	42,80%	40,80%	42,50%	40%
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	8,00%	8,60%	8,00%	7,80%	7,53%
Stöðugildi alls í grunnskólum	2.144	2.192	2.274	2.291	2.357
Skólastjórnendur	85	83	78	80	80
Deildarstjórnarar	51	52	59	60	60
Kennarar	1.206	1.194	1.195	1.219	1.260
Stuðningsfulltrúar	184	199	214	222	229
Annað fagfólk	233	283	337	323	333
Annað starfsfólk	384	381	391	388	395
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	4,00%	3,80%	3,43%	3,49%	3%
<i>Hlutfall kennara í kennslu með börnum sem eru með leyfisbréf</i>	96%	92%	91%	91%	91%
Stöðugildi alls í frístundamiðstöðvum	426	468	486	476	489
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum	27	29	25	24	25
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum	72	84	88	91	89
Stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum	327	356	372	361	375
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	5,40%	4,90%	4,70%	4,80%	4,80%
<i>Hlutfall uppeldismenntaðra</i>	35%	33,60%	32,50%	36,20%	36,00%
Önnur starfsemi					
Námsflokkar Reykjavíkur	4	5	5	5	5
Skólahljómsveitir	31	34	34	34	34
Farteymi			10	11	12
Miðja máls og læsis ²	6	10	11	10	11
Skrifstofa SFS ³	66	68	69	77	77

Útkomuspá 2020 miðast við stöðugildi í september. Rauntölur 2019 miðast við útgefnar tölur fyrir október.

Frá janúar 2019 hafa stjórnendur samrekinna skóla, frístundaheimila og/eða leikskóla getað merkt starfsmenn eftir því í hvaða hluta starfseminnar starfsmenn störfuðu. Fram að þessu hefur mikil handavinna farið í að skipta samreknu starfstöðunum upp í störf innan leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Rauntölurnar í ljósgráu reitunum ber að taka með þeim fyrirvara. Í dökkgrá reitnum er búið að umreikna fyrri tölur á flokkun sem var ákveðin árið 2018.

² Tungumálaver er undir Miðju máls og læsis frá og með árinu 2018

³ Aukninguna er tilkomin vegna þess að stöðugildi í nýrri Skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvarinnar fellur nú á skrifstofu SFS eða 11,4 stg.

SKORKORT 2021

Velgengnisþættir/ Mælikvarðar*	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Þjónusta - Hæfni og líðan barnsins, nemandans og ungmennisins			
Hlutfall foreldra sem telur að viðfangsefni leikskólans áhugaverð	95%	95%	98%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila	84%	-	86%
Hlutfall foreldra sem er sammála því að barnið sé áhugasamt um að læra í skólanum	-	78%	81%
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja að barnið eigi góða félaga/aðlagist vel í barna hópnum	92%	-	95%
Samsömun við nemendahópinn - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins**	-	5,1	5,2
Matskvarði á einelti - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins	5,3	5,3	5,1
Hlutfall foreldra sem telja að dvöl á frístundaheimili hafi jákvæð félagsleg áhrif á barnið sitt	89%	-	92%
Hlutfall foreldra barna sem telur að starfsfólk styðji barnið sitt vel í leikskólastarfinu	95%	-	98%
Sjálfsálit - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins	4,7	4,6	4,8
Þrautseigja í námi - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins	5,0	4,9	5,0
Hlutfall foreldra sem telur að barni sínu líði vel í skóla- og frístundastarfi	92%	90%	95%
Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsuefingu í starfinu	-	*	95%
Hlutfall foreldra sem telja að barnið taki stöðugum framförum í námi	-	80%	85%
Ánægja af lestri - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins	4,9	4,8	5,0
Hlutfall 9. bekinga með D og A í samræmdu prófinum íslensku	4%/11%	8%/15%	3%/18%
Hlutfall 9. bekinga með D og A í samræmdu prófinum stærðfræði	3%/7%	8%/8%	2%/11%
Fjármál - Auðlindir			
Hlutfall starfsstaða þar sem halli er innan við 2% m.v. fjárhagsramma	64%	58%	70%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu vegna uppgjöra	95%	95%	95%
Verklag - lýðræðisleg þátttaka barna og samstarf			
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð	66%	*	90%
Tíðni leiðsagnarmats - kvarði úr nemendakönnun skólupúlsins	-	5,0	5,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	5,1	5,2
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem segjast taka þátt í að meta framfarir barnsins	75%	-	78%
Hlutfall foreldra sem telja samræmingu frístundaheimila við annað frístundastarf ganga vel	92%	-	95%
Mannauður			
Mínum vinnustað er vel stjórnað	4,24	4,18	4,30
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	85%	86%	87%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	2,6%	2,9%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki	4,36	4,36	4,50
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	4,38	4,39	4,50
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	4,35	4,35	4,50




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg.

SKIPURIT



HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykka teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bilastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

USK aðalsjóður

	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	-3.867.305	-3.784.500	-4.202.244
Tekjur samtals	-3.867.305	-3.784.500	-4.202.244
Laun og launatengd gjöld	2.608.607	3.084.463	3.023.725
Annar kostnaður	8.766.861	9.631.796	10.593.849
Rekstrargjöld samtals	11.375.468	12.716.259	13.617.575
Rekstrarniðurstaða	7.508.163	8.931.759	9.415.331

USK eignasjóður

	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	-860.178	-633.245	-743.794
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	109.101	82.615	93.600
Tekjur samtals	-751.077	-550.630	-650.194
Laun og launatengd gjöld	1.803.456	2.126.713	2.302.199
Annar kostnaður	5.398.503	5.640.921	5.266.185
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-3.737.117	-3.942.175	-3.877.815
Rekstrargjöld samtals	3.464.842	3.825.459	3.690.569
Rekstrarniðurstaða	2.713.765	3.274.829	3.040.375


Raun 2019 er unnin á sambærilegan hátt og fjárhagsáætlun 2020 og 2021

STARFSFÓLK


	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	420	443	449
Fjöldi stöðugilda	395	412,5	416,6
Fjöldi sumarstarfsmanna	330	389/327	327
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	2295	3316/2365	2365
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Sviðstjóri	17,4	18,4	18,8
Skrifstofa sviðstjóra	9	10	10
Mannauðsdeild	5	5	5
Fjármáladeild	4	5	5
Skipulagsfulltrúi	16,5	16,5	16,5
Byggingafulltrúi	22	22	22
Samgöngustjóri og borgarhönnun	39	44	44
Heilbrigðiseftirlit	23	25	25,7
Umhverfissæði	79	80	80
Framkvæmdir og viðhald	46,3	51,8	55
Rekstur og umhirðar borgarlandsins	133,8	134,8	134,6

SKIPTING REKSTRAR 2021


Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2021



Skipting tekna í aðalsjóð 2021



Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð 2021



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Árið 2020 hefur verið óhefðbundið. Heimsfaraldur hefur sett svip sinn á borgina líkt og heimsbyggðina og því er árið að einhverju leyti frábrugðið því sem við var að búast. Á mesta uppbyggingarskeiði í sögu borgarinnar og takmarkalausum uppgangi ferðaþjónustu varð takturinn skyndilega annar vegna Covid-19. Þess vegna skiptir máli hvernig viðsýrnan verður. Með Græna planinu sem borgarstjórn samþykkti í sumar erum við á umhverfis- og skipulagssviði komin með ákveðinn ramma utan um fjárfestingar, framkvæmdir og atvinnusköpun í Reykjavík. Reykjavík er í forystu í umhverfismálum og mun verða það áfram með Græna Planinu til að tryggja kolefnishlutlaust borgarsamfélag árið 2040.

Uppbyggingin í Reykjavík samkvæmt Aðalskipulagi heldur áfram af fullum krafti. Efstaleiti, Austurhöfn, Kirkjusandur, Hverfisgata auk Valssvæðis og Vogabyggðar eru orðin ný íbúðasvæði í Reykjavík og hverfin austan Elliðaána eru í endurskipulagningu með sjálfbærni og grænar áherslur að leiðarljósi. Fjárfesting á vegum borgarinnar hefur aldrei verið meiri en töluvert bættist við af nýjum fjárfestingarverkefnum vegna Covid-19. Nú þegar er hafinn undirbúningur stórra hönnunarsamkeppna vegna uppbyggingar nýrra grunnskóla og nútíma Borgarbókasafns. HverfisSKIPULAGSVINNAN hefur gengið vel og munu fleiri hverfi bæstast við árið 2021 og stór umbreytingarverkefni í samgöngum og skipulagi í undirbúningi.

Áfram er lögð áhersla á skipulagningu þróunarsvæða og þróunarása aðalskipulagsins þar sem Borgarlína verður hryggjarstykkið auk mjúkra aðgerða til að fjölga þeim sem nýta hjól sem samgöngutæki. Markmið er að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks. Að sama skapi þarf að endurhanna torg, göngugötur, og borgargötur til þess að gera borgina líflegri, gönguvænni og blómlegri en borgin hefur sjaldan verið eins blómleg og einmitt sumarið 2020.

Verkefnið Sumarborgin var samstarfsverkefni þvert á nokkur svið borgarinnar þar sem markmiðið var að gera miðborgina að blómlegum og skemmtilegum áfangastað í sumar í samvinnu við rekstraraðila. Mikill metnaður er til þess að miðborgin verði falleg og lífleg allt árið um kring og að Sumarborgarverkefnið haldi áfram árið 2021. Í ár var einnig farið í samstarf við Veitur um að bæta upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila, borgarbúa og fjölmiðla. Voru framkvæmdir við Tryggvagötu fyrsta verkefnið þar sem nýtt verklag var notað. Á næsta ári verður áhersla á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd.

Umhverfis- og skipulagssvið ber ábyrgð á margvíslegum og mikilvægum verkefnum og sinnir fjölbreyttri þjónustu til borgarbúa. Vönduð vinnubrögð, skilvirkni, fagmennska og notendamiðuð þjónusta eru lykilþættir í að vel til takist. Því hefur starfsfólk sviðsins sinnt innri stefnumótun á árinu og mótað saman ný gildi og sett sér markmið um meiri samvinnu þvert á starfseiningar og betri þjónustu til borgarbúa.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 gera líkt og árið 2020 ráð fyrir 1% hagræðingu sem felur í sér eðlilegt aðhald í opinberum rekstri. Sú hagræðingarkrafa kallar á að markmið umhverfis- og skipulagssviðs séu skýr og að verkefnum sé forgangsraðað í samræmi stefnu aðalskipulagsins sem kallast á við Græna planið þar sem ólíkir straumar umhverfismála og sjálfbærni fléttast inn í ákvarðanatöku, framkvæmdir og rekstur næstu ára. Það verður spennandi að fylgja því eftir því öll okkar verkefni miðast að því að gera Reykjavík enn heilnæmari, hreinni, fallegri og öruggari fyrir alla sem í borginni búa og hana heimsækja – nú og í framtíðinni.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að rekstrarrámmi sviðsins hækki um 1.308 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2020. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 741 m.kr., kemur inn í rekstrarramma sviðsins vegna kjarasamningsbundinna launahækkana vegna árána 2020 og 2021.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað 2,4% á samninga sem eru vísitölutryggðir að upphæð 107 m.kr. en á móti er gerð hagræðingarkrafa á laun og annan rekstrarkostnað 1% að upphæð 121 m.kr. Þá er gert ráð fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu vegna viðhalds við húsnæði borgarinnar að upphæð 270 m.kr. Gert er ráð fyrir að innri leiga hækki um 978 m.kr. sem er að stærstum hluta vegna leigu gatna 916 m.kr. Viðbótarfjármagn er sett í hitakerfi vegna magnaukningar að upphæð 31 m.kr., áramótabrennur vegna aukinna krafna við vöktun að upphæð 11 m.kr. og vegna söltunar á göngu og hjólaleiðum að upphæð 7 m.kr.

Við útfærslu á hagræðingarkröfu sviðsins var ákveðið að reikna út ramma fyrir hverja rekstrareiningu fyrir sig sem byggði á forsendum rammaúthlutunar þ.e. hagræðingarkrafa 1% á laun og annan

rekstrarkostnað. Niðurstaðan var síðan útfærð innan hverra rekstrareiningar fyrir sig, ekki tókst að hagræða að fullu hjá sorphirðu og var mismuninum náð með tekjuaukningu.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðalskipulag

Breytingar og endurskoðun á einstökum stefnuákvæðum AR2010-2030 verður áfram megin viðfangsefni á árinu 2021, líkt og verið hefur undanfarin fimm ár. Borgaryfirvöld þurfa ávallt að vera viðbúin því að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu í ljósi breyttra forsenda og til að fylgja fastar eftir settum markmiðum. Megin verkefni ársins 2020 hefur snúið að stórri breytingu á aðalskipulaginu, sem felur meðal annars í sér heildrænt endurmat á stefnunni um íbúðarbyggð auk fleiri atriða. Þegar farið var af stað með þá breytingu sumarið 2019, lá fyrir að ýmsar þær áskoranir sem borgin stóð frammi fyrir við samþykkt skipulagsins árið 2014, höfðu vaxið verulega. Nægir í því samhengi að nefna loftslagsmálin og uppbyggingu Borgarlínu. Markmið breytingar er einnig að skerpa á húsnæðisstefnu aðalskipulagsins og setja skýrari markmið um gæði íbúðarhúsnæðis og nærumhverfis þess. Í samhengi við endurskoðun stefnunnar um íbúðarbyggð hafa megin forsendur aðalskipulagsins um íbúafjölgun og íbúðapörf verið endurrýndar og er í væntanlegri tillögu lagt til að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt um 10 ár eða til ársins 2040. Vinnan við þessa breytingu hefur reynst umfangsmeiri en ráð var fyrir gert og tekið lengri tíma og má reikna með að lokaafgreiðsla hennar verði ekki fyrir en í byrjun næsta árs. Auk þessa hafa verið í vinnslu minni breytingar á aðalskipulaginu og má reikna með að alls verði staðfestar 7-9 breytingar á aðalskipulaginu á árinu. Einnig hefur verið í vinnslu sér breyting á aðalskipulaginu vegna Borgarlínu og þeirra innviðauppbyggingar sem hún kallar á. Sú breyting verður í vinnu- og afgreiðsluferli fram á næsta ár.

Á næsta ári er áformað að ráðast í heildarmat á stefnu aðalskipulagsins varðandi útivistarsvæði, verndarsvæði og landbúnaðarsvæði o.fl., þar sem einblínt verður á land utan vaxtarmarka þéttbýlis. Við mótun breytingartillagna verður stefnu borgarinnar í loftslagsmálum höfð til hliðsjónar, auk þess sem horft verður til áherslna sem koma fram í endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu ríkisvaldsins, stefnu borgarinnar um Græna netið og líffræðilegan fjölbreytileika, svo og sérstakrar stefnumótunar um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi. Auk þess má reikna með nokkrum smærri og staðbundnari breytingum á aðalskipulaginu, eftir því sem kallað verður eftir vegna breyttra forsenda. Lokafrágangur á ofangreindri aðalskipulagsbreytingu um íbúðarbyggð og tilheyrandi heildaruppfærsla gagnagrunns aðalskipulagsins, m.a. vegna nýrra krafna um stafrænt skipulag, mun einnig fara fram í byrjun næsta árs.

Í öllum megin atriðum hefur gengið vel að fylgja eftir markmiðum aðalskipulagsins síðan það var staðfest í febrúar 2014. Þær endurbætur sem nú eru unnar á aðalskipulaginu eiga að tryggja enn betur markvissa framfylgd stefnunnar. Besta leiðin til þess að vinna markvisst að innleiðingu aðalskipulags og festa það í sessi sem öflugt stjórnþæki sveitarfélags, er að stuðla að stöðugri umræðu um það og þá langtímasýn sem í því felst og taka stöðuna reglulega með skilgreindum mælikvörðum.

Aðkeypt vinna og þjónusta á árinu 2021 verður einkum vegna ofangreindra breytinga á stefnu aðalskipulags, auk umhverfismats stakra breytinga, og mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, auglýsingakostnaður vegna lögbundinna kynninga á breytingum, rannsóknir og greiningar vegna einstakra verkefna og eftir atvikum vegna miðlun aðalskipulagsins. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2020 en meta þarf sérstaklega aukaframlög vegna sérstakra verkefna vegna, s.s. vegna Borgarlínuverkefnisins.

Stefnumótun, greining og miðlun

Haldið verður áfram að vinna að kolefnishlutlausri Reykjavíkurborg árið 2040. Gert er ráð fyrir að vinnu við endurskoðun á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum verði lokið í lok árs 2020. Kynning, miðlun og fræðsla um aðgerðaráætlunina verður því nokkur hluti af starfi einingarinnar á árinu 2021. Áfram verður aðstoðað eftir þörfum við innleiðingu aðgerða sem stuðla að því að Reykjavíkurborg verði kolefnishlutlaus 2040.

Haldið verður áfram samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um loftslagsmál og Festu, félags um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja auk þátttöku í rannsóknarverkefnum á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar og Evrópusambandsins m.a. um hringrásarhagkerfið og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Haldið verður áfram að auka gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa. Unnið verður eftir nýjum ferlum um framkvæmdir í samstarfi við Veitur til að tryggja góða upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila, borgarbúa og fjölmiðla. Lögð verður áhersla á að ímynd USK endurspegli þá framúrskarandi þjónustu sem sviðið veitir og einnig að aðstoða sérfræðinga sviðsins til að vera virkir í faglegri fræðslu og umræðu um málefni sviðsins. Efla áfram upplýsingaflæði um starfsemi USK til samfélagsins og koma jákvæðum fréttum betur á framfæri. Notkun samfélagsmiðla verður aukin í þessum tilgangi. Áhersla verður á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd. Unnið verður að endurhönnun á efni og útliti fyrir vefsvæði umhverfis- og skipulagssviðs á nýjum vef Reykjavíkurborgar út frá notanda. Miðlunarteymi USK metur í samstarfi við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna. Áfram unnið að því að auka gæði samráðs- og íbúafunda um verkefni sviðsins.

Landupplýsingar

Farið verður í viðamikla yfirferð alla lóða í Reykjavík með það að markmiði að samræma upplýsingar í gagnagrunnum LUKR og í Fasteignaskránni. Samhliða þessu verður skoðuð staða lóðaleigusamninga. Lóðaskrá sem geymir allar helstu upplýsingar um lóðir í Reykjavík er tilbúin til notkunar. Hannað verður notendaviðmót fyrir hana til að auðvelda starfsmönnum sjálfstæðari leit að upplýsingum í skránni, skoðun gagna og greiningarvinnu. Skoðaðir verða áfram möguleikar á ítarlegri notkun upplýsinga úr Fasteignaskránni, Þjóðskránni, fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og úr gögnum Heilbrigðiseftirlits til að auðvelda greiningarvinnu fyrir aðalskipulag. Þrívíddarlíkön af húsum í LUKR verða endurskoðuð og lagfærð með það að markmiði að húsin endurspegli betur raunveruleikann. Gerðar verða prófanir á þrívíddarlíkani úr LIDAR gögnum. Skoðað verður afmarkað svæði til að gera sér betur grein fyrir þeim möguleikum sem þessi gögn bjóða upp á og einnig til að kanna áhuga hjá öðrum starfsstöðum borgarinnar til að nota þessi gögn. Þróaðar verða áfram lausnir sem munu gera notendum kleift að sækja sjálfvirk valin gögn beint af netinu. Farið verður í endurskoðun og endurhönnun á vefsíðum Landupplýsinga með það að markmiði að einfalda aðgengi að gögnum og þjónustu Landupplýsinga. Yfirferð og endurskönnun mæliblaða og lóðauppdráttar mun halda áfram. Skoðaðir verða möguleikar á að kortleggja í LUKR alla leyfisskylda starfsemi í borginni. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Heilbrigðiseftirlitið. Sveitarfélagsmörk Reykjavíkurborgar í LUKR eru ónákvæm eða óljós á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við lögfræðinga sviðsins. Þróun nýrra veflausna byggðar á ArcGIS hugbúnaði mun halda áfram. Þessar lausnir munu gera starfsmönnum kleift að safna og uppfæra landupplýsingagögn beint úti í mörkinni. Skráning landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisSKIPULAGSVINNU mun halda áfram.

Skrifstofa sviðstjóra

Skrifstofan hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Í því felst að tryggja innleiðslu nýrra laga og reglna auk þess að fylgjast með túlkun laga fyrir dómstólum og úrskurðaraðilum og tryggja að breytingar skili sér inn í verklag og stjórnsýsluframkvæmd. Áhersla verður áfram á innleiðingu nýrra persónuverndarlaga og skýra upplýsingagjöf til hinna skráðu við vinnslu persónuupplýsinga. Unnið verður að aukinni skilvirkni í stjórnsýslu sviðsins og skýrari ferlum í málum sem varða þjónustu við borgarana. Áfram verður unnið að innleiðingu að gæðastjórnunarkerfi sviðsins fyrir nýjar starfseiningar. Embætti skipulagsfulltrúa verður vottað í byrjun árs 2021 og undirbúningur að vottun hjá skrifstofu framkvæmda- og viðhalds verði hafin þá. Haldið verður áfram að innleiða öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 með vottun í huga síðar. Verkefnastofa vinnur áfram að þróun og innleiðingu faglegrar verkefnastjórnunar á sviðinu.

Mannauður

Áherslur mannauðsdeildar 2021 eru farsæl innleiðing styttingar vinnuvikunnar í samræmi við kjarasamninga, vinnumarkaðsaðgerðir til að bregðast við auknu atvinnuleysi og þörf fyrir virkni og uppbyggingu, og endurskoðun starfa með nýsköpun og sveigjanlegt vinnuumhverfi að leiðarljósi. Jafnframt mun mannauðsdeild koma að framkvæmd og útfærslu ýmissa umbótaverkefna sem fram koma í stefnumótunarvinnu USK sem hefur átt sér stað á síðustu mánuðum.

Skipulagsfulltrúi

Samkvæmt verkefnisáætlun verður unnið og lokið við gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Breiðholt, Hlíðar og Háaleiti, Bústaði á árinu og hafin vinna við gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Grafarvog og Kjalarnes að undangengnu samráðs- og kynningarferli með borgarbúum. Gert er ráð fyrir að hverfisSKIPULAGSÁÆTLANIR fyrir Breiðholt, Háaleiti og Bústaði og Hlíðar komi úr formlegu auglýsinga- og kynningarferli á þriðja ársfjórðungi. Önnur verkefni tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi eða í bígerð. Helstu verkefni tengjast með einum eða öðrum hætti uppbyggingar- og húsnaðisáætlun borgarinnar og skipulags- og uppbyggingaráætlanir meðfram Borgarlínu. Stærstu verkefni eru í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði, hugmyndaleit um uppbyggingu þar sem fyrirhuguð Borgarlína þverar Miklubraut og Sæbraut sem settar verða í stokk á þeim köflum. Önnur skipulagsverkefni eru í Kringlunni, Hátúni, Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða í umráðum ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Í útmörk borgarinnar eru helstu verkefni á árinu 2021 skipulagsgerð fyrir útivistarsvæði Rauðhóla og athafnasvæðið austast á Hólmsheiði. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisSKIPULAGS. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.

Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta eftir föngum þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða, byggingaraðila og annarra viðskiptavina embættisins.

Stefnt er að því að innan nokkurra mánaða að tekið verði í gagnið nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg og lögbundin tenging gerð í kjölfarið við byggingargátt Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vegna þessa þarf að breyta vinnulagi embættisins nokkuð, en það krefst m.a. aðlögunar verklagsreglna gæðakerfis embættisins að því að hefja móttöku umsókna og yfirferð þeirra á rafrænu formi. Nú er verið að vinna í möguleikum á flutningi gagna úr núverandi kerfi í nýtt kerfi til varðveislu skjala og upplýsinga og áframhaldandi skráninga á opnun byggingarleyfum. Áfram mun verða unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum.

Samgöngur og borgarhönnun

Á árinu 2021 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli.

Endurhönnun göturýmis og torga í miðborginni, göngugötur og torg í biðstöðu verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar á næsta ári. Sérstök áhersla verður áfram lögð á útfærslu varanlegra göngugatna í miðborginni, forhönnun göturýmis og torga við Borgarlínu, hönnun borgargatna í eldri hverfum utan miðborgarinnar og gerðar hönnunarhandbóka fyrir göturými nýrra borgarhluta.

Í samræmi við hjólréiðaaætlun 2015-2020 verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík fjölgað auk „mjúkra“ aðgerða til að fjölga þeim sem hjóla. Stefnt er að því að Hjólréiðaaætlun Reykjavíkur 2021-2025 liggi fyrir í upphafi árs 2021 og unnið verði á grundvelli hennar í framhaldinu.

Undirbúningur nýs kerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram.

Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að greiningu og undirbúningi úrbóta á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar. Nýtt samgöngulíkan fyrir höfuðborgarsvæðið verður notað í greiningar á valkostum. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringum í samræmi við niðurstöður nýrrar úttektar á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa. Innleiðing forgangs neyðarumferðar og strætisvagna heldur áfram og stefnt er að því að rauntímastýringar verði innleiddar með nýjum búnaði og stýringum.

Tillaga að hámarkshraðaáætlun fyrir Reykjavík, í samræmi við nýja umferðaröryggisáætlun, verður lögð fram. Áfram verður unnið að aðgerðaáætlunum í umferðaröryggismálum fyrir hverfi borgarinnar og innleiðingu á nýjum hámarkshraða. Styrkir til íbúa til úrbóta í hljóðvistarmálum íbúðarhúsnæðis verða áfram til meðferðar og undirbúningur uppbyggingar hljóðvarna skv. nýrri aðgerðaáætlun.

Á árinu verða umfangsmestu verkefnin í samgönguskipulagi tengd þróunarsvæðum í borginni. Við undirbúning Borgarlínu og hjólréiðainnviða er ljóst að víða þarf að endurskoða samgönguskipulag.

Bílastæðasjóður

Stýrihópur um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum, sem skipaður var af skipulags- og samgönguráði, lauk störfum árið 2019. Hópurinn setti m.a. fram verklag við fjölgun gjaldskyldusvæða í borginni og endurskoðun gjaldskrár og gjaldskyldutíma bílastæða.

Unnið er eftir nýju verklagi sem mun endurspeglar nýtingu bílastæða á svæðinu og getur gjaldskrá því bæði hækkað og lækkað eftir reglubundnum talningum á nýtingu. Þá er mögulegt að gjaldskyldutími verði lengdur á þeim svæðum þar sem mesta nýtingin er skv. talningum á nýtingu bílastæða. Á móti er lítið til þess að draga úr gjaldskyldutíma á þeim svæðum sem einkennist af því að vera að mestu leyti íbúasvæði en er gjaldskyldt vegna ásóknar í bílastæðin sökum nálægðar við vinnustaði.

Greiðsluleiðum fyrir notendur gjaldskyldra bílastæða hefur fjölgað og nú er hægt að greiða fyrir stæði í stöðumælum og mismunandi smáforritum í snjallsímum. Unnið er að uppsetningu á nýjum aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús sem munu auka sveigjanleika í áskriftarleiðum og þjónustu s.s. aðgengi að bílahúsum. Gjaldskrá bílahúsa, samningar við langtímanotendur og fleira verður tekin til endurskoðunar. Þá er stefnt að því að innleiða nýtt álagninga- og málaskrárkerfi fyrir innheimtu stöðvunarbrotagjalda en eldri búnaður er ekki að uppfylla þær þarfir sem leitað er eftir.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður áfram lögð á gerð kostnaðaráætlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Þá verða áfram þróaðar kröfur vegna ýmissa umhverfispátta til að setja fram við val á verktökum á verktökum vegna framkvæmda á vegum sviðsins. Aukin áhersla verður á umhverfissvottun (BREEAM) við nýbyggingar og meiriháttar endurgerð fasteigna.

Framkvæmdir við menningarmiðstöð, sundlaugar og íþróttamannvirki í Úlfarsárdal er í fullum gangi. Stefnt er að opnun nýrrar almenningssundlaugar árið 2021 / 2022 og að framkvæmdum við íþróttamiðstöð ljúki á árinu 2022.

Á árinu 2020 var unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á alls 16 lóðum við leik- og grunnskóla á árinu. Framkvæmdum við fjölnota íþróttahús á íþróttasvæði ÍR í suður Mjódd lauk á árinu 2020. Þá hófust á árinu 2020 einnig framkvæmdir við nýtt svokallað parkethús á íþróttasvæði ÍR. Áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki á árinu 2021.

Á árinu 2021 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum við Elliðavog – Vogabyggð, Hlíðarenda og á Kirkjusandi. Ný svæði verða gerð byggingahæf í Gufunesi og á Esjumelum. Verkefni í nýbyggingahverfum í Úlfarsárdal og í Reynisvatnsás halda áfram í takt við þróun íbúðabygginga. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar samkvæmt áætlun 2021. Á árinu 2020 voru lögð ný malbiksslitlög á um 21 km af götum í Reykjavík auk hefðbundinna malbiksviðgerða. Gert er ráð fyrir sama umfangi malbiksframkvæmda á árinu 2021.

Skrifstofa reksturs og umhirðu

Sem fyrr verður lögð áhersla á hagkvæman og skilvirkan rekstur á verkefnum en gera má ráð fyrir að heimsfaraldur Covid-19 hafi áhrif á verkefni skrifstofunnar. Haldið verður áfram með innleiðingu LEAN aðferðarfræðinnar í stýringu verkefna og allrar starfsemi en heimsfaraldurinn hefur tafið verkefnið nokkuð. Útboðsmál verða ofarlega á baugi í verkefnum skrifstofunnar t.d. á sviði vetrarþjónustu og verkefna hverfastöðva. Stefnt er að meiri samlegð vinnuafis milli gatnamála og garðyrkjuverkefna hjá útstöðvum. Liður í þessu verkefni er að rekstur hverfastöðvar vestur á Fiskislóð og verkbækistöðvar garðyrkjunnar á Klambratúni verður sameinað undir einni rekstrareiningu. Haldið verður áfram með skoðun á hverfastöð austur þar sem markmiðið er að sameina gatnamál og garðyrkju í eina starfsstöð líkt og í vesturlutanum. Líkt og undanfarin 2 ár mun verða sett meiri áhersla á verkefni í garðyrkju t.d. með því að setja fleiri sumarstarfsmenn í tengd verkefni. Lokið verður við innleiðingu rafræns umsóknakerfis vegna afnotaleyfa á borgarlandinu. Lögð verður áhersla á að innleiða nýja verkferla við eftirlit með afnotaleyfum og sterk úrræði vegna brota á leyfisveitingum eða óleyfisframkvæmdum. Ný samþykkt um útgáfu afnotaleyfa verður innleidd þar sem sterkari heimildir til úræða vegna leyfisveitingabrota verða settar fram. Einnig verður skoðað að ferla verkefni samhliða innleiðingu LEAN aðferðarfræðinnar. Samfara ofangreindum áherslum verður rík áhersla á skoðun og greiningu á aukinni skilvirkni í starfsemi skrifstofunnar þar sem leiðarljósið er að finna bestu lausn á hverju verkefni.

Skrifstofa umhverfisgæða

Unnið verður samkvæmt stefnu og aðgerðaáætlunum málaflokka sem heyra undir skrifstofuna. Unnið er að tilraunaverkefni við hirðu á lífrænum eldhúsúrgangi á Kjalarnesi og í Hamrahverfi. Í kjölfar þess verður lagt mat á hver sé heppilegasta leið til hirðu á lífrænum eldhúsúrgangi í Reykjavík og innleidd hirða í allri borginni. Til skoðunar er einnig sérsöfnun á málmum og gleri við heimili. Það verða því innleiddar nokkrar breytingar á hirðu heimilissorps í Reykjavík á árinu 2021, bæði við heimili og á grenndarstöðvum. Kallað hefur verið eftir samræmingu á flokkun og hirðu úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og verður það skoðað áður en ráðist verður í breytingar. Ekki er gert ráð fyrir breyttri hirðu í fjárhagsáætlun þar sem breytingarnar hafa ekki verið kostnaðarmetnar eða samþykktar. Boðið verður upp á djúpgámalausnir á borgarlandi í eigu borgarinnar til hirðu heimilisúrgangs þar sem byggð er þétt í stað sorptunna. Gert er ráð fyrir að húsfélög sækji um slíkar lausnir við hirðu en eftir er að skilgreina skilmál fyrir að fjárfest sé í þessum lausnum og þær settar upp.

Verkefni í Grænum skrefum hafa verið uppfærð og eins kynningarefni og samráðshópur verkefnisins endurmannaður. Unnið verður að fjölgun þátttakenda í Grænum skrefum og eins innleiðingu nýrra verkefna en Grænum skrefum er ætlað hlutverk í innleiðingu á meðal annars Græna planinu, matarstefnu borgarinnar, loftslagsstefnu og umhverfis- og auðlindastefnu.

Unnið verður skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna um uppbyggingu innviða til hleðslu rafbíla. Gert er ráð fyrir að fjölga stöðum sem hægt er að hlaða á á borgarlandi um 20 á næsta ári en fjöldi hleðslustæða á hverjum stað verður að jafnaði 6 stæði. Fyrir eru 222 hleðslustæði aðgengileg íbúum í Miðborginni, í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs og á borgarlandi nærri starfsstöðum borgarinnar. Gert er ráð fyrir að 40 m.kr. verði settar í styrktarsjóði Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur til uppsetninga á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við fjöleignarhús á næsta ári.

Unnið verður að áætlunum og forgangsörðun fyrir verkefni á grænum svæðum borgarinnar þar með talið í Hljómskálagarði og Klambratúni. Unnið verður að endurskoðun á leiksvæðastefnu. Einnig verður fylgt eftir aðgerðaráætlun stefnu um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðaáætlun um græna netið. Unnið verður að tillögugerð um friðun svæða innan Reykjavíkur og þátttaka í gerð deiliskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Rauðhóla. Unnið verður að áætlunum um trjá- og skógrækt í Úlfarsfelli, og tengja við áform um aukna kolefnisbindingu. Fylgt verður eftir framkvæmdum við endurheimt votlendis

í Úlfarsárdal og skoðuð frekari tækifæri í endurheimt votlendis. Áfram verður lögð áhersla á að vinna gegn útbreiðslu ágengra plöntutegunda.

Í Grasagarðinum verða möguleikar tengdir nýjum gagnagrunni nýttir til miðlunar og fræðslu. Móttaka skólabarna í fræðslu verður aukin og áhersla verður lögð á loftslagsmál í allri miðlun og fræðslu. Unnið er að nýrri stefnu Grasagarðsins og stefnt að samþykkt á árinu.

Þátttaka í Vinnuskóla Reykjavíkur sló öll fyrri met árið 2020 og má búast við góðri þátttöku árið 2021 verði atvinnuástand með sama hætti. Til að mæta auknum fjölda og vegna áhrifa Covid-19 faraldursins var starfstími Vinnuskólans lengdur árið 2020. Sótt var um viðbótar fjárveitingu vegna fjölgunar nemenda og lengingar starfstíma sl. sumar og má búast við að það sama verði gert árið 2021. Áhersla verður á að bjóða fjölbreytt störf líkt og undanfarin ár.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er áætluð árið 2021 með hefðbundnu sniði í framfylgd laga og reglugerða. Megin starfsemin fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlunum með reglubundnu eftirliti í starfsleyfissskyld fyrirtæki, eftirfylgni og útgáfu starfsleyfa til samræmis við ákvæði laga og reglugerða sem Heilbrigðiseftirlitið framfylgir. Starfsáætlun er unnin í samræmi við mannafla þar sem reiknuð eru út mannár og verkefni miðað við tíma í eftirliti og tíðni eftirlits skv. áhættumati sett inn. Fyrirtæki eru áhættumetin og svo er forgangsraðað miðað við mikilvægi og það sem hægt er að komast yfir. Einnig eru helstu verkefni tekin inn í starfsáætlun, s.s. leyfisveitingar auk áætlaðra kvartana sem berast og símenntun starfsfólks. Fjöldi fyrirtækja undir eftirliti HER hafa lent í rekstarvanda vegna Covid-19 og jafnvel þurft að hætta starfsemi og því fylgir áætlunum óvissa sem er háð því hversu lengi ástandið mun vara. Hér er aðallega um að ræða veitingastaði og gististaði. Kvartanir (mínus hundaeftirlit) eru áætlaðar 1500 árið 2021 og aukast milli ára. Eftirlitsferðir eru áætlaðar u.þ.b. 3700.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Eins og kemur fram á mynd hér fyrir neðan þá hefur vinnslutími greiningar sviðsins verið framlengdur til lok árs 2021. Ástæða þessarar seinkunar eru að mestu leyti raknar til Covid-19 faraldursins, en þá fóru þessi verkefni á bið á meðan stór hluti starfsfólks vann í fjarvinnu ásamt því að takmarkanir voru á samskiptum við aðrar deildir innan sviðsins. Þrátt fyrir að ekki var hægt að framfylgja þessari áætlun þá er stefna KFS vinnuhópsins að taka upp þessar greiningar fyrir árið 2021 eins og sést hér fyrir neðan. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2020 þá skilaði verkefnahópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2019-2021	Ábyrgðaraðili	Greiningar-tímabil (frá-til)
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Október-desember 2020
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Janúar-mars 2021
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Janúar-mars 2021
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Mars-maí 2021
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Ágúst-desember 2021
Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins	Sviðsstjóri	Tímabil eftirfylgni
Samgöngumál	Sviðsstjóri	Nóvember 2019 (var framkvæmt - eftirfylgni II í nóvember 2020)

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI


	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Rekstur og umhirða					
Bekkir	1.164	1.164	1.263	1.263	1.263
Stampar	1.421	1.429	1.520	1.526	1.526
Sláttur - flatarmál (m ²)	4.709.060	4.696.838	4.724.056	4.697.828	4.697.828
Sláttur – fjöldi sláttusvæða	9.793	9.893	10.133	10.258	10.258
Hitakerfi - flatarmál (m ²)	250.467	250.467	258.052	272.732	272.723
Ljósastaurar	22.079	22.178	22.333	23.519	23.519
Vetrarþ. gatna. ökulengd (km)	956	957	963	963	963
Vetrarþ. gönguleiða (km)	812	814	818	824	824
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²)	6.622.457	6.631.140	6.621.095	6.622.964	6.622.964
Útgefin afnotaleyfi	1.085	950	1.191	1.200	1.200
Samgönguskrifstofa					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	25	29	31	33	37
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	1	11	13	15	16
Banaslys í umferðinni	2	0	0	-	-
Umferðaróhöpp þar sem einhver slasast	281	249	237	-	-
Börn yngri en 18 ára sem slasast í umferðaslysi	54	34	43	-	-
Fjöldi umferðarljósa	116	117	118	119	119
Fjöldi gangbrautarljósa	37	37	38	39	40
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	46	46	40	42	39
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m ³	1.133.118	1.567.947	866.323	600.000	500.000
Byggðir m ³ (lokið við)	438.326	537.704	667.702	600.000	600.000
Samþykktir m ²	247.405	396.360	198.894	160.000	130.000
Byggðir m ² (lokið við)	110.730	135.373	187.901	150.000	150.000
Fullgerðar íbúðir	482	461	1.003	700	700
Hafin smíði nýrra íbúða	923	1.417	846	800	650
Fjöldi úttekta	3.344	3.847	2.459	2.400	2.400
Yfirferð uppdrátta	31.338	42.456	36.461	30.000	25.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	297/191	293/184	356/191	300/200	300/200
Móttækin og afgreidd bréf vegna erinda	21.761	21.157	20.269	19.000	18.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.187	3.141	2.962	2.600	2.400
Náttúra og garðar					
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	5.307	5.512	-	-	-
Skráðir safngripir í Grasagarði	-	-	4.223	4.800	5.000
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	3.940	3.770	4.758	3.100	3.500
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	183.871	122.534	200.356	195.000	195.000
Nemendur í Vinnuskóla	1.041	1.947	2.295	3.316	3.410
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur					
Útgefin starfsleyfi	613	534	610	470	500
Tóbakssöluleyfi	37	39	50	25	25
Fjöldi eftirlitsferða (- hundaftirlit)	3.819	3.792	3.927	3.000	3.700
Fjöldi kvartana (- hundaftirlit)	932	1.094	1.300	1.300	1.500
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	17	18	12	4	0
Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna)	0%	1,5%	0%	0%	0
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	11,7%	9,0%	2,0%	-	0

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Sorphirða við heimili					
Fjöldi grárna tunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	32.167	33.000	31.567	31.550	31.800
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.606	1.650	1.653	1.675	1.700
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	-	9	64	130	160
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	-	180	1.215	2.104	3.674
Blandaður úrgangur [tonn]	17.929	17.696	17.434	17.543	17.543
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	145	140	134	133	131
Fjöldi blárna tunna og kerja [tunnuígildi]	14.448	14.897	15.529	15.500	15.950
Pappír- og pappi í bláar tonnur [tonn]	3.165	3.107	2.914	2.677	2.757
Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi]	3.633	4.465	5.341	5.800	6.235
Plast í grænar tonnur [tonn]	261	335	394	442	487
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	58	57	56	58
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.026	1.069	1.250	1.110	1.200
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	133	145	189	182	200
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	72	110	157	201	210
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	6
Mótttekið magn úrgangs. [tonn]	50.653	53.402	52.666	55.000	52.250
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	2.198	1.942	1.748	1.700	1.700
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	140	141	128	140	140
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	68/34	96/53	95/40	90/40	90/40
Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3.315	3.271	3.600	3.606	3.606
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1.145	1.145	1.145	1.265	1.265
Fjöldi aukastöðugjalda	74.764	53.362	59.933	55.945	56.500
Fjöldi stöðubrota	14.012	13.516	14.921	14.290	14.200
Fjöldi endurupptökumála	4.554	4.387	5.387	5.555	5.500
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	3.205	3.330	4.017	4.306	4.200
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1.337	1.053	1.361	1.243	1.250



SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar.

Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, sérfræðiþjónusta skóla, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Þjónusta er veitt eftir málaflokkum og gegnir sviðið umfangsmiklu hlutverki hvað varðar velferðarþjónustu og skyldum gagnvart borgarbúum.

Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, Keðjunni og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar, heimili fyrir fatlað fólk, skammtímadvalir og dagþjónusta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Þjónustutekjur	2.362.905	2.866.943	3.259.050
Tekjur v. verkefna frá ríki	3.408.516	2.242.489	2.497.287
Tekjur samtals	5.771.421	5.109.432	5.756.337
Laun og launatengd gjöld	18.056.519	19.347.591	21.585.192
Annar rekstrarkostnaður	15.025.161	16.495.520	18.445.348
Rekstrargjöld samtals	33.081.679	35.843.111	40.030.539
Rekstarniðurstaða	27.310.258	30.733.679	34.274.202


STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	3.136	3.156	3.403
Fjöldi stöðugilda	1.846	1.858	2.004
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
*Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	322	332	350
Búsetuúrræði	664	676	709
Félagsmiðstöðvar	54	60	57
Dagþjónusta	68	67	71
Heimaþjónusta og heimahjúkrun	363	349	374
Hjúkrunarheimili	136	132	137
Þjónustuíbúðir	56	58	65
Stuðnings- og stoðþjónusta	136	114	127
Ýmis úrræði og þróunarverkefni	42	48	57
**Keðjan	5	23	57

*þ.m.t þjónustumiðstöðvar og barnavernd

**sinnir einnig stuðningsþjónustu

SKIPTING REKSTRAR 2021



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2021 byggir á frumvarpi ársins 2020, launahækkunum vegna nýrra kjarasamninga, viðaukum og samningsbundnum skuldbindingum við þriðja aðila. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar um 2,4%.

Viðbætur í ramma sviðsins árið 2021 vegna nýrra kjarasamninga nemur 2,9 ma.kr. Verðbætur vegna samningsskuldbindinga nema um 200 m.kr. Gert er ráð fyrir að opna sex íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á árinu 2021 í samræmi við uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum. NPA samningum mun fjölga í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins. Fjöldi samþykktar umsókna á bið á árinu 2020 eru 19 talsins. Niðurlagning herbergjasambýla heldur áfram og mun heimild sviðsins hækka um leið og úrræði opna eða verða flutt. Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 0,5% af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Haggræðingin er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviðsins og jafnframt á fjárheimildir vegna launa og annars rekstrarkostnaðar sem kunna að bætast við í ramma. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu.

Í kjölfar Covid-19 hefur sviðið þurft að bregðast skjótt við og mæta mismunandi þörfum notenda sviðsins. Áhersla hjá borginni hefur verið á velferð borgarbúa og sviðið hefur þurft að gera miklar breytingar á starfsemi sinni. Áætlun 2021 gerir ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á bundnum liðum og á starfsemi Barnaverndar sem skapast hafa vegna Covid-19 faraldursins. Borgarráð samþykkti að styrkja starfsemi Barnaverndar um 10 stöðugildi á árinu 2021 sem nemur 116 m.kr. Fjárheimild ársins 2021 verður aukinn með viðauka í janúar 2021. Með styrkingunni er ætlað að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga sem skapast hefur vegna Covid-19.

Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur eru bundnir liðir hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt lögum er skylt að greiða þennan stuðning að uppfylltum þeim kröfum sem eru fyrir hendi við úthlutun hans. Í áætlun 2021 er gert ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 5,6 ma.kr. fyrir báða liði. Af þeirri fjárhæð er áætlað að um 4,3 ma.kr. fari til fjárhagsaðstoðar og um 1,3 ma.kr. fari í sérstakan húsnæðisstuðning. Gert er ráð fyrir að fjöldi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð aukist töluvert milli ára eða sem nemur rúmlega 2.000 manns í heild. Ekki er gert ráð fyrir að allir fái framfærslu í 12 mánuði og jafngildir aukningin um 58%. Áætlun 2021 tekur tillit til þeirra sem missa bótarétt og gert er ráð fyrir að hluti þeirra muni fá

framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkandi hópi þeirra með erlent ríkisfang. Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar nemur 2,4% sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Samningur Reykjavíkurborgar vegna heimahjúkrunar við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) rann út 31. desember 2019 og var framlengdur til 31. desember 2020. Samningurinn er í endurskoðun og er gert ráð fyrir nýr samningur gildi til 31. desember 2024.

Unnið verður áfram að rafrænum lausnum og lögð áhersla á gott og aðgengilegt viðmót við þá einstaklinga sem sækja þjónustu til borgarinnar.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í kjölfar Covid-19 hefur sviðið þurft að grípa til umfangsmikilla breytinga í þjónustu við íbúa og í rekstri sviðsins til að tryggja öryggi og heilsu þeirra. Gripið hefur verið til ýmissa leiða til að tryggja velferð notenda sviðsins og starfsmanna. Enn ríkir mikil óvissa hvað varðar Covid-19 og rýna þarf áfram fjárhagslegar afleiðingar af völdum faraldursins og þau áhrif sem hann hefur haft á þá hópa sem sviðið þjónustar.

Á árinu 2020 hefur verið unnið að velferðarstefnu Reykjavíkurborgar sem er heildstæð stefna í velferðarmálum. Starfsfólk, notendur þjónustu og helstu hagsmunaaðilar tóku þátt í stefnumótunarvinnu og er markmiðið að forgangsraða verkefnum velferðarsviðs og skipuleggja starfsemina í kjölfarið þannig að stefnumótun sviðsins og leiðarljós verði ávallt í forgrunni. Vinnu við velferðarstefnu mun ljúka í lok árs og út frá því verður unnin starfsáætlun fyrir árið 2021.

Áfram verður unnið að stafrænni umbreytingu á árinu 2021 til að bæta þjónustu velferðarsviðs, gera hana notendavænni og skilvirkari sem mun til lengri tíma litið leiða til lækkunar á kostnaði. Velferðartæknismiðjan verður með sérstaka áherslu á innleiðingu tæknilausna í heimahjúkrun með frekari notkun spjaldtölva á hjúkrunarheimilum, raflása í heimaþjónustu og rafvæðingu í samskiptum við notendur heimaþjónustu.

FÉLAGSLEGT ÖRYGGI

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar er sá liður sem tekur mestum breytingum á árinu 2021. Gert er ráð fyrir 4,3 ma.kr. og fjölgun um rúmlega 2.000 manns á ársgrundvelli á árinu 2021. Ekki er gert ráð fyrir að allir fái framfærslu í 12 mánuði. Útgjöld fjárhagsaðstoðar fylgja efnahagssveiflum og það líður skammur tími frá því að breyting verður á efnahagsástandi landsins þar til sú breyting speglast í tölum um fjárhagsaðstoð. Áætlun 2021 tekur tillit til þeirra sem missa bótarétt og gert er ráð fyrir að hluti þeirra muni fá framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkandi hópi þeirra með erlent ríkisfang. Fjölgun á fjárhagsaðstoð og í þeim hópum sem sviðið þjónustar hefur þannig áhrif að biðlistar eftir að koma í viðtöl á þjónustumiðstöðvum hafa aukist. Rafræn afgreiðsla fjárhagsaðstoðar hefur skipt sköpum á árinu 2020 en kemur þó ekki að fullu í stað ráðgjafar sem þarf í mörgum tilvikum samhliða afgreiðslu umsókna. Áætlun 2021 gerir hins vegar ekki ráð fyrir þeirri aukningu sem orðið hefur í ráðgjöf á þjónustumiðstöðvum.

Samningaviðræður standa yfir við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks en um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs.

FJÖLSKYLDUR OG SAMFÉLAG

Barnavernd Reykjavíkur

Starfsemi Barnaverndar hefur verið styrkt og samþykkt borgarráð um sumarið 2020 að fjölga strax stöðugildum til að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga í kjölfar Covid-19. Ráðið var í sjö stöðugildi og munu fjórir starfsmenn sérhæfa sig í málefnum barna af erlendum uppruna og málefnum tengdum heimilisofbeldi. Eitt stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa og tvö stöðugildi fara í eftirlit. Fjárheimild ársins 2021 verður aukin með viðauka í janúar 2021 að fjárhæð 116 m.kr. Alls verður aukning um 10 stöðugildi hjá Barnaverndinni. Með styrkingunni er ætlað að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga sem varð fljótlega eftir að Covid-19 skall á. Áætlað er að sú aukning sem orðið hefur á árinu 2020 komi til með að haldast inn á árið 2021 en fylgst er með breytingum dag frá degi. Eftir fyrstu átta mánuði ársins hefur tilkynningum fjölgað um 10% og þegar horft er til efnahagshrunsins 2008 og 2009 að þá fjölgaði tilkynningum til Barnaverndar um 13,5%. Er það mat sviðsins að búast megi við álíka aukningu í fjölda tilkynninga og á þeim tíma.

Betri borg fyrir börn

Betri borg fyrir börn er þróunarverkefni sem fór af stað í Breiðholti á árinu 2020. Velferðarráð og skóla- og frístundaráð samþykktu í september 2019 að hefja samstarf um þróunarverkefni í Breiðholti, Betri borg fyrir börnin. Verkefnið fór af stað í byrjun árs 2020. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur í skóla- og frístundastarfi og þetta samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Þjónustan er í auknum mæli færð á vettvang barna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Markmið verkefnisins er að færa þjónustu nær skólaumhverfi barna og auka samstarf skóla-, frístunda- og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur og stofnanir hverfisins. Breyting var gerð á fjárheimild sviðsins þannig að 50% stöðugildi mannauðsráðgjafa frá velferðarsviði færðist í mannauðs- og rekstrarteymi „Betri borgar fyrir börn“.

Keðjan

Keðjan veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir og væntingar þjónustunotenda með áherslu á heildstæða og samfellda þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafraeðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smiðjur ásamt umsjón um stuðningsfjölskyldur. Á fyrstu átta mánuðum ársins 2020 fengu um 340 börn einstaklingsstuðning sem felst í aukinni þátttöku í samfélaginu til að rjúfa félagslega einangrun. Um 170 fötluð börn og 190 börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður dvöldu á sama tímabili hjá stuðningsfjölskyldum einu sinni í mánuði eða oftar. Níutíu og sex fjölskyldur fengu foreldrafraeðslu og uppeldisráðgjöf, 105 fjölskyldur (164 foreldrar) hafa sótt PMTO foreldrafærninámskeið og um 100 fjölskyldur hafa sótt námskeið vegna tilfinningalegs vanda barna. Undirbúningur að Keðjunni hófst á árinu 2019 og nær til um 300 starfsmanna í um 50 stöðugildum og hófst starfsemin í febrúar 2020.

STUÐNINGUR VIÐ SJÁLFSTÆTT LÍF

Málefni fatlaðs fólks

NPA samningar hjá Reykjavíkurborg eru nú 24 talsins. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að fjölga samningum í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins og efla þekkingu á NPA á velferðarsviði. Á árinu 2021 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglar í öllu starfi. Stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 verður fylgt eftir með fræðslu og lögð áhersla á hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Innleiðing færnikerfis (skills system) verður haldið áfram á árinu 2021 en um er að ræða aðferð tilfinningastjórnunar fyrir fólk með þroskaskerðingu.

Á næstu árum mun þörf fyrir ný tilboð í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk aukast verulega, bæði til að koma til móts við þá einstaklinga sem eru þegar í vinnumiðaðri stoðþjónustu og þurfa á breyttum tilboðum að halda, sem og það unga fólk sem mun útskrifast úr framhaldsskólum á næstu árum og hefur þörf fyrir fjölbreytt tilboð. Lögð verður áhersla á tengingu við atvinnulífið með það að markmiðið að styðja fatlað fólk til vinnu á almennum vinnumarkaði.

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur í dag fjóra vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun fatlaðs fólks. Þetta eru, Gylfaflöt dagþjónusta, Dagþjónustan Iðjuberg, Ópus – vinnu og virknimiðstöð og SmíRey – smíðaverkstæði fyrir einhverfa. Allir eru þessir staðir fullnýttir í dag og biðlistar eru staðreynd.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa undanfarin ár treyst á Ás styrktarfélag og keypt þjónustu fyrir flesta þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda. Ekki verður séð að Ás geti tekið við öllum þeim sem eru á biðlista nú þegar, né heldur þau ungmenni sem munu útskrifast úr framhaldsskólum á næstu árum.

Húsnæði fyrir fatlað fólk mun fjölga um sex íbúðakjarna á árinu 2021 og lokið verður við uppsetningu 20 smáhúsa fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Áfram verður unnið að niðurlagningu herbergjasambýla en þeim hefur fækkað úr 16 niður í 10. Í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr.38/2018 er greint frá því að öllum sem búa á herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.

Samningur Reykjavíkurborgar við Strætó vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks rann út á árinu 2020 og nýjar reglur um akstursþjónustu tóku gildi. Pant akstur, áður Strætó, annast nú þjónustu í kringum akstur fatlaðs fólks og aldraðra íbúa Reykjavíkur, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Sérstök stjórn akstursþjónustunnar hefur verið skipuð í stað samráðshóps félagsmálastjóra. Farið var í útboð vegna akstursins og urðu Hópbílar fyrir valinu. Samningurinn tók gildi 1. júlí 2020.

Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram sett í öndvegi á árinu 2021.

Málefni eldri borgara

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, á velferðartækni og endurhæfingu í heimahúsi. Unnið verður áfram að þessum verkefnum. Í dag eru þrjú endurhæfingarteymi starfrækt í þremur hverfum borgarinnar. Teymin eru fjármögnuð annars vegar frá Reykjavíkurborg, eða 45% af kostnaði, og hins vegar frá heilbrigðisráðuneytinu, eða 55% af kostnaði.

Hlutverk Velferðartæknismiðju sem tók til starfa haustið 2018 er að vera í fararbroddi í þróun og innleiðingu á velferðartækni í þjónustu við notendur á heimilum þeirra. Til ársins 2022 er sérstök áhersla lögð á prófanir og innleiðingu á tæknilausnum í heimahjúkrun borgarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu, tryggja gæði og öryggi og stuðla að sjálfstæðri búsetu í heimahúsum með það að leiðarljósi að bæta lífsgæði notenda. Helstu verkefnið verða notkun spjaldtölva á hjúkrunarheimilum, raflásar í heimaþjónustu, rafvæðing samskipta í búsetukörnum, heimaþjónustukerfi og upplýsingaskjái.

Á árinu 2020 var innleiðing skjáheimsókna stærsta verkefni velferðartæknismiðjunnar. Opnað var skjáver með þremur starfsstöðvum og var fjöldi skjáheimsókna 538 á sex mánaða tímabili frá innleiðingu.

Í febrúar 2020 var nýtt hjúkrunarheimili opnað að Sléttuvegi með 99 rýmum og í apríl var félagsmiðstöð opnuð á sama stað með áherslu á heilsueflandi starfsemi. Fyrir liggur að næsta hjúkrunarheimili í Reykjavík mun rísa að Mosavegi. Unnið er að samkomulagi við ríkið um byggingu alls 200 hjúkrunarrýma. Á árinu 2021 stendur til að loka hjúkrunarheimilinu að Seljahlíð og gera samning við Sóltún sem er að byggja nýtt húsnæði með tilheyrandi fjölgun á þjónustuíbúðum.

Aðgerðir með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við eldri borgara taka mið af því markmiði að Reykjavík sé aldursvæn borg og farið verður í aðgerðir með þeim tilgangi að draga úr einmanaleika eldri borgara.

Húsnæði

Áfram verður unnið í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á árinu 2017. Stefnt er að því að fjölga almennum félagslegum íbúðum um 500 á tímabilinu 2018–2022 og 100 íbúðum fyrir sértækt húsnæði. Á árinu 2021 er stefnt að því að stækka eignasafn Félagsbústaða um 125 íbúðir. Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum, til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

Húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir verður áfram fjölgað, meðal annars með uppsetningu á smáhúsum en gert er ráð fyrir að uppsetningu 20 smáhúsa verði lokið árið 2021.

Húsnæði fyrir fatlað fólk mun fjölga um sex íbúðakjarna á árinu 2021. Auk þess verða afhentar 12 – 20 stakar íbúðir í húsnæði með stuðning á tímabilinu 2021–2025.

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

INNRI STARFSEMI

Mannauður

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Mannauðsráðgjafar eru með viðveru á öllum þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sem hefur reynst mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa.

Lögd er áhersla á aukna ábyrgð einstaklinga í starfi og um leið sveigjanleika og góðar aðstæður til að samræma starf og einkalíf. Tímamótasamkomulag um styttingu vinnutíma náðist í kjarasamningum á vormánuðum 2020. Markmið styttingar vinnutímans er að bæta lífsgör og auðvelda samræmi á milli vinnu og einkalífs. Styttingin hefur einnig það að markmiði að bæta vinnustaðamenningu og auka skilvirkni og þjónustu. Búið er að skipa í vinnutímahópa sem eru að undirbúa umbótasamtöl um betri vinnutíma dagvinnufólks sem fer fram á hverri starfsstöð sviðsins. Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki hefst í síðasta lagi 1. janúar 2021.

Einnig var samið um umfangsmiklar breytingar á vinnufyrirkomulagi í vaktavinnu til að bæta starfsumhverfi starfsfólks. Markmið breytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og er þeim ætlað að auka jafnvægi á milli vinnu og einkalífs þannig að störf í vaktavinnu verði

eftirsóknarverðari ásamt því að bæta öryggi og þjónustu við almenning. Stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki hefst þann 1. maí 2021.

Brýnt er að öllu starfsfólki bjóðist fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar bæði innan sviðs og utan. Auknar áherslur verða á rafræna fræðslu sem bíður upp á aukinn sveigjanleika og bætt aðgengi starfsfólks að fræðsluefni. Allt utanumhald fræðslumála á sviðinu er orðið rafrænt og boðið er upp á umfangsmikla nýliðafræðslu rafrænt á workplace. Þar hefur starfsfólk aðgang að upptökum, myndböndum, glærum, ítarefni og fleiru.

Stafræn umbreyting

Markmið stafrænnar umbreytingar eru að bæta þjónustu velferðarsviðs og gera hana notendavænni, auka samvinnu og streymi upplýsinga innan og utan skipulagsheildarinnar, nota gögn í meira og markvissara mæli, besta ferla, auka skilvirkni og minnka kostnað. Með rafvæðingu þjónustunnar bætum við úrvinnslutíma umsókna og gerum umsóknarferli sem skilvirkust fyrir íbúa. Tilgangurinn er að sjálfsafgreiðsla í gegnum rafrænar lausnir verði fyrsti kostur við þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2020 hefur verið unnið að ýmsum stafrænum verkefnum sem ætla má að ljúki á árinu 2021. Þar má einna helst nefna nýjan vef Reykjavíkurborgar með enduruppfærðu efni, rafvæðingu helstu umsókna velferðarsviðs, undirbúning við útboð og innkaup á nýju kerfi fyrir beina þjónustuveitingu og stafræn umbreyting á móttöku og vinnslu umsókna um stuðnings- og stoðþjónustu. Þróunarverkefni hefur verið í gangi hjá félagslegri heimaþjónustu á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, á nýrri heimsóknarlausn með íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Curron. Þetta samvinnuverkefni hefur leitt í ljós hve brýn þörf er á nýrri lausn.

Stafræn verkefni velferðarsviðs eru unnin í náinni samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar og í sumum tilfellum með öðrum sviðum borgarinnar þ.e. í verkefnum sem nýtast borginni í heild.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Samþykkt var á árinu að ábyrgð á gerð kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) væri færð til sviðsstjóra sem myndi skipa nýjan starfshóp á hverju ári til eins árs í senn. Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og mun ljúka rýningu allra þjónustubátta nú á árinu 2021.

Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna.

Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa. Á velferðarsviði hafa verið gerðar greiningar á flestum þjónustubáttum og í lok árs 2021 eiga að liggja fyrir greiningar á fjárhagsaðstoð og þjónustu við flóttafólk.

Á árinu 2018 var fjárfestingaráætlun sviðsins jafnréttisskimuð í fyrsta skiptið og hefur því verið haldið áfram síðan. Við gerð fjárfestingaráætlunar 2021-2025 voru jafnréttisskimaðar 13 tillögur. Þá var fimm ára áætlun 2021–2025 sviðsins einnig jafnréttisskimuð. Einnig eru allar tillögur frá sviðinu jafnréttisskimaðar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Fjárhagsaðstoð					
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar ¹⁾	1.946.389	2.096.235	2.368.183	2.562.048	4.315.537
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	1.458.582	1.589.417	1.711.855	1.992.661	3.467.185
Framfærsla vegna náms	137.200	103.290	145.879	137.444	210.038
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	350.606	403.528	510.449	431.942	638.314
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	2.648	2.698	2.930	3.520	5.583
Húsaleigubætur					
Heildarupphæð	2.135	0	0	0	0
Hlutur Reykjavíkurborgar	2.135	0	0	0	0
Fjöldi heimila	-	-	-	-	-
Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakur húsnæðisstuðingur á almennum markaði					
Heildarupphæð	350.915	531.003	386.529	412.681	456.940
Hlutur Reykjavíkurborgar	314.588	531.003	386.529	412.681	456.940
Fjöldi heimila	1.172	1.259	1.571	1.850	2.100
Félagslegt leiguhúsnæði					
Fjöldi íbúða	2.544	2.628	2.753	2.897	
Fjöldi úthlutana - almennt félagslegt leiguhúsnæði	182	146	160	160	160
Fjöldi á biðlista í árslok - almennt félagslegt leiguhúsnæði	954	901	667	600	550
Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakur húsn. stuðningur v/íbúða FB	509.707	543.634	756.774	770.913	637.963
Hlutur Reykjavíkurborgar	509.707	543.634	756.774	770.913	797.963
Fjöldi úthlutana - þjónustuíbúðir aldraðra	69	65	64	70	70
Fjöldi á biðlista í árslok - þjónustuíbúðir aldraðra	162	157	127	130	125
Hjúkrunarrými					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	1.119.108	1.267.340	1.430.502	1.367.808	1.430.045
Meðalkostnaður á notað rými á dag	37	42	48	46	48
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	27	30	32	30	36
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild	326.324	334.125	369.565	335.592	360.783
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	45	46	51	46	50
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	29	30	32	30	39

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Heimabjónusta 2)					
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimabjónustu (gjöld)	1.989.363	2.113.181	2.194.264	2.537.400	2.711.424
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta	325.072	327.160	359.333	434.346	458.612
Félagsleg heimabjónusta - fjöldi heimila	3.674	3.608	3.603	3.600	3.600
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.433.134	1.420.657	1.562.036	1.715.766	1.843.086
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda	2.357	2.268	2.457	2.620	2.700
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)					
Heildarkostnaður	548.032	566.747	704.486	453.317	490.027
Fjöldi notenda	667	693	702	702	735
Þjónusta við fatlað fólk					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	195.889	210.998	192.001	201.761	217.622
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður	138.055	149.512	166.230	145.781	146.291
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna	193	191	196	180	180
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður	279.505	397.599	641.154	783.760	876.637
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	385.560	388.507	429.547	467.713	490.978
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	5.789.090	6.570.036	7.306.119	8.781.298	9.405.302
Matarþjónusta					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	851	799	829	1.100	1.100
Fjöldi heimsendra máltíða	100.822	91.569	100.075	90.000	90.000
Þjónusta við börn					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.244	4.401	4.677	5.160	5.200
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	266.488	332.423	344.685	339.458	376.597
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	144	155	154	155	155
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	137.703	169.913	244.696	229.369	188.339
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	103	124	112	110	110
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur	63.908	85.863	100.087	51.952	52.295
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur	136	161	194	190	190

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

2) Seljahlið meðtalin.

SKORKORT 2020-2021



Lykiláhersla



Aðgerðir



Staðan 2019



Markmið 2020



Útkoma í lok árs 2020

	Fjölga úrræðum og auka viðbragðsflyti í stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra	Fjölgun foreldrafærminámskeiða	15	17	10% aukning
		Auka fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks skóla	292	321	10% aukning
		Fjölgun teyma fyrir börn með þörf fyrir fjölþættan stuðning	**	**	5% fjölgun teyma
		Fjölgun námskeiða í tilfinningastjórnun	13	15	10% aukning, innbyggt árangurs- og stöðumat
	Innleiðing þjónustuferla	Samræming verkferla í þjónustu við börn og fjölskyldur	Vinna hafin	Vinnu lokið	Greining, ferlahönnun og skjölun lokið í júní 2020
		Samræming verkferla fjárhagsaðstoðar	Vinna hafin	Vinnu lokið	Greining, ferlahönnun og skjölun lokið í nóvember 2020
		Samræming verkferla um stuðningsþjónustu	Vinna hafin	Vinnu lokið	Greining, ferlahönnun og skjölun lokið í nóvember 2020
		Samræming verkferla um stöðþjónustu	Vinna hafin	Vinnu lokið	Greining, ferlahönnun og skjölun lokið í nóvember 2020
	Fjölgun rafrænna umsókna	Aukin notkun rafrænnar umsóknar um fjárhagsaðstoð	41%	85%	85% umsókna verði rafrænar
		Aukin notkun rafrænna umsókna um akstursþjónustu	13%	50%	50% umsókna verði rafrænar
	Öflug upplýsingamiðlun	Aðgerðaáætlun í upplýsingamiðlun	Vinna ekki hafin	Vinnu lokið	Útgefin aðgerðaáætlun í september 2020
		Verklag í gæðahandbók	Vinna ekki hafin	Vinnu lokið	Verklag komið í gæðahandbók í október 2020
		Árangursmat á upplýsingamiðlun	Vinna ekki hafin	Vinnu lokið	Úttekt á gæðum efnis lokið í desember 2020
	Aukin starfsánægja	Innleiðing mannauðsstefnu á starfsstöðum	0%	80%	80% starfsstaða hafi sett sér markmið í mannauðsmálum
		#Deilumgleðinni - Jákvæð ímynd starfsstaða	76,8%	80%	80% starfsfólks telur vinnustað sinn hafa góða ímynd
		Innleiðing verklags um möguleika á tilfærslum í starfi	Vinna hafin	Vinnu lokið	Verklag útgefið og kynnt
	Umbætur í miðlægni stjórnsýslu	Fjármálaferlar endurbættir og útgefnir	Vinna ekki hafin	Vinnu lokið	Fjármálaferlar komnir í gæðahandbók í desember 2020
		Fræðsla um notkun fjarfundabúnaðar	0	7	Sjö námskeið haldin
		Bætt upplýsingagjöf með Qlicksense til stjórnenda	148	170	15% mánaðarleg aukning á Stjórnandanum í Qlicksense




ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Við veitum fyrsta flokks þjónustu sem er í stöðugri þróun. Við leiðum stafræna vegferð borgarinnar með snjallri nýsköpun og eflingu sjálfvirkrar stjórnsýslu. Við erum boðberar frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækins hugsunarháttar.

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	1.114.563	1.176.271	1.325.266
Tekjur samtals	1.114.563	1.176.271	1.325.266
Laun og launatengd gjöld	1.106.658	1.328.123	1.372.816
Annar kostnaður	1.945.344	1.987.667	2.307.048
Rekstrargjöld samtals	3.052.002	3.315.790	3.679.864
Rekstrarniðurstaða	1.937.439	2.139.519	2.354.598

STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	110	132	134
Fjöldi stöðugilda	97	108,2	109,7
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa gagnþjónustu		9,0	11,0
Skrifstofa þjónustuhönnunar		26,0	26,0
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu		38,0	38,0
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur		9,0	9,0
Borgarskjalasafn Reykjavíkur		10,8	10,8
Skrifstofa sviðsstjóra		15,4	14,9

SKIPTING REKSTRAR 2021



HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) er skilgreint sem eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar, og starfar þvert á fagsvið hennar. Meginhlutverk sviðsins er að annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið ber m.a. ábyrgð á nýsköpun, stafrænni vegferð, upplýsingatækni, gagnastjórnun og tæknilegum umbótum og þjónustu á þeim sviðum. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustustefnu borgarinnar og ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers borgarinnar og stjórnsýslubygginga. Að lokum fer sviðið með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála borgarinnar og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Leiðarljósið í áætlunargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir árið 2021 er að finna í greinargerð með tillögu að fjárhagsrammaramma fyrir svið borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði í lok júní 2020. Þjónusta við íbúa borgarinnar er þar sett í forgang með fjárfestingu í rafvæðingu þjónustu, notkun nýrrar tækni og breytingu á ferlum. Hins vegar eru það áherslur og skýr forgangsörðum í samræmi við Græna plan borgarinnar og framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag.

Þá eru áætlanir sviðsins unnar samræmi við áherslur og forgangsörðun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs í málaflokknum á bætt aðgengi að þjónustu, notendasamráð, nýsköpun, tengingu við

háskólasamfélagið, sameinaða framlínu, rafvæðingu umsókna og ferla og skilvirka nýtingu gagna. Rík áhersla verður lögð á að færa alla starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með stafrænni umbreytingu og heilsteyptri nálgun er varðar upplýsingagjöf og notendamiðaða þjónustu gagnvart íbúum.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er gert ráð fyrir óbreyttum fjárhagsramma vegna ársins 2021, þó með viðaukum vegna kjarasamninga og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila annars vegar og 1% hagræðingarkröfu hins vegar. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af styrkjum er sviðið fær frá Evrópusambandinu vegna rannsóknarverkefnisins IMPULS sem og hækkun á gjaldskrá upplýsingatækniþjónustunnar. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af kjarasamningsbundnum hækkunum, samningum við þriðja aðila er fylgja breytingu á vísitölu annars vegar eða á gengi íslensku krónunnar hins vegar og svo hækkun á innri leigu. Launakostnaður nemur 37% af rekstrarkostnaði ársins, innri leiga húsnæðis og tækja 28% og annar kostnaður 35%.

Útfærsla 1% hagræðingarkröfu

Hagræðingarkrafa um 1% felur í sér niðurskurð upp á rúmar 22 milljónir króna. Til að mæta hagræðingunni hefur ÞON horft til allra þjónustubátta sviðsins og dreift henni þar sem svigrúm er til. Möguleikar til hagræðingar eru mismunandi eftir þjónustubáttum, til að mynda er mikill kostnaður bundinn í samningum við þriðja aðila s.s. í upplýsingatækni en skrifstofa upplýsingatækniþjónustu mun halda áfram að yfirfara alla upplýsingatæknisamninga og endursemda með hagræðingu að leiðarljósi. Þá eru ýmsir liðir bundnir og takmarkað hægt að hreyfa við s.s. innri leiga á stjórnsýsluhúsum í rekstri borgarinnar eins og Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfða. Unnið verður að þjónustubreytingu þar sem það á við svo sem rafvæðingu og endurskipulagningu ferla og útivistun einstaka þjónustubátta. Þá verður tilhögun starfa sviðsins endurskoðuð m.t.t. þeirra áherslna er birtast í forsendum fjárhagsáætlunar. Einnig verður skoðað að ráða ekki tímabundið í afleysingar á einstaka skrifstofum svo sem vegna fæðingarorlofs. Dregið verður úr kostnaði vegna kaupa á þjónustu sérfræðinga þvert yfir sviðið.

Fjárfesting

Á sama tíma og sviðið tekur á sig eðlilega hagræðingarkröfu í rekstri býr það sig undir aukinn þunga í starfseminni en framundan er eitt mesta umbreytingarskeið í sögu upplýsingatækni og stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar. Helst hún í hendur við sömu uppbyggingu á vettvangi ríkisins og alþjóðavettvangi almennt í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna, áhrif heimsfaraldurs og stórstígar tæknibreytingar sem hafa umtalsverð áhrif á menn og samfélag. Endurspeglast þessi þáttaskil í starfsemi borgarinnar í fjárfestingum sviðsins á árinu 2021 sem gera munu borginni kleift að stíga nauðsynleg skref til að mæta nýjum tímum og kröfum allri í þjónustu og starfsemi.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUBÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra ber ábyrgð á rekstri, framkvæmd og stefnumótun sviðsins ásamt gæðamálum og eftirfylgni með ákvörðunum sem snúa að málaflokki þjónustu og nýsköpunar. Skrifstofan sinnir jafnframt upplýsingagjöf og samskiptum við mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð, tekur þátt í undirbúningi fyrir fundi ráðsins og vinnur með úrvinnslu og framkvæmd ákvarðana þess í samvinnu við framkvæmdastjórn sviðsins. Skrifstofan fer með samskipti við stjórnsýslu borgarinnar, ber ábyrgð á

móttöku og umsjón stjórnsýsluerinda, skjalamálum og skýrslugerð. Skrifstofan heldur utan um almenna fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð sem og mannauðsmál sviðsins og veitir stjórnendum stuðning og ráðgjöf í þeim efnum. Þá falla undir skrifstofuna rekstur stjórnsýsluhúsa, rannsóknarþjónusta, nýsköpun, stafræn persónuvernd og innkaupamál auk stórra umbótaverkefna eins og smíði Gagnsjár.

Rekstrarþjónustan ber ábyrgð á rekstri stjórnsýsluhúsa borgarinnar auk þessa sinna eftirliti með rekstri mótuneyta. Á árinu 2021 verður lögð áhersla á stafræna umbreytingu og sjálfbærni í rekstri húsanna. Innleiddar verða áherslur í takt við samþykktu matarstefnu borgarinnar og markmið um sjálfbærni, öryggi, lýðheilsu og hagkvæmni. Mikil áhersla verður lögð á að nýta tæknina til að auka skilvirkni í þjónustu við starfsfólk borgarinnar meðal annars með betra beiðnakerfi. Þá verður áfram unnið að uppfærslu ýmissa húskerfa meðal annars aðgangs- og öryggisstýringarkerfi sem samræmd verða milli húsa, með minni plastkortanotkun.

Rannsóknarþjónusta hefur þann megingiltgang að efla þátttöku og árangur Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsóknaumhverfi og afla borginni styrkja til nýsköpunar í allri starfsemi hennar. Til viðbótar hverfist starfsemi rannsóknarþjónustu um rekstur stórra og umfangsmikilla rannsókna og nýsköpunarverkefna sem þegar hafa hlotið styrk. Á næsta ári verður meginmarkmið Rannsóknarþjónustu sókn í Græna Samning ESB og undirbúningur til þátttöku í áætlun ESB um 100 kolefnishlutlausar borgir 2030.

Í um sex ár hefur verið rekin eining undir heitinu Snjallborgin Reykjavík. Hlutverk hennar hefur verið að þróa og innleiða tækninýjungar og innviði sem eflt geta þjónustuframboð borgarinnar með því að gera það skilvirkara, heilsusamlegra og vistvænna fyrir borgarbúa. Í takti við breyttar áherslur í heiminum er nú hætt að tala um sérstaka snjallborgareiningu og skilgreinir Reykjavíkurborg sig nú í heild sem snjallborg. Í takt við breyttar áherslur munu helstu verkefni lúta að því að fullmóta nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar. Ef aðstæður leyfa verður sviðið einnig þátttakandi í lausnamótum og hröðlum eins og Climathon og Snjallræði, ásamt því að vera virk fylgiborg í verkefnum Nordic Smart Cities netsins.

Verkefni á sviði persónuverndar eru umfangsmikil og margbreytileg. Á nýju ári verður öryggi gagna og persónuupplýsinga í stafrænu umhverfi veitt enn meiri athygli en áður. Lögð verður áhersla á að vinna að verkefni með forvirkum hætti, meðal annars með gerð vinnslusamninga, áhættumats eða/og mats á áhrifum á persónuvernd áður en ný kerfi og ferlar eru tekin í notkun.

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Stafræn Reykjavík ber ábyrgð á rafvæðingu þjónustuferla innan borgarinnar, vefmálum og leiðir stafræna umbreytingu fyrir hönd sviðsins. Skrifstofan starfar þvert á önnur svið borgarinnar og er til ráðgjafar í öllum stafrænum verkefnum. Innan stafrænnar Reykjavíkur starfa þrjú teymi sem vinna þétt með öðrum einingum sviðsins að alls konar verkefnum: vefteymi, verkefnastofa og stafrænt umbreytingarteymi.

Vefteymið sinnir þróun, uppsetningu og heilsu vefja borgarinnar. Helstu áskoranir ársins 2021 snúa að innleiðingu á nýjum vef borgarinnar Reykjavik.is ásamt nýjum Mínun síðum sem munu leysa Rafræna Reykjavík af hólmi. Teymið mun áfram vinna að því að innleiða stafrænt hönnunarkerfi og þróa veflausnir með notendamiðaða nálgun að leiðarljósi. Efnisgerð og uppfærsla á þjónustulýsingum og framsetningu efnis fyrir veflausnir borgarinnar munu einnig spila stórt hlutverk. Þá verður það ein af stóru áskorunum að leysa vefmál leikskóla borgarinnar. Vefirnir eru 68 talsins og þarf að nálgast uppfærslu og þróun á lausn með heildstæðum hætti og í samráði við foreldra og starfsfólk leikskólanna. Safnavefir borgarinnar þarfnast einnig endurnýjunar með tilliti til nýs hönnunarkerfis, aðgengisstaðla og verslunarmöguleika.

Verkefnastofa stýrir verkefnum sem meðal annars eru fjármögnuð af fjárfestingaráætlun Nýrra upplýsingakerfa. Verkefnin snúa helst að innleiðingu nýrra tæknilausna, nýsköpun í tæknilegu umhverfi borgarinnar, endurnýjun hugbúnaðar og innleiðingu á nýjum stafrænum lausnum. Sprenging hefur verið í fjölda umsókna í Ný upplýsingakerfi frá sviðum borgarinnar milli ára. Áskorun er að forgangsraða

verkefnum í samræmi við stefnur borgarinnar, áherslur sviða og sértækar áherslur sem eru fyrir hendi. Til viðbótar við stór verkefni sem komu til framkvæmda á árinu 2020 og halda þarf áfram með, verður lögð áhersla á brýn verkefni sem uppfylltu öll skilyrði á árinu 2020 en ekki voru til bjargir fyrir. Þá verður skapað rými fyrir forgangsverkefni sem óskað verður eftir á árinu 2021.

Árið 2019 var lokið við rafvæðingu á umsóknarferli fjárhagsaðstoðar en verkefnið var unnið með utanaðkomandi aðilum á markaði. Um mitt ár 2020 var ákveðið að setja á laggirnar stafrænt umbreytingarteymi innan borgarinnar sem gæti þróað umsóknarferla hennar til að flýta fyrir og spara fjármagn. Stóra áskorunin árið 2021 eru heildstæð rafvæðingarverkefni ásamt því að koma umsóknum sem hýstar eru í Rafrænni Reykjavík á .PDF formi yfir á rafrænt form og færa þær inn á nýjar Mínar síður.

Skrifstofa þjónustuhönnunar

Skrifstofu þjónustuhönnunar er falið að veita fyrirmyndar framlínuþjónustu í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar og stuðla að þjónustubrúun þvert á borgarkerfið. Þá ber skrifstofan ábyrgð á innleiðingu þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun henni tengdri.

Verkefnastofa þjónustuhönnunar mun áfram vinna markvisst að því að innleiða þjónustustefnu borgarinnar í gegnum fjölbreyttar nálganir og í þverfaglegu samstarfi. Gróðurhúsið, vinnustofa í þjónustuhönnun, er eitt af megin verkefnum verkefnastofu þjónustuhönnunar. Í gegnum Gróðurhúsið er borgarstarfsmönnum kennt að leysa áskoranir í þjónustu borgarinnar með aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar og þeir þjálfast upp í að nálgast verkefni sín í starfi með notandann í fyrirrúmi og með það fyrir augum að gera þjónustu borgarinnar aðgengilega, skiljanlega og einfalda. Þá mun verkefnastofan halda áfram að vinna náið með Stafrænni Reykjavík að stafrænni umbreytingu á þjónustuferlum borgarinnar sem og vinna þétt með öðrum sviðum og einingum innan borgarkerfisins að umbótum að sértækum þjónustubáttum.

Framþróun í þjónustuveitingu í þjónustuveri er á fullri siglingu með tilkomu öflugri tækniinnviða hjá borginni sem og breytingum á því hvernig notendur þjónustu nálgast borgina í leit að upplýsingum og þjónustu. Undanfarin ár hafa þessar breytingar jafnt og þétt haft áhrif á starfsemi þjónustuversins, þar sem símtölum hefur fækkað en miðlar á borð við netspjall, ábendingar og samfélagsmiðla vaxið. Til að koma til móts við breyttar kröfur og þjónustubarfir borgaranna mun þjónustuverið setja aukna áherslu á samþættingu slíkra miðla í gegnum nýja samskiptalausn sem innleidd verður í byrjun árs 2021. Samskiptalausnin mun auðvelda framlínnu upplýsingagjöf þvert á miðla, einnig að framkvæma samræmdar mælingar og auka þar með skilvirkni þjónustunnar enn frekar. Unnið verður markvisst að því að nýta þau sóknarfæri til breytinga sem sköpuðust í Covid-19 ástandinu er varðar afgreiðslur á þjónustubáttum sem hingað til hafa krafist þess að þjónustuþegi mæti í þjónustuver.

Ábendingavefurinn var settur í loftið undir lok árs 2018 og er því tveggja ára reynslutíma senn að ljúka. Margt hefur lærst á þeim tíma sem vefurinn hefur verið í fullum rekstri en heilt yfir litið hefur hann gefið góða raun. Þróun ábendingavefsins mun halda áfram svo hann verði enn aðgengilegri sem þjónustutól fyrir íbúa og sem verkfæri fyrir skrifstofur borgarinnar til að bregðast hratt og örugglega við og halda með einföldum hætti utan um ábendingar, auk þess að byggja undir öflugra upplýsingagjöf til íbúa.

Skrifstofa gagnþjónustu

Gagnþjónusta Reykjavíkurborgar er þungamiðja fyrir gögn og upplýsingar borgarinnar. Gagnþjónustan skiptist í tvær deildir: upplýsinga- og skjalastýringu og upplýsingagreind. Ber skrifstofan ábyrgð á skjalastefnu Reykjavíkurborgar 2015-2020, sem á árinu 2021 verður endurskoðuð.

Upplýsinga- og skjalastýring hefur umsjón með skjalastjórn miðlægrar stjórnsýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Borgartúni og Ráðhúsi. Endurskoðun málalykla og skjalavistunaráætlana verður lokið í byrjun árs 2021 ásamt því að útbúa nýja málalykla og skjalavistunaráætlanir fyrir ný kjarnasvið á fyrrihluta árs. Sérstök átaki í skjalastjórn undirstofnana og starfsstaða velferðasviðs lýkur einnig á árinu. Deildin ber ábyrgð á innleiðingu og þróun á Hlöðunni, nýju upplýsingastjórnunarkerfi. Innleiðingin mun halda áfram á nýju ári og kalla á breytingu á störfum starfsmanna skjalastýringar og verklagi, bæði við kennslu og þjónustu á nýju kerfi sem og við umsjón og meðferð gagna. Ljóst er að mikil vinna verður við frágang og skil þegar starfseiningar sem skjalastýring þjónustar taka Hlöðuna í notkun. Loka þarf eldri kerfum, ganga frá málum og undirbúa skjöl til langtímavarðveislu.

Upplýsingagreind fer fyrir kortlagningu, utanumhaldi og hagnýtingu gagna borgarinnar. Deildin ber ábyrgð á geymslu og samþættingu gagna til hagnýtingar þeirra í skýrslugerð, í framendakerfum og í tölfraðigreiningum. Markmið deildarinnar er að nota gögn ásamt tölfraðiaðferðum til að öðlast dýpri innsýn í rekstur og ferla borgarinnar. Með þessum hætti næst hagræðing í rekstri með gagnadrifinni ákvarðanatöku, sem og betri yfirsýn til framtíðar. Upplýsingagreind styður einnig fagsviðin í tölfraðilegri ályktun og er meðal annars úrvinnsluaðili gagna fyrir foreldrakannanir SFS og starfsmannakannanir.

Upplýsingagreind spilar lykilhlutverk í þróun og smíði vöruhúss og samþættingarlags í samvinnu við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, verkefni sem hófst á árinu 2020 og mun halda áfram á árinu 2021. Tilgangur verkefnisins er að gera gögn úr grunnkerfum aðgengileg og skilmerkilega uppbyggð á einum miðlægum stað. Með þessu fæst yfirsýn yfir gögn borgarinnar, bætt rekstraröryggi í gegnum aðgangsstýringar, og tímasparnaður starfsfólks við hagnýtingu gagna. Upplýsingagreind sér um þróun og viðhald á viðskiptagreindarskýrslum og mun halda því áfram á árinu. Deildin hefur einnig tekið við þróun mælaborða sem birt eru á vef borgarinnar og mun halda þróun þeirra áfram á árinu 2021.

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR) samanstendur af þremur deildum: tæknirekstri og kerfislausnum, tækniþjónustu og stoðþjónustu. Ber skrifstofan ábyrgð á að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar um nýtingu upplýsingatækni 2018-2022.

Skrifstofan rekur eina umfangsmestu upplýsingatækniþjónustu landsins, með þrjátíu þúsund notendur, um átta þúsund útstöðvar á yfir þrjúhundruð starfsstöðvum. Skilgreint hlutverk hennar er að reka upplýsingatækniinnviði borgarinnar með einföldun, hagræði og öryggi að leiðarljósi ásamt því að þróa hugbúnaðarlausnir í stafrænni vegferð með það að markmiði að gera upplýsingatækniinnviði Reykjavíkurborgar fremsta meðal jafningja og hámarka þjónustuveitingu til starfsmanna.

Notendur upplýsingatækniþjónunnar eru öll svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar þar með talið skólar og nemendur. Helsta áskorun UTR á næstu árum er að einfalda tæknilega innviði með öryggi að leiðarljósi og aðlögun á starfsemi borgarinnar að breyttu verklagi og ferlum. Einnig er töluverð áskorun fólgin í því að samþætta flókna og fjölbreytta tæknilega innviði sem eru staðsettir í vélasölum Reykjavíkurborgar og í skýjalausnum.

Helstu verkefni UTR á næstunni verða því að úthýsa ákveðinni starfsemi svo sem vélasölum, aðgangsstýrðri prentun og ákveðnum hluta upplýsingatækniinnviða. Einnig verða allir samningar sem snúa að upplýsingatækni yfirfarnir og þeir endurnýjaðir eins og þörf er á með tilliti til breyttra þarfa

Reykjavíkurborgar, nýrra laga um vinnslusamninga og ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (GDPR). Þá mun UTR einblína á verkefni sem snúa að sjálfsafgreiðslu starfsmanna samanber að breyta um lykilorð og val á búnaði með rafrænu samþykki. Samstarf við önnur svið Reykjavíkurborgar verður aukið. Haldið verður áfram með uppbyggingu þróunarteyma í stafrænni þróun á virðisaukandi lausnum en fyrirhugað er, miðað við fyrirsjáanleg verkefni, að fjölga þróunarteymum í allt að sex. Skoðaður verður sameiginlegur vettvangur fyrir sviðin til að ræða upplýsingatæknimál sem og virðisaukandi verkefni er mæta þörfum sviðanna.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt samþykkt borgarinnar, lögum og reglugerðum. Það fer með ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnir eftirliti með skjalastjórn borgarinnar.

Safnið heldur úti lesstofu fyrir almenning og fræðimenn auk þess að miðla skjölum, til dæmis með sýningum og á vefsíðu safnsins. Þjónusta við viðskiptavinum er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Á árinu 2021 verður unnið að innleiðingu á umsýslukerfinu Scope sem halda mun utan um safnkost safnsins og miðla skjalaskrá og ljósmynduðum skjölum á vef þess. Umsýslukerfið er liður í því að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafns Íslands til héraðsskjalasafna um hugbúnað til að halda utan um safnkostinn. Unnið verður jafnframt að því að færa vefsíðu Borgarskjalasafns í nýtt vefumhverfi með það fyrir augum að auka rafræna miðlun skjala og ljósmynda og bæta aðgengi almennings að þeim.

Safnið hefur hafið móttöku á tilkynningum um rafræn kerfi og samþykkt fyrsta kerfið til rafrænnar langtímarvarðveislu. Áfram verður unnið að undirbúningi fyrir langtímarvarðveislu rafrænna mála- og skjalakerfa sem og gagnagrunna. Gerður var samningur við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), um ráðgjöf og þjónustu varðandi langtímarvarðveislu rafrænna gagna en NEA er samstarfsvettvangur 29 sveitarfélaga í Danmörku, sem Borgarskjalasafnið í Kaupmannahöfn stýrir. Samningurinn er til reynslu og gildir til ársloka 2020 en stefnt er að því að hann verði framlengdur að þeim tíma liðnum. Von er á fyrstu vörsluútgáfu frá afhendingarskyldum aðila um áramótin 2020/2021.

Borgarskjalasafn tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim. Áhersla Borgarskjalasafns verður áfram á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirlit með þeim, vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og málalykla, samræmingu í skjalastjórn sviða og aukinn skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna. Sérstaklega verður leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, eins og kvenna, innflytjenda og hinsegin fólks.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Þjónustu- og nýsköpunarsvið steig markvisst inn í innleiðingaráætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) á árinu 2020. Á árinu 2021 verður unnið út frá samþykktari áætlun um greiningu á þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS og tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2025. Verður annars vegar skoðuð heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga til Borgarskjalasafns og hins vegar úthlutun upplýsingatækniþjónustu á tölvu og hugbúnaði til starfsfólks. Markmið PON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu.

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2021

Fjárfestingaráætlun PON í stafrænni umbreytingu skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, hönnun og umbreytingu þjónustu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Drög að fjárfestingaráætlun sviðsins setur fram tillögur að verkefnum sem innifela fjárfestingu upp á 3.294 milljónir á árinu 2021. Þetta er nokkur aukning frá árinu áður og helgast m.a. af því ástandi sem skapast hefur vegna Covid-19 og aukinnar áherslu á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Fjárfestingaráætlun PON tekur einnig mið af Græna planinu sem kynnt var í borgarráði vorið 2020 og endurspeglar sérstaklega eftirfarandi þætti: Græn nýsköpun og þekkingargreinar (8.1, 8.6, 8.7), Grænn rekstur (9.1), Aðgerðir gegn sóun og innleiðing matarstefnu (10.2) og Evrópusamstarf um græna borg (12.1.-12.3), Langtímasýn í fjármálum og fjárfestingu (13.4). Allar tillögur í fjárfestingaráætlun hafa auk þess verið jafnréttisskimaðar og reynist engin þeirra fela í sér neikvæð jafnréttisáhrif.

Stýring verkefna á fjárfestingaráætlun er í höndum verkefnaráðs PON. Í ráðinu sitja sviðsstjóri ásamt skrifstofustjórum stafrænnar Reykjavíkur, gagnþjónustu, upplýsingatækniþjónustu og þjónustuhönnunar ásamt verkefnaskrárstjóra sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd út frá stefnum og áherslum sviðsins ásamt því að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá PON er stjórnþæki ráðsins og ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila og felur í sér skráningu, forgangsörðun og aðhald með framgangi verkefna.

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2021

Rannsóknir og nýsköpun: Þátttaka Reykjavíkur í alþjóðlegu nýsköpunarumhverfi og styrkjaöflun til verkefna í allri starfsemi hennar í samræmi við stefnur borgarinnar. Sókn í Græna Samning ESB og undirbúningur til þátttöku í áætlun ESB um 100 kolefnishlutlausar borgir 2030. Hröðun á þróun og innleiðingu á velferðatækni og grænum sjálfbærum lausnum í samstarfi við nýsköpunarsamfélagið.

Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla: Hraði stafrænnar umbreytingar verður stórauðinn tímabundið meðal annars með stafrænum leiðtogum inn á svið borgarinnar auk þess sem þróunarteymum verður fjölgað í sex enda biðröð komin á ferlabreytingar og mikilvægt að tryggja vinnsluhraða og framgang. Allir 68 vefir leikskólanna verða uppfærðir til viðbótar við safnavefina sem allir þarfnast uppfærslu m.t.t. aðgengisstaðla og vefverslunarmöguleika. Þá mun Gagnsjá og endurskipulagning lýðræðisgátta koma mikilvægum lýðræðisumbótum í farveg til framtíðar og Mínnar síður leysa Rafræna Reykjavík af hólmi.

Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi: Meðal umsókna frá fag- og kjarnasviðum í Ný upplýsingakerfi sem brýnt er að ganga í á árinu 2021 eru rafrænt prófasafn vettvangsteymis (VEL); þróun á Völu með tengingum við Agresso, fyrir greiðslur í grunnskóla og frístund (SFS); rafrænar lausnir fyrir húsdýragarðinn og sundkort (ÍTR); Umsóknakerfi, fræðslukerfi og rafræn afleysingastofa (MOS); samningastjórnun með myndrænni birtingu á stöðu samninga (FÁST) og fljóttandi safnkostur Borgarbókasafns, afgreiðslu- og birgðakerfi og aðlögun húsaskrár að nýjum skráningarstaðli (MOF). Fjárfestingarverkefni sem hófust á árinu 2020 og halda áfram á milli ára eru meðal annars Hlaðan og þróun vefþjónustu fyrir Þjóðskrá (PON), Unit4 Budget Books áætlunarmódúll (FÁST), kerfi fyrir framleiðslueldhús (VEL), eignaumsjónarkerfi (USK) og lifandi tölfræðiupplýsingar úr afgreiðslukerfum (ÍTR). Þá er hluti fjármagnsins tekinn frá fyrir umsóknir frá sviðum og ráðum borgarinnar á árinu 2021.

Meðal annarra hugbúnaðarverkefna eru rafræn vinnsluskra persónuupplýsinga sem samræma skal alla skár yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá borginni. Þá mun miðlægt kerfi fyrir öryggismyndavélar tryggja öryggi vistunar og miðlunar efnis úr myndavélum sem í notkun eru á stofnunum borgarinnar, í samræmi við lög um persónuvernd. Með nýju síma- og samskiptakerfi verða allir borðsímarnir ásamt 72 símsstöðvum

borgarinnar útleiddir og tölvusímar innleiddir í staðin. Office 365 verður innleitt í alla stjórnsýslu borgarinnar sem og grunnskóla Reykjavíkur. Þá verður samræmt nemendaskráningakerfi innleitt.

Upplýsinga- og gagnastýring: Til að tryggja skilvirka innleiðingu Hlöðunnar, verður áfram starfrækt sérstakt teymi til að vinna í ferlum og uppsetningu þess á flestum eða öllum starfsstöðvum borgarinnar. Einnig er áfram fjárfest í smíði vöruhúss gagna, þróun og smíði smáforrita og mælaborða svo auka megi innri viðskiptagreind og skilvirkni í rekstri og þjónustu. Stór liður í stafrænni vegferð borgarinnar er svo að þróa gagnalandslag sitt en það verður gert með því að koma gagnahugbúnaði sem þróaður er innan borgarinnar í rekstur á miðlægum stað í gagnavinnslustöð.

Hönnun og umbreyting þjónustu: Fjárfest verður í innskönnun teikninga svo sem sérteikninga og raflagnateikninga hefur ekki verið færður á stafrænt form og því aðeins aðgengilegur í pappírformi. Stafrænt aðgengi felur í sér umtalsverða hagræðingu og tryggir framtíðarvarðveislu þessara sömu gagna.

Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða: Verja þarf kerfi og þær upplýsingar sem Reykjavíkurborg varðveitir fyrir innri og ytri ógnum. Brýn þörf er á að skipta um marga af þeim rúmlega 400 netskápum sem finna má í stofnunum og á útstöðvum borgarinnar ásamt því að setja á þá miðlæga aðgangsstýringu svo þeir uppfylli reglugerðir um öryggi. Þá er brýn nauðsyn er að bregðast við nýjum kröfum um gagnaöryggi, með því að leggja niður tölvuvélasali borgarinnar og færa gögn og kerfi úr núverandi gagnageymslum og netþjónum yfir á nýjar gagnageymslur og netþjóna í gagnaveri. Koma þarf þeim rúmlega 1300 prenturum sem borgin rekur í aðgangsstýrt prentský. Klára þarf innleiðingu fjarfundabúnaðar á alla starfsstaði og fjölga netskiptum en þeir ráða hraðanum á netkerfi borgarinnar.

Mikilvægt að ástand og afkastageta búnaðar sé góð svo að búnaður hamli ekki þeim 30 þúsund notendum búnaðar á 8 þúsund útstöðvum og 300 starfsstöðvum borgarinnar í námi, starfi og framþróun. Allur búnaður borgarinnar er hér undir. Endurnýja þarf að meðaltali árlega um 25% alls tölvubúnaðar á útstöðvum svo ekki skapist tækniskuld sem erfitt er að vinna upp. Er stefnan sú að útleiða borðtölvur að miklu eða öllu leyti. Innleitt verður eftirlitskerfi sem bíður upp á söfnun og greiningu gegna sem varpa ljósi á heilsu og öryggi upplýsingatækniinnviða, kerfa og hugbúnaðar ásamt því að skapa betri yfirsýn fyrir reksturinn. Slíkt eftirlitskerfi er forsenda stafrænnar umbreytingar og rafvæðingu ferla þar sem í forgrunni er mælanleiki ferla, rafrænnar þjónustu og upplifunar endanotenda.


	Áætlun 2021	Stoð í grænu plani	Jafnréttisskimun
Rannsóknir og nýsköpun	23	8.1,12.1-3	Já
Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla	525	8.7	Já
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	903	8.7	Já
Upplýsinga- og gagnastýring	158	8.7	Já
Hönnun og umbreyting þjónustu	45	8.7	Já
Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða	1.640	8.6-7, 9.1	Já
Heildarfjárfesting samtals	3.294		

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Skrifstofa sviðsstjóra					
Rannsóknarþjónusta - fjöldi styrkja			2	5	5
Rannsóknarþjónusta - fjöldi umsókna				20	10
Seldar máltíðir í möguneysi Ráðhúss	21531	22300	17600	22400	23000
Seldar máltíðir í mótuneysi Höfðatorgs	61958	69790	74800	72200	73000
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	90	81	80	70	80
Fjöldið viðburða í Höfða	76	100	80	98	80
Skrifstofa þjónustuhönnunar					
Fjöldi símtala	135405	122971	109982	115000	110000
Fjöldi netspjalla	5400	6740	7442	8500	10000
Fjöldi ábendinga	0	584	6168	7000	85000
Fjöldi heimsókna í þjónustuver í Borgartúni	39976	40424	14948	15000	13000
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	18114	19040	16125	18000	19000
Heildarfjöldi afgreiddra verkbeiðna	27271	29020	29920	35000	37000
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	4508	4427	4060	3100	2900
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	2668	3546	3970	4500	4800
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	1947	1344	3237	3400	4000
Fjöldi nettengdra prentara	840	845	873	900	930
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	27392	26949	27887	30000	30500
Skrifstofa Gagnaþjónustu					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro	12284	11514	13831	12000	4000
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum	100952	89637	119777	120000	40000
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni				1300	9000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni				11700	81000
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur					
Fjöldi heimsókna á vefinn reykjavik.is	1901340	1886792	2458800	2050000	3000000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	460	460	469	450	300
Borgarskjalasafn					
Hillumetrar af mótteknum skjölum	199	200	150	160	100
Fjöldi fyrirspurna	1422	1405	1169	1400	1100

SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk innri endurskoðunar. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs og mannréttinda- og lýðræðisráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög og hefur yfirumsjón með innleiðingu mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	69.526	66.711	73.952
Tekjur samtals	69.526	66.711	73.952
Laun og launatengd gjöld	1.207.102	1.268.089	1.330.837
Annar kostnaður	302.032	370.139	400.348
Rekstrargjöld samtals	1.509.134	1.638.228	1.731.185
Rekstrarniðurstaða	1.439.609	1.571.517	1.657.233


STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Fjöldi stöðugilda	66,15	62,45	62,2
Eftir skrifstofum:			
Borgarlögmaður	9	9	9
Innri endurskoðun	8,75	12,75	13
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	11,9	10,2	10,2
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	26	23,5	23
Skrifstofa borgarstjórnar	7,5	7	7
Umboðsmaður borgarbúa*	3		


*Starfsemi umboðsmanns borgarbúa og starf persónuverndarfulltrúa borgarinnar var flutt undir embætti innri endurskoðanda með samþykkt borgarráðs þann 27. febrúar 2020 og tóku breytingarnar gildi þann 1. júní.

SKIPTING REKSTRAR 2021

Skipting rekstrarútgjalda:



Hlutfallsleg skipting útgjalda:



MEGINÁHERSLUR SKRIFSTOFA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

BORGARLÖGMAÐUR

Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Hlutverk borgarlögmanns er meðal annars að annast fyrirsvar og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir dómstólum, kærunefnd útboðsmála, umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Þá er borgarlögmaður í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Nú er hafin vinna við endurskoðun reglna um kjarasamningsbundnar slysatryggingar á grundvelli bókunar í nýgerðum kjarasamningum. Sú vinna mun halda áfram á næsta starfsári, en þá er stefnt að því að nýjar reglur liggi fyrir til samþykktar.

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en ekkert lát hefur verið á fjölgun dómsmála milli ára. Þá eru flest dómsmálanna bæði flóknari og umfangsmeiri en verið hefur sem krefst meiri vinnu af hálfu starfsfólks embættisins. Þannig hefur heildarfjöldi dómsmála aukist um rúmlega 10% á milli ára. Þar af hefur mikil aukning verið á fjölda barnaverndar- og lögræðismála, en þau mál sæta lögbundinni flýtimeðferð fyrir dómi og gera því ríkari kröfur til málshraða af hálfu aðila. Þá er unnið að því að bæta aðgengi að embætti borgarlögmanns fyrir dómstóla og lögmenn með því að taka í notkun rafræna gátt fyrir örugga miðlun gagna.

Eitt af verkefnum borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa. Þessi þáttur í starfsemi embættisins hefur verið fyrirferðarmikill síðastliðin ár og er fyrirséð að hann verði það áfram á næsta starfsári. Meðal annars má rekja aukið álag í innkaupamálum undanfarin ár til breytts lagaumhverfis, en ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup tóku að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum um mitt ár 2019. Það hafði í för með sér að um 70 fleiri verksamningar falla nú undir lögin en áður, auk þess sem lögin heimila aukið svigrúm kaupanda til viðræðna við bjóðendur. Slík innkaupaferli taka mun lengri tíma og útheimta umfangsmeiri ráðgjöf en almennt á við um einföld útboð. Samhliða þessu breytta lagaumhverfi breyttist einnig og jókst hlutverk innkaupa- og framkvæmdaráðs í kjölfar skipulagsbreytinga hjá Reykjavíkurborg, en borgarlögmaður sinnir lögfræðilegri ráðgjöf við ráðið. Þá er hafin vinna við endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar sem mun standa fram á næsta ár. Þegar afrakstur þeirrar vinnu liggur fyrir mun verða enn meiri þörf á kynningu og fræðslu af hálfu borgarlögmanns á sviði innkaupamála innan borgarkerfisins. Þá hefur kærumálum á hendur Reykjavíkurborg fyrir kærunefnd útboðsmála fjölgað mikið milli ára, en borgarlögmaður annast fyrirsvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart nefndinni. Viðbúið er að sú þróun muni halda áfram.

Að öðru leyti en hér greinir að framan taka verkefni embættis borgarlögmanns mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmanns er að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf á hlutlægan hátt um alla þætti stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

INNRI ENDURSKOÐUN

Hlutverk Innri endurskoðunar hefur breyst umtalsvert með því að borgarráð samþykkti þann 27. febrúar 2020 að sameina á einum stað starfsemi eftirlitseininga borgarinnar. Markmið sameiningarinnar var að einfalda og um leið styrkja starfsemi og skipulag þeirra aðila sem sinna eftirliti með starfsemi og stjórnáslu Reykjavíkurborgar. Með samþykkt borgarráðs hefur starfsemi umboðsmanns borgarbúa og starf persónuverndarfulltrúa borgarinnar verið sameinað undir stjórn og ábyrgð innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðandi fer þannig með yfirstjórn allra fagþátta og fer með hlutverk innri endurskoðanda skv. lögum, stöðlum og reglum, hlutverk persónuverndarfulltrúa skv. lögum og hlutverk umboðsmanns borgarbúa skv. samþykkt borgarstjórnar.

Innri endurskoðandi heyrir undir borgarráð og er ráðinn af ráðinu að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hlutverk innri endurskoðanda er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta Reykjavíkurborgar. Jafnframt að veita ráðgjöf um persónuvernd, upplýsa, fylgjast með og sjá um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Hlutverk innri endurskoðanda er jafnframt að leiðbeina íbúum í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á þeim hafi verið brotið. Einnig að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim um mál sem tengjast hlutverki innri endurskoðanda, þ. á m. um framkvæmd innra eftirlits, um persónuvernd og meginreglur stjórnsýslulaga. Auk framangreinds tekur innri endurskoðandi á móti gögnum og upplýsingum um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara frá 12. maí 2020. Í því skyni er sérstök uppljóstrunargátt á heimasíðu Innri endurskoðunar en ábendingar sem berast í uppljóstrunargátt geta leitt til ráðgjafar, frekari rannsóknar á meintu misferli, úttektar- eða staðfestingarverkefna.

Eðli verkefna sem heyra undir sameinaða eftirlitslitseiningu skiptist í;

- Ráðgjafarverkefni þar sem einingin er í ráðgjafarhlutverki
- Staðfestingar- og úttektarverkefni í samræmi við staðla
- Fræðsla

Ráðgjöf er skilgreind sem sérstakt fagsvið innri endurskoðunar og undir fagsviðið heyra ráðgefandi verkefni umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa. Innri endurskoðun er jafnframt sérstakt fagsvið og undir það heyra eftirlitsverkefni í formi staðfestingar- og úttektarvinnu. Vinna á fagsviðunum er leidd af fagstjórum sem tryggja faglega yfirsýn og fagleg gæði og bera ábyrgð á samhæfingu og samræmi í vinnubrögðum.

Fagsvið ráðgjafar

Persónuverndarmál er stór málaflokkur á fagsviði ráðgjafar og leiðir fagstjóri ráðgjafar vinnu við innleiðingu persónuverndarlaga nr. 90/2018 auk þess að sinna fræðsluhlutverki og ráðgjöf við öll fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við sérfræðinga á sviðum eftir því sem við á og er í samráði við Persónuvernd þegar það á við.

Tilgangurinn með stofnun embættis umboðsmanns borgarbúa var að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarkerfis og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa gagnvart stjórnsýsluframkvæmd og þjónustu Reykjavíkurborgar. Fagsvið ráðgjafar gegnir þessum verkefnum eftir sameiningu eftirlitseininga borgarinnar og leiðbeinir einstaklingum, lögaðilum, hagsmunasamtökum og öðrum þeim er til Innri endurskoðunar leita og telja á sér brotið við meðferð mála hjá Reykjavíkurborg. Á fagsviði ráðgjafar er veitt ráðgjöf um endurupptökuheimildir og kæruleiðir og aðstoð við að koma málum í þann farveg sem henta þykir hverju sinni.

Fagsvið innri endurskoðunar

Innri endurskoðunaráætlun næsta starfsárs verður lögð fyrir endurskoðunarnefnd í janúar 2021. Val og forgangsráðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er tekið tillit til innleggs frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun gerir jafnframt innri endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf. og Malbikunarstöðina Höfða hf. og eru þær lagðar fyrir stjórnir þessara félaga. PwC

sinnir innri endurskoðun hjá SORPU bs. og hjá Strætó bs. er það Deloitte sem sinnir innri endurskoðun félagsins.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Skrifstofan ber ábyrgð á lýðræðisverkefnum og samráði við notendur. Unnið er að því að efla þátttöku og virkni allra íbúa í borgarsamfélaginu og efla samráð við íbúa og hagsmunaaðila í starfsemi borgarinnar. Þannig hafa ný íbúaráð borgarinnar, sem vistuð eru á skrifstofunni, það hlutverk að stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, að vera lifandi samstarfsvettvangur og að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar. Með verkefnum eins og Hverfið mitt er borgarbúum gefinn kostur á að leggja fram tillögur um ný verkefni í þeirra nærumhverfi sem síðan er kosið um.

Skrifstofan vinnur með mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan borgarinnar og utan í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: öldungaráð Reykjavíkurborgar, fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar, ofbeldisvarnarnefnd, aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík auk níu íbúaráða.

Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu starfa sérfræðingar á sviði kynjajafnréttis, hinsegin mála, málefna fatlaðs fólks, innflytjendamála og lýðræðismála. Þessi sérfræðingar starfa að fræðslu og ráðgjöf jafnt innan jafnt sem utan borgarkerfisins.

Hagræðing: Af þeim fimm kostnaðarstöðum sem tilheyra skrifstofunni verður um helmingur hagræðingar tekin af kostnaðarstað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Þá verður hagræðing útfærð af ýmsum kostnaðarliðum svo sem öðrum kostnaði, prentun, stafsmannakostnaði og ferðakostnaði.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra. Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og er tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta fyrirtæki.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara sinnir þjónustu við embætti borgarstjóra og borgarritara. Skrifstofan hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Skrifstofan annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaaðila innanlands og utan, annast skipulagningu móttaka og viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Á skrifstofunni er unnið að undirbúningi mála fyrir borgarráð og önnur ráð Reykjavíkurborgar ásamt úrvinnslu og eftirfylgd mála sem skrifstofunni eru falin á þeim vettvangi. Innan skrifstofunnar eru lýðheilsu-, alþjóða- og miðborgarmál vistuð ásamt eigna- og atvinnuþróunarverkefnum. Þá veitir skrifstofan stuðning við undirbúning og framkvæmd stefnumótunar á vegum Reykjavíkurborgar auk þess sem upplýsingamál heyra undir skrifstofuna.

Á árinu 2021 verður líkt og undanfarin ár lögð áhersla á markvissa vinnu við að bæta verklag, verkferla og innra starfsumhverfi skrifstofunnar meðal annars með bættu aðgengi að þjónustu með rafvæðingu ferla. Þá verður áfram lögð áhersla á og umbætur á sviði stjórnsýslu.

Alþjóðamál: Líkt og undanfarin ár tekur Reykjavíkurborg þátt í fjölbreyttu alþjóðasamstarfi, tvíhliða og marghliða, og má þar helst nefna Evrópusamstarf, norrænt samstarf og vestnorrænt samstarf. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara er tengiliður við fjölda samstarfsaðila innan lands og utan á sviði alþjóðamála, s.s. Bloomberg Harvard City Leadership Initiative, OECD, Eurocities, sendiráð, samstarfsborgir og utanríkisþjónustuna, og miðlar upplýsingum innan og utan borgarkerfisins. Þá leitast skrifstofan við að hafa forystu og skapa yfirsýn í alþjóðamálum Reykjavíkurborgar, veita ráðgjöf og stuðning, efla frumkvæði og samhæfa aðgerðir þvert á borgarkerfið.

Heimsfaraldur Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á starfsemina árið 2020 og mun mögulega breyta henni til frambúðar. Ýmis verkefni hafa fallið niður, öðrum verið frestað og mörg leyst með nýjum hætti, s.s. með fjarfundum. Á móti kemur t.d. aukið alþjóðlegt samstarf um gerð og miðlun upplýsinga um viðbrögð við faraldrinum, endurheimt og aðrar framtíðaráætlanir. Útlit er fyrir enn þéttara samstarf, s.s. við norrænu höfuðborgirnar, og verður horft til þessa næstu misseri. Á árinu hefur áfram verið unnið að mótun nýrrar alþjóðastefnu Reykjavíkur en stefnt er að samþykkt hennar í nóvember 2020. Þá tekur við innleiðingarferli í samráði við fagsvið, kjarnasvið og skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu þar sem ætlunin er að hefja ýmis umbótaverkefni sem miða einkum að bættu fyrirkomulagi alþjóðamála í stjórnkerfinu.

Lýðheilsamál: Það er forgangsmál að ljúka vinnu við lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, gefa hana út auk aðgerðaáætlunar og hefja innleiðingu. Þróun og birting lýðheilsuvísa og annarra mælikvarða fyrir lýðheilsu í Reykjavíkurborg verður haldið áfram í því skyni að mæla markmið stefnunnar, sem er gagnadrifin. Áfram verður lögð áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsuefningu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsueflandi samfélag, heilsueflandi hverfi, heilsueflandi skóla, leikskóla og frístundastarf og aukinn jöfnuð samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Stefnt er að því að borgin verði virkur þátttakandi í Heilsuborgaverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO European Healthy Cities Network) og unnið að þróun vinnuferla sem miða að því að sú þekking og þau tækifæri sem bjóðast í því samstarfi nýtist sem best. Þá verður unnið að því að efla samræmda vinnu í lýðheilsumálum, yfirsýn yfir málaflokkinn og þekkingarmiðlun á milli sviða með því að styrkja samstarf innan borgarkerfisins og það starfsfólk sem leiðir verkefni á sviði lýðheilsu víðs vegar í starfsemi borgarinnar.

Stefnumótun: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara mun áfram vinna að umbótum og fræðslu á sviði stefnumótunar. Það mun m.a. fela í sér fræðslu um stefnumótun í forystunámi Reykjavíkurborgar og kynningu á umgjörð stefnumótunar hjá Reykjavíkurborg eftir þörfum. Auk þess mun skrifstofan bjóða upp á ráðgjöf og faglegan yfirlestur á stefnum og áætlunum sem unnar eru innan Reykjavíkurborgar og eftir atvikum koma að vinnslu þeirra og endurskoðun gildandi stefna. Skrifstofan mun einnig vinna áfram að því að móta verkfærakistu stefnumótunar. Þá er það hlutverk skrifstofunnar að hafa yfirsýn yfir heildarstefnumörkun borgarinnar og miðlun hennar. Skrifstofan mun vinna að því m.a. með yfirumsjón með innleiðingu Græna plansins og með þátttöku í innleiðingu fjármálastefnu borgarinnar.

Miðborgarmál: Unnið verður eftir nýju verklagi og uppfærðri stefnu í málefnum miðborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 24. september 2020. Stofnaður hefur verið samstarfshópur miðborgarmála þar sem sitja fulltrúar hagaðila miðborgarinnar ásamt fulltrúum þvert á svið borgarinnar. Unnið verður að því að innleiða nýtt verklag með það að leiðarljósi að styrkja enn frekar samtal og samvinnu við atvinnulífið og aðra hagaðila miðborgarinnar. Vettvangurinn hefur einnig það hlutverk að tengja hagaðila miðborgarinnar við stjórnkerfi borgarinnar með það fyrir augum að efla samkeppnisstöðu hennar sem íbúabyggð, verslunar og þjónustusvæði. Úthlutun úr miðborgarsjóði hefur það hlutverk að veita styrki til ólíkra verkefna í miðborginni en sjóðurinn styrkir félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Markmið

sjóðsins er að hvetja til fjölbreytni, frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar.

Lóða- og atvinnuþróunarverkefni: Skrifstofan ber ábyrgð og lóða- og atvinnuþróunarverkefnum en í því felst meðal annars þátttaka í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og samningagerð við utanaðkomandi þróunaraðila í samræmi við atvinnustefnu, húsnæðisstefnu og aðalskipulag Reykjavíkurborgar. Þá kemur skrifstofan að samstarfsverkefnum um atvinnuþróun og sinnir markaðssetningu á landi og tækifærum innan borgarinnar, m.a. í samstarfi við önnur sveitarfélög, einkaaðila og hið opinbera má þar nefna Íslandsstofu. Loks annast skrifstofan gerð útboðsgagna og undirbúning vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.

Upplýsingamál: Upplýsingadeild heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir vef borgarinnar í samráði við fagsvið og skrifstofur. Starfsfólk deildarinnar sér um fréttaskrif, útbýr fréttatilkynningar til útsendingar til fjölmiðla og svarar fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið. Deildin er ráðgefandi fyrir fagsvið og skrifstofur borgarinnar varðandi samskipti við fjölmiðla, innri miðlun, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir. Upplýsingadeild ber einnig ábyrgð á upplýsingamiðlun á opinberum samfélagsmiðlum borgarinnar; Facebook, Twitter og Instagram sem eru mikilvægir til að ná til mismunandi markhópa og spara auglýsingakostnað. Lögð er áhersla á myndræna framsetningu og vinnslu einfaldra myndbanda til að kynna stefnumál, framkvæmdir og viðburði á vegum Reykjavíkurborgar. Áfram er unnið að því að halda vel utan um ljósmynda- og myndagrunna og tengja þá við nýja útgáfu af vef Reykjavíkurborgar.

Hagræðing: Þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar árið 2019 leiddu til hagræðingarkröfu sem leggst ofan á almenna hagræðingarkröfu. Þá er rétt að taka fram að tekjur upplýsingadeildar úr eignasjóði hafa haldist óbreyttar undanfarin ár sem felur í sér viðbótarhagræðingarkröfu. Til að koma til móts við þessa stöðu hefur forgangsroðun skrifstofunnar verið endurskoðuð með áherslu á að draga úr viðburðum, aðkeyptri vinnu og með almennu aðhaldi í rekstri.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, sem lýtur að stjórnkerfi Reykjavíkurborgar þ.m.t. lögfræðilega ráðgjöf varðandi fundarsköp og ritun fundargerða. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, annast beinar útsendingar af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu.

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir auknum fjölda mála sem afgreidd verða í borgarráði sem og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi er enn að aukast frá síðasta kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir að töluverð aukning verði á málum sem fara til umfjöllunar borgarstjórnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmenningarráði, ofbeldisvarnarnefnd og öldungaráði Reykjavíkur á árinu. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, og áfram verður unnið að því að bæta rafrænt

aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Gert er ráð fyrir vinnu við innleiðingu Hlöðunnar á árinu og nýju fundargerðakerfi því samhliða m.a. til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Áfram verður unnið að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna innleiðingu nýrrar tækni við fjarfundi, upptökur, útsendingar og streymi á fundum borgarstjórnar. Samhliða verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram hefur verið unnið að þróun verkferla í málaflokknum þannig að málsmeðferð er nú vandaðri og þjónusta við rekstraraðila er stórbætt eftir að hún færðist á eina hendi. Samninganefnd borgarstjórnar við Airbnb er líka vistuð á skrifstofunni. Vinna hennar hefur legið í dvala árið 2020 en gert er ráð fyrir að samvinna við samtök hraðvaxta ferðamannaborga sem vinna að því að knýja á um samræmda reglusetningu um skammtímagistingu á vegum Evrópusambandsins fari aftur á stað árið 2021. Meginverkefni næsta árs, að undanskilinni kjarnastarfsemi skrifstofunnar, verður þó án efa að undirbúa og halda alþingiskosningar sem að öllu óbreyttu verða haldnar 25. september 2020.

Hagræðing: Fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar eru að stærstum hluta ætlaðar til að standa straum af launakostnað kjörinna fulltrúa þ.e. 23 borgarfulltrúa og 8 varaborgarfulltrúa. Á skrifstofunni sjálfri eru 7,5 stöðugildi sem hafa ekki tekið breytingum þrátt fyrir að borgarfulltrúum hafi fjölgað úr 15 í 23 og allir fundir lengst. Málafjöldi í borgarráði hefur aukist um ríflega 300% frá upphafi kjörtímabils. Hagræðing á skrifstofu borgarstjórnar verður þ.a.l. ekki mætt nema með flötum niðurskurði á alla liði skrifstofunnar nema launakostnað kjörinna fulltrúa.

Hagræðing mun því aðallega birtast á eftirfarandi hátt:

- Lengdur málsmeðferðartími erinda vegna fækkunar starfsfólks.
- Lækkun á sérfræðiaðstoð við borgarstjórnarflokka.
- Lækkun á styrkjaþotti borgarráðs.
- Hagræðing og sparnaður vegna fundarkostnaðar borgarráðs og borgarstjórnar (ekki verða lengur veitingar á fundum).
- Lækkun á ferðakostnaði kjörinna fulltrúa og embættismanna á vegum borgarráðs og borgarstjórnar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2017	2018	2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara					
Stjórnsýsluerindi	795	556	636	650	650
Móttökur	52	43	39	8	20
Fréttatilkynningar	800	810	812	730	800
Vefur - vikulegt innlit	41.000	47.162	47.991	45.000	46.500
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	130.000	110.952	98.479	95.000	97.000
Facebook póstar	1.350	1.300	1.150	1.000	1.170
Að meðaltali á viku	26	25	22	19	23
Borgarlögmaður					
Almenn stjórnsýslumál					
Í vinnslu	42	56	49	60	65
Lokið	254	283	285	290	300
Samtals	296	339	334	350	365
Dómsmál					
Í rekstri	33	53	35	45	47
Lokið	159	181	229	235	238
Samtals	192	234	264	280	285
Þar af fyrir Velferðarsvið	153	186	153	160	165
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum					
Innkomin	101	106	116	125	128
Í vinnslu	188	203	193	210	213
Fullnaðaruppgjör bóta	80	100	102	220	196
Samtals greiddar bætur (þ.kr.)	118.272	178.159	136.069	100.943	83.943

Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánú samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður Reykjavíkurborgar er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 300 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Eignasjóður annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað) og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2040 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna eignasjóðs.

Eignaskrifstofa

- Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).
- Þróar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.
- Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.
- Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.
- Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.
- Hefur eftirlit með stjórnsýslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.
- Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.
- Annast kaup og sölu eigna.
- Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

Umhverfis- og skipulagssvið (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrslna og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnsýslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samanburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldþörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

Verkefnastofa þróunarmála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillögugerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnanna o. fl.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON)

- Ber ábyrgð á þróun og rafvæðingu þjónustuferla borgarinnar
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu á vefum og veflausnum borgarinnar
- Ber ábyrgð á tæknilegri umbótastofu sem annast m.a. viðskiptaþróun og val á tæknilegum notendalausnum
- Ber ábyrgð á gagnastjórnun og uppbyggingu á viðskiptagreindarbúnaði og lausnum
- Ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun í samræmi við viðskiptaþróun og -hagsmuni
- Ber ábyrgð á upplýsingatækniinnviðum og öryggi þeirra
- Ber ábyrgð á notendabúnaði borgarinnar, skráningu hans og aldursgreiningu, og endurnýjunaráætlun.
- Ber ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga, öryggiskerfum og aðgangsstýringu þeirra.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021
Leigutekjur	20.396	21.196	24.168
Aðrar tekjur	5.647	3.772	4.944
Rekstrartekjur samtals	26.043	24.968	29.111
Laun og launatengd gjöld	1.939	2.283	2.441
Annar rekstrarkostnaður	9.558	6.391	6.029
Afskriftir	5.329	6.228	6.402
Rekstrargjöld samtals	16.826	14.902	14.873
Fjármagnsliðir	-5.772	-6.805	-7.436
Rekstrarniðurstaða	3.445	3.261	6.802

Skipting áætlunar 2021		
Eignaskrifstofa	Verkefnastofa þróunarmála	USK eignasjóði
24.168	0	0
585	3.709	650
24.752	3.709	594
73	67	2.302
4.357	284	1.388
6.402	0	0
10.832	351	3.635
-7.436	0	0
6.484	3.358	-3.040

Áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2021 eru 24.168 m.kr. og skiptast þannig að áætluð innri leiga, sem myndar gjöld hjá stofnunum aðalsjóðs nemur alls 23.581 m.kr. eða 81% teknanna, aðrar leigutekjur eru áætlaðar 587 m.kr. eða 2% teknanna.

Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 3.708 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 401 m.kr.

FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2021

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir að 28.615 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 9.216 m.kr. hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2020. Hækkunin skiptist þannig að 5.296 m.kr. eru vegna byggingarframkvæmda og 1.195 m.kr. vegna gatna- og umhverfisframkvæmda. Aðrar fjárfestingar hækka um 1.925 m.kr.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2021
Byggingarframvæmdir	
Menningar- og ferðamálasvið	903.000
Skóla- og frístundasvið	6.505.000
Íþrótt- og tómstundasvið	4.763.000
Velferðarsvið	899.000
Ýmsar fasteignir	345.000
Byggingarframvæmdir samtals	13.415.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	1.255.000
Nýbyggingahverfi	4.120.000
Miðborgin	770.000
Umhverfi- og aðgengismál	2.420.000
Umferðaröryggismál	250.000
Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir	2.216.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	11.031.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	150.000
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	330.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	3.689.000
FJÁRFESTING SAMTALS	28.615.000
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	-1.000.000
Gatnagerðargjöld	-3.100.000
FJÁRFESTING NETTÓ	24.515.000

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2021

Menningar- og ferðamálasvið: Ráðist verður í umfangsmiklar breytingar á Grófarhúsi, bæði hvað varðar innra skipulag og ytra útlit hússins. Stofnað verður til samkeppni um framkvæmdina í heild þ.e. notkunarform og útlit. Unnið er að undirbúningi vegna stofnunar Listasafns Nínu Tryggvadóttur sem fyrirhugað er að verði til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur, en ráðgert að festa kaup á hluta Faxaflóahafna í húsinu. Framkvæmdum við menningarmiðstöð í Úlfarsárdal og innisundlaug á að ljúka á árinu. Unnið verður að endurbótum á Kjarvalsstöðum og í Ásmunarsafni til að bæta aðstöðu fyrir gesti og starfsemi safnanna og áfram verður fjárfest í búnaði fyrir Borgarleikhús. Að auki verður fé varið til ýmissa verkefna vegna sviðsins.

Skóla- og frístundasvið: Farið verður í hönnunarsamkeppni um grunn- og leikskóla í nýjum hverfum. Endurgerð grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsöröðun verður fram haldið og ráðgert að verja samtals 500 m.kr. til verkefnisins á árinu 2021. Uppbygging leikskóla verður áfram í forgrunni á næstu árum, með nýjum leikskólum á uppbyggingasvæðum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda. Ráðgert er að verja um 5.600 m.kr. til þessa verkefnis á næstu 5 árum. Jafnframt er unnið að þarfagreiningu vegna uppbyggingar grunnskóla í nýjum hverfum og farið verður í miklar endurbætur og mögulegar viðbyggingar við skóla í eldri hverfum. Byrjað verður á endurbótum og breytingum á Vörðuskóla sem notaður verður sem safnskóli á unglingastigi.

Íþróttar- og tómstundasvið: Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal. Er það hluti af samþættum grunn- og leikskóla ásamt menningar- og íþróttahúsi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við útisundlaug með rennibraut ljúki á árinu. Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu samkvæmt samningi þar um. Fjárfest verður í endurnýjun á búnaði og uppbyggingu skíðasvæða í Bláfjöllum og Skálafelli til samræmis við nýtt samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Undirbúningur hefst við nýtt vísinda- og upplifunarsafn í Laugardal. Einnig verður fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum og aðstaða á tjaldsvæðinu í Laugardal verður enn bætt.

Velferðarsvið: Ráðgert er að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum í stamstarfi við ríkið. Haldið verður áfram að koma fyrir smáhýsum en flutt var inni fyrstu smáhýsin á árinu 2020. Byggt verður nýtt vistheimili barna. Einnig verður byggt nýtt heimili fyrir börn með þroska og geðraskanir. Verið er að skoða framtíðarmöguleika varðandi framleiðslueldhús, stækkun eða fjölgun.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Áætlanir eru um byggingu nýrrar saltgeymslu fyrir bækistöðvar borgarinnar. Haldið verður áfram með úrbætur á ýmsum húskerfum og búnaði stjórnsýsluhúsa.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Fjárfest verður í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, hönnun og umbreytingu þjónustu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Þetta er nokkur aukning frá árinu áður og helgast m.a. af því ástandi sem skapast hefur vegna Covid-19 og aukinnar áherslu á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt. Hraði stafrænnar umbreytingar verður stóruaútkinn.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar á meðal verða keyptir tveir nýir sorpbílar sem munu einnig safna sérstaklega lífrænum úrgangi.

HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2021

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2021-2025 verða vegna þéttingar byggðar, áherslu á umhverfis- og aðgengismál með vistvænni endurnýjun götulýsingar, fjölgun götutrjáa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef en ráðgert er að verja um 2.825 m.kr. vegna samgöngusáttmála á tímabilinu.

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2021 eru einkum á íbúasvæðunum í Úlfarsárdal, Skerjafirði, Vogabyggð og Bryggjuhverfi. Þá eru ótaldar gatnaframkvæmdir á uppbyggingarsvæðum í Gufunesi og Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða- og atvinnuhúsnæðis.

Áfram verður unnið að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólreiðaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála eins og LED-væðingu götulýsingar, fjölgun grenndarstöðva í borginni og áherslur á líffræðilega fjölbreytni. Þá verður haldið áfram við uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2021-2025

Á árinu 2021 er ráðgert að verja 20.647 m.kr. til grænna fjárfestinga. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2040 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um vishæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að um 70% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

Grænar fjárfestingar	2021	2022	2023	2024	2025
Menntun og menning	6.825.000	8.805.000	9.665.000	5.100.000	6.200.000
Lýðheilsa, íþróttir og hreyfing	4.403.000	4.608.000	5.405.000	3.478.000	1.847.000
Orkuskipti alls staðar	485.000	350.000	697.000	488.000	246.000
Stafræn umbreyting	3.294.000	4.215.000	3.759.000	1.539.000	1.410.000
Grænar samgöngur	1.445.000	1.445.000	1.445.000	1.445.000	1.445.000
Græn uppbygging borgarinnar	2.395.000	3.350.000	2.540.000	2.390.000	1.370.000
Græn íbúðauppbygging	1.500.000	2.000.000	2.200.000	1.800.000	2.300.000
Skapandi borg - ný og græn atvinnusvæði	280.000	230.000	50.000	50.000	
Græn svæði og gróður	20.000				
Samtals	20.647.000	25.003.000	25.761.000	16.290.000	14.818.000

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Úthlutun og sala byggingaréttar*				
	657 íbúðir	625 íbúðir	590 íbúðir	1028 íbúðir
Eftir húsgerðum				
Einbýli	15 íbúðir	11 íbúðir	9 íbúðir	3 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	32 íbúðir	14 íbúðir	22 íbúðir	14 íbúðir
Fjölbýlishús	610 íbúðir	620 íbúðir	559 íbúðir	1011 íbúðir
Eignarekstur				
Fjöldi fasteigna í rekstri	530	539	540	541
Flatarmál fasteigna í rekstri m ²	579.672	596.727	608.551	617.100
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	164	123	101	110
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	10	6	6	6

* Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 601 m.kr. Þar af eru 490 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 25 m.kr., hverfissjóður nemur 20 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 66 m.kr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð 67 m.kr. Þar af verði 52 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 118 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfi 39 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfi 78 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 780 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 463 m.kr., en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 270 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 47 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistað miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða samtals 2.158 m.kr. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna samnings við ASÍ um lífeyrisaukaframlag, vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2020 sem ekki verið samþykktir af sjóðfélögum þegar áætlun er unnin. Slysabætur eru áætlaðar 157 m.kr. og breyting orlofsskuldbindingar 511 m.kr. sem er nokkuð hærra en á liðnu ári vegna lengingar orlofs í 30 daga m.v. 100% starf sem nær nú til allra starfsmanna á vinnumarkaði.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 3.500. m.kr. árið 2021. Að auki eru gjaldfærðar 384 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

Ýmis kostnaður er áætlaður 3.349 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð; sem nemur 2.445 m.kr. sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála; sem nemur 855 m.kr. vegna málefna fatlaðra og 128 m.kr. vegna aukins rekstrarframlags til Hörpu. Áætlaðar eru um 717 m.kr. sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar, tækja og áhalda. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 41 m.kr. til reksturs Höfða og 4 m.kr. til reksturs á Úlfjótavatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 22 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Kostnaður við móttökur er áætlaður 20 m.kr.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2021 eru áætluð 1.197 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.116,4 m.kr., framlag til Almanna-Vara verði 11,3 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 69,3 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2021 nemi 2.124,8 m.kr., að 20,1 m.kr. fari til Almanna-Vara og 123,1 m.kr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2021 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag til SHS	Framlag til Almanna-Vara	Framlag í fjárfestingasjóð	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		1.981.600	20.100	123.100	2.124.800
Reykjavík	56,3%	1.116.414	11.324	69.353	1.197.091
Kópavogur	16,3%	322.940	3.276	20.062	346.278
Hafnarfjörður	12,9%	255.264	2.589	15.857	273.710
Garðabær	7,3%	144.070	1.461	8.950	154.481
Mosfellsbær	5,2%	102.740	1.042	6.382	110.164
Seltjarnarnes	2,0%	40.172	407	2.496	43.075

STRÆTÓ BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 2.723 m.kr., sem skiptast í rekstrarframlag, framlög vegna nemendafargjalda og framlag vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 4.337 m.kr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Áætlun 2021 miðar við hlutfallslega skiptingu 2020. Skipting milli sveitarfélaga á nemaframlagi og öryrkjaframlagi miðast við skiptingu á íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó. Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2021 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting 2020	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		4.336.760
Reykjavík	63%	2.723.485
Kópavogur	14%	614.519
Hafnarfjörður	10%	423.701
Garðabær	6%	274.517
Mosfellsbær	5%	205.129
Seltjarnarnes	2%	95.409

B-HLUTA FYRIRTÆKI

FAXAFLÓAHAFNIR

LEIÐARLIÓS

Faxaflóahafnir þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir munu nýta náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021-2025

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2019	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2020	Áætlun 2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	4.121.264	3.457.600	3.408.699	3.934.573	4.195.748	4.467.523	4.750.266
Tekjur samtals	4.121.264	3.457.600	3.408.699	3.934.573	4.195.748	4.467.523	4.750.266
Laun og launatengd gjöld	1.094.607	1.214.000	1.165.000	1.227.910	1.279.482	1.333.220	1.389.216
Annar kostnaður	1.422.357	1.431.733	1.294.510	1.328.167	1.361.371	1.395.406	1.430.291
Afskriftir	741.076	797.000	895.000	993.246	1.062.246	1.136.232	1.218.777
Gjöld samtals	3.258.040	3.442.733	3.354.510	3.549.323	3.703.100	3.864.858	4.038.284
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	863.224	14.867	54.189	385.249	492.648	602.665	711.982
Fjármagnsliðir	19.605	15.000	-9.000	17.442	19.981	11.857	3.315
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	882.829	29.867	45.189	402.691	512.629	614.522	715.297
Söluhagnaður og aðrar óreglulegar tekjur		185.000		1.869.253	347.164		
Rekstrarniðurstaða	882.829	214.867	45.189	2.271.944	859.793	614.522	715.297

STARFSFÓLK


	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	68	70	71
Fjöldi stöðugilda	68	70	71
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Stjórnendur	8	8	8
Hafnarþjónusta	33	33	33
Rekstrardeild	15	15	15
Hliðgæsla	4	4	5
Tæknideild	3	4	4
Skrifstofa	5	6	6

HLUTVERK


Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf. þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

SKIPTING REKSTRAR 2021

Skipting rekstrartekna



Skipting rekstrargjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2021 og sú langtímaáætlun sem fylgir þeirri áætlun er leiðarljós fyrirtækisins í þróun hennar og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. eru verkefni sem standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu og endurnýja mannvirki sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á áætlanir Faxaflóahafna eru m.a. nýjar þarfir og breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna sf. Umhverfismál og sjálfbærni skipta sífellt meira máli í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir vilja sýna forystu í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir til framtíðar bera þess merki.

Í fjárhagsáætlun ársins 2021 eru nokkur verkefni sem vert er að nefna sérstaklega:

Gamla höfnin:

- ⚓ Áfram verður unnið að endurnýjun rafdreifikerfis. Byggð hefur verið dreifistöð á Faxagarði, en næsta verkefni er að kaupa búnað og ganga frá lögnum í bryggjuna.
- ⚓ Í ljósi ástands trébryggjunnar við Sjóminjasafnið er óhjákvæmilegt annað en ráðast í endurnýjun hennar.

Sundahöfn:

- ⚓ Meginverkefni ársins er dýpkun í Sundahöfn utan Sundabakka. Verkefnið er forgangsverkefni og ætlað að tryggja nægjanlegt dýpi fyrir djúprist skip sem nú þegar liggja við bakkann.

- ⚓ Unnið verður að mati á umhverfisáhrifum vegna landfyllingar í Vatnagörðum og lengingu stálþils úr Skarfabakka í gamla Kleppsbakka auk gerð deiliskipulags fyrir svæðið.
- ⚓ Unnið verður áfram að landtengingum flutningaskipa í Sundahöfn.

Grundartangi:

- ⚓ Gert er ráð fyrir fjármunum til þróunar baklands og fyllinga við Tangabakka.
- ⚓ Gert er ráð fyrir endurbótum og lagfæringu á þekju á Tangabakka.

Akranes:

- ⚓ Gert er ráð fyrir lágmarkskostnaði við lok hönnunar á endurbótum og lengingu Aðalhafnargarðs, en framkvæmdinni hefur verið frestað að sinni.

Borgarnes

- ⚓ Áætlað er að smíða léttu flotbryggju sem á að setja niður sumarið 2021.

Áætlun árána 2021 til 2025 byggist á þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem þegar liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum í umfangi rekstrar og tekna þessi ár. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangs röðun á ári hverju, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Miðað er við að á árunum 2021 til 2025 skili sér lóðatekjur vegna úthlutunar lóða í Sundahöfn.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Rekstur áhaldahúss og rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar á árinu 2021 eru áætlaðar samtals 975 m.kr. Þrátt fyrir háar fjárfestingar á árunum 2017 til 2019 hefur handbært fé verið viðunandi. Faxaflóahafnir hafa kosið að miða framkvæmdir við getu m.t.t. handbærs fjár í stað þess að framkvæma fyrir lánsfé og auka skuldir félagsins. Meginverkefni ársins er dýpkun í Sundahöfn utan Sundabakka. Verkefnið er forgangsverkefni og ætlað að tryggja nægjanlegt dýpi fyrir djúprist skip sem nú þegar leggjast að bakkanum.

Fjárfestingar á hafnarsvæðinu skiptast með eftirfarandi hætti:

	m.kr.
Gamla höfnin	245
Sundahöfn	575
Grundartangi	105
Akranes	5
Borgarneshöfn	15
Tæki og áhöld	30
Alls	975

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Á síðustu árum hafa tekjur Faxaflóahafna sf. vaxið umfram útgjöld. Skýringin felst í auknum flutningum og stærri skipum sem koma til hafnar. Þessi staða hefur þýtt það að undanfarin ár hefur verið unnt að fara í mikilvægar fjárfestingar til að styrkja áframhaldandi þróun á starfseminni, jafnframt því sem eigendur hafa notið hærri arðgreiðslna. Veruleg breyting varð á forsendum fjárhagsáætlunar 2020 vegna Covid-19 faraldursins. Frá og með marsmánuði 2020 hefur verið viðvarandi samdráttur í flutningum og nánast allar komur farþegaskipa fallið niður. Þróun efnahags verður gjarnan fyrst vart á hafnarsvæðum hvort heldur er í samdrætti eða vexti. Gengið er út frá því að umsvif árin 2020 og 2021 verði í lágmarki en að þróunin verði jákvæðari eftir 2021. Fyrirtækið býr að lágum skuldum og stöðugum tekjustraumum sem hjálpa til þegar takast á við lægðir í efnahag, en skila sér vel þegar betur árar.

Hér má sjá breytingar á milli ára:

	Áætlun 2021	Útksp. 2020	2019	2018	2017
Tekjur	3.409	3.378	4.121	3.966	3.689
Gjöld	3.354	3.443	3.258	2.890	3.095
Rekstrarafgangur	54	-65	863	1.076	594
Fjárfestingar	975	1.455	2.209	1.454	1.731

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.516	1.474	1.378	1.050	1.100
Brúttótonn skipa í þús. tonna	11.219	12.143	13.592	6.500	7.000
Heildarflutningar í þús. tonna	3.968	4.205	3.914	3.200	3.800
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.430	1.442	1.336	1.100	1.250
Innflutningur til stóriðju	1.173	1.300	1.200	1.200	1.200
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	446	454	471	450	480
Útflutningur frá stóriðju	463	482	425	425	425
Landaður afli í þús. tonna	119	119	77	75	75
Skemmtiferðaskip	135	152	190	7	0
Fjöldi farþega	128.275	144.658	188.630	2.500	0
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	67,5	68	69	70	71
Eignarland alls í hekturum	891	884	885	887	887
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	331	323,5	325	325	325
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.318	8.216	8.690	8.690	8.690

FÉLAGSBÚSTAÐIR

TILGANGUR OG GILDI

Tilgangur Félagsbústaða er að eiga, reka og leigja út félagslegar íbúðir fyrir Reykjavíkurborg og mæta þannig þörfum íbúa í borginni fyrir húsnæði. Félagsbústaðir starfa í þágu almannaheilla og er hagnaði ráðstafað í þágu markmiða félagsins. Félagsbústaðir starfa í anda gilda um samvinnu, virðingu og þjónustu.

INNGANGUR

Samkvæmt málefnasamningi meirihluta borgarstjórnar og samþykktum velferðarráðs er gert ráð fyrir að félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 600 á tímabilinu 2018 til og með 2022. Þar af eru um 500 íbúðir fyrir almennt félagslegt leiguhúsnæði og 100 íbúðir fyrir fatlað fólk. Fyrstu tvö ár tímabilsins var fest kaup á 198 íbúðum. Áætlanir Félagsbústaða gera ráð fyrir að það takist að tryggja þær 402 íbúðir sem upp á vantar.

Áherslur borgaryfirvalda um uppbyggingu eftir árið 2022 liggja ekki fyrir, en áætlunin sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að íbúðum fjölgi um 75 á ári árin 2023-2025. Velferðarsvið hefur hafið undirbúningsvinnu við mótun áherslna fyrir næsta tímabil.

Hlutfall íbúða í eigu Félagsbústaða í Reykjavík nálgast 5% af íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Leigueiningar voru 2.841 í lok þriðja ársfjórðungs 2020.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG MARKMIÐ

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir árin 2021-2025 og útgönguspá fyrir árið 2020. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2020 til 2025.

Áætlað er að eignasafnið stækki umtalsvert á tímabilinu eða um 633 nýjar íbúðir. Áætlað er að markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með:

- Kaupum á íbúðum í kjölfar kaupréttarsamninga sem heimila Félagsbústöðum kaup á 5% af byggðum íbúðum samkvæmt skilyrðum Reykjavíkurborgar við lóðaúthlutun.
- Kaupum íbúða á almennum fasteignamarkaði.
- Byggingu sértækra íbúðakjarna undir stjórn Félagsbústaða.

Forsendan fyrir fjölgun íbúða er að fjármögnun fáið þ.e. bæði stofnframlög og lán á hagstæðum vaxtakjörum.

TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða. Forsendurnar taka mið af leiðbeiningum fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.

Breytingar milli ársmeðaltala %	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	1,6	-6,1	5,5	3,2	2,6	2,6	2,5
Samneysla	4,1	3,1	1,3	1,8	1,8	1,7	1,8
Fjármunamyndun	-6,3	-8,4	5,1	3,4	3	1,5	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-5	-30,1	19,1	8,2	6,7	5,2	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,9	-23,2	17,4	8,1	6,4	4,3	2,8
Verg landsframleiðsla	1,9	-8,4	4,9	2,9	2,6	2,5	2,5
Atvinnuleysi	3,6	8,2	6,8	6,2	5,4	5,0	4,6
Vísitala neysluverðs	3,0	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun=veiking krónu)	8,6	8,9	-1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	4,9	5,8	5,6	5,4	4,2	4,2	4,2

Tafla sýnir forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki er spáð fyrir launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki nota Félagsbústaðir vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í fjölbýli. Hún hefur hækkað um 3,2% frá áramótum en gert er ráð fyrir að hún hækki um 2% á ári út spátímabilið.

Próun eignasafns	Vísit.	Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Nýjar eignir		Íbúðir	119	144	125	139	75	75	75
Sala eigna		Íbúðir	-2	-2	0	0	0	0	0
Kaup eigna		Mkr	3.619	1.123	1.059	401	1.094	1.094	1.094
Nýframkvæmdir FB		Mkr	136	721	700	640	0	0	0
Kaup í nýframkvæmdum /Bjarg		Mkr	48	828	1.001	1.001	500	500	500
Kaupréttur nýframkvæmd		Mkr	60	1.901	1.466	2.086	1.095	1.095	1.095
Eignfærðar viðhaldsframkvæmdir		Mkr	90	200	200	200	200	200	200
Annar eignfærður kostnaður - fast verðlag		Mkr	55	55	55	55	55	55	55
Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald		-	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmda		-	0,62	0,66	0,66	0,66	0,66	0,66	0,66
Lánshlutfall sala		-	0,49	0,51	0,53	0,55	0,56	0,57	0,57
Stærð eignasafns		Íbúðir	2.697	2.839	2.964	3.103	3.178	3.253	3.328
Mitt ár - Magnbreyting eignasafn		-	1,040	1,049	1,048	1,045	1,035	1,024	1,023
Lok árs - Upps - Magnbreyting eignasafn		-	1,106	1,164	1,216	1,273	1,304	1,334	1,365
Meðal stofnverð í lok árs	L-VÍ	Mkr/Íbúð	33	34	35	35	36	37	37,6
Kaup á markaði	M-ÍV	Mkr	1.295	1.185	1.140	440	1.225	1.249	1.274
Kaup nýframkvæmd	M-VBK	Mkr	2.318	887	1.104	1.138	585	603	621
Kaupréttur nýframkvæmd	M-VBK	Mkr	0	2.036	1.618	2.371	1.282	1.320	1.360
Nýframkvæmdir	M-VBK	Mkr	200	772	772	727	0	0	0
Seldar eignir	L-VÍ	Mkr	-45	-68	0	0	0	0	0
Eignfærðar framkvæmdir	M-VBK	Mkr	238	214	221	227	234	241	248
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK	Mkr	24	59	61	62	64	66	68,1
niðurfærsla v bundinna leigusamninga	L-ÍV	Mkr	0	457	397	397	397	397	397,3
Magnbreyting fjárfestinga	M-ÍV	Mkr	4.030	4.356	4.237	4.278	2.695	2.775	2.857,8
Verðmæti fjárfestinga í lok árs	L-ÍV	Mkr	92.127	98.601	104.810	111.185	116.103	121.200	126.482
Áætlað fasteignamat næsta árs	VÍ	Mkr	90.087	96.747	103.092	109.362	114.199	119.213	124.408
Brunabótamat	M-VBK	Mkr	60.148	65.308	70.512	75.931	80.968	85.388	90.001

Skýring á skammstöfunum vísitalna:

M-VNV Mitt ár – Vísitala neysluverðs
M-LV Mitt ár – Launavísitala
L-VNV Lok árs – Vísitala neysluverðs
L-VÍ Lok árs – Vísitala íbúðaverðs

M-VBK Mitt ár – Vísitala byggingakostnaðar
M-VÍ Mitt ár – Vísitala íbúðaverðs

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021-2025

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2020	Áætlun 2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	4.500.376	4.731.684	5.093.809	5.573.289	5.914.122	6.206.744	6.510.301
Tekjur samtals	4.500.376	4.731.684	5.093.809	5.573.289	5.914.122	6.206.744	6.510.301
Laun og launatengd gjöld	295.941	330.627	354.629	386.334	416.360	443.781	472.752
Annar kostnaður	2.112.125	2.210.377	2.468.897	2.684.136	2.843.039	2.882.319	3.020.621
Afskriftir	5.944	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000
Gjöld samtals	2.414.010	2.547.004	2.829.525	3.076.471	3.265.398	3.332.100	3.499.373
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2.086.366	2.184.680	2.264.283	2.496.819	2.648.723	2.874.644	3.010.928
Fjármagnstekjur- og gjöld	-1.291.890	-1.140.062	-1.147.141	-1.202.364	-1.243.483	-1.282.489	-1.320.244
Verðbætur	-1.088.037	-1.006.847	-1.376.502	-1.460.358	-1.534.861	-1.625.825	-1.719.173
Rekstrarniðurstaða f. skatta og matsbr.	-293.561	37.771	-259.360	-165.903	-129.621	-33.670	-28.489
Matsbreytingar fjárfestingareigna	4.790.373	1.253.539	1.129.922	1.216.717	1.315.502	1.384.016	1.454.925
Rekstrarniðurstaða	4.496.812	1.291.310	870.563	1.050.814	1.185.881	1.350.346	1.426.435

STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	24	28	31
Fjöldi stöðugilda	23	27	30
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Eigna- og viðhaldssvið	9	9	10
Fjármálasvið	7	9	9
Framkvæmdastjóri og starfsmenn	4	3	3
Þjónustu- og upplýsingasvið	4	6	8

MEGINSKÝRINGAR OG FORSENDUR

- Allar fjárhæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs.
- Áætlun fyrir rekstur í lok árs 2020 hefur verið uppfærð með hliðsjón af 6 mánaða uppgjöri félagsins og þróun umhverfis síðan þá.
- Gert er ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði stækkun eignasafns fjármögnuð að 66% hluta með lánum, 12% hluta með stofnframlögum frá Reykjavíkurborg og 18% frá ríki auk 4% viðbótarframlags frá ríki eða Reykjavíkurborg.
- Áætlunin gerir ráð fyrir að sjóðstreymi (breyting á handbæru fé) verði jákvætt sem nemur 168 milljónir árið 2020 en á tímabilinu 2021—2025 er sjóðstreymi jákvætt sem nemur 675 milljónum kr.
- Sjóðstreymi á fyrri hluta áætlunartímabilsins er 12, 96 og 119 milljónir árin 2021-2023 en lítið má bregða út af til þess að sjóðstreymi verði neikvætt.

REKSTUR

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að leigutekjur þróist í samræmi við vísitölu neysluverðs og fjölgun eigna. Áætlað er að í lok árs 2020 hafi eignum fjölgað um 144 á árinu. Stærstu liðir rekstrarkostnaðar eru vegna viðhalds og framkvæmda en áætlað er að verja 23% í þann lið fyrri hluta tímabils. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hagstæðri þróun vaxtagjalda. Áætlað er að laun- og launatengd gjöld þróist í takti við stærð og vöxt eignasafns og launavísitölu.

Tekjur	Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Leigutekjur	M-ÍV Mkr	4.158	4.377	4.712	5.155	5.471	5.741	6.022
Aðrar tekjur	M-ÍV Mkr	342	355	382	418	444	466	488
Tekjur Alls	M-ÍV Mkr	4.500	4.732	5.094	5.573	5.914	6.207	6.510

Kostnaður								
Rekstur fasteigna	M-VNV Mkr	-450	-507	-550	-602	-639	-670	-703
Viðhald og framkvæmdir	M-VNV Mkr	-1.041	-993	-1.145	-1.253	-1.330	-1.303	-1.367
Fasteignagjöld	Mkr	-268	-269	-304	-323	-340	-351	-366
Vatns- og fráveitugjöld	Mkr	-146	-194	-223	-237	-249	-257	-268
Tryggingar	M-VBK Mkr	-60	-64	-70	-75	-80	-84	-89
Laun og launatengd gjöld	M-LV Mkr	-296	-331	-355	-386	-416	-444	-473
Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður	M-VNV Mkr	-110	-154	-132	-145	-154	-161	-169
Framlag til afskrifta viðskiptakrafna	M-VNV Mkr	-43	-35	-51	-56	-59	-62	-65
Vaxtagjöld, nettó	M-VNV Mkr	-1.292	-1.140	-1.147	-1.202	-1.243	-1.282	-1.320
Alls	Mkr	-3.706	-3.687	-3.978	-4.280	-4.510	-4.616	-4.821

Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu	Mkr	794	1.045	1.116	1.293	1.404	1.591	1.690
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	Mkr	2.086	2.185	2.263	2.496	2.648	2.874	3.010
Hagnaður f. fjármagnsliði/Tekjur EBIT	-	46,4%	46,2%	44,4%	44,8%	44,8%	46,3%	46,2%

Skýringar

- Í líkaninu er gert ráð fyrir að leigutekjur þróist í samræmi við vísitölu neysluverðs og magnbreytingu eignasafns.
- Leiguverð Félagsbústaða er að jafnaði um 40-50% lægra en á almennum markaði í borginni.
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds.
- Stöðugildum fjölgaði um 3 á árinu 2020 og eru áætluð 27 í árslok en gert er ráð fyrir að þau verði 30 í árslok 2021, m.a. vegna aukinnar þjónustu í fjölbýlishúsum.
- Gert er ráð fyrir að fasteigna-, vatns-, fráveitu- og brunabótaíðgjöld þróist í samræmi við verðskrár.
- Önnur gjöld, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður og rekstur fasteigna, eru áætluð sem hlutfall af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald árin 2021-2023 verði herra en verið hefur eða 23% af tekjum hvers árs en 21% árin 2024-25. Að auki er gert ráð fyrir að eignfært viðhald verði að jafnaði 200 milljónir kr. á ári á verðlagi ársins 2020 og verði fjármagnað að fullu með lántöku.
- Í áætlun er búið er að taka tillit til virðisaukaskatts sem félagið getur fengið endurgreiddan.
- Gert er ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum eigna.
- Samhliða fjárhagsáætlun er gerð samantekt með meginmarkmiðum og helstu verkefnum tímabilsins.

MATSBREYTING OG EFNAHAGUR

Matsbreyting		Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils	L-ÍV	Mkr	83.203	92.127	98.601	104.810	111.185	116.103	121.200
Breyting á eignasafni á tímabilinu	L-ÍV	Mkr	4.030	4.356	4.237	4.278	2.695	2.775	2.858
Verðmæti fyrir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	87.233	96.482	102.838	109.088	113.879	118.878	124.058
Verðmæti eftir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	92.127	98.601	104.810	111.185	116.103	121.200	126.482
Breyting á verðmæti eignasafns	L-ÍV	Mkr	8.924	6.474	6.209	6.375	4.918	5.097	5.282
Keyptar eignir		Mkr	-3.613	-4.108	-3.862	-3.948	-3.092	-3.172	-3.255
Nýframkvæmdir	L-ÍV	Mkr	-200	-772	-772	-727	0	0	0
Seldar eignir	L-ÍV	Mkr	45	68	0	0	0	0	0
Eignfært viðhald	LV	Mkr	-238	-214	-221	-227	-234	-241	-248
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK	Mkr	-24	-59	-61	-62	-64	-66	-68
Matsbreyting fjárfestingaegna		Mkr	4.894	1.389	1.294	1.409	1.528	1.617	1.710
Matsbr. Skuldbind. v 30% stofnframl.	L-ÍV	Mkr	-103	-135	-164	-193	-213	-233	-255
Matsbreyting fjárfestingaegna skv. rekstrarreikningi		Mkr	4.791	1.254	1.130	1.217	1.316	1.384	1.455

Efnahagur í lok tímabils			2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Eigið fé		Mkr	47.230	48.521	49.391	50.442	51.628	52.979	54.405
Skuldir	L-VNV	Mkr	46.504	51.856	57.205	62.625	66.476	70.443	74.527
Eignir alls	L-ÍV	Mkr	93.734	100.377	106.597	113.067	118.104	123.422	128.932

Eiginfjárlutfall	-	50,4%	48,3%	46,3%	44,6%	43,7%	42,9%	42,2%
-------------------------	---	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------

Skýringar

- Skuldir og efnahagur í lok árs 2020 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6 mánaða uppgjöri og útkomuspá ársins.
- Stofnframlög eru í áætlun færð sem vaxtalausar skuldbindingar sem er í samræmi við IFRS staðla. Nýjar eignir eru því að fullu færðar sem skuldir í efnahag. Þetta hefur áhrif á eiginfjárstöðu félagsins þegar líður á áætlunartímann, þar sem öll stækkun eignasafns er fjármögnuð með stofnframlögum og lánum. Þannig lækkar eiginfjárlutfall frá ári til árs á áætlunartímabilinu.
- Skuldir vaxa með stækkun eignasafns, eignfærðu viðhaldi og hækkun verðlags, en minnka með afborgunum lána.
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggt jafngreiðslulán í skráðum skuldabréfaflokki FB 100366 SB.
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánum eru framreiknuð í lánakerfi.
- Hækkun á verðlagi fasteigna, matsbreyting, hefur jákvæð áhrif á eiginfjárlutfall félagsins. Hækkun matsbreytingar hefur ekki áhrif á sjóðsstreymi nema til komi sala á lítið skuldsettum íbúðum en ekki gert ráð fyrir því í áætluninni.

SJÓÐSTREYMI

Sjóðstreymi	Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBITDA)	Mkr	2.092	2.185	2.264	2.497	2.649	2.875	3.011
Breyting á skammtímaskuldum/kröfum		113	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	Mkr	-1.275	-1.140	-1.147	-1.202	-1.243	-1.282	-1.320
Handbært fé frá rekstri	Mkr	930	1.045	1.117	1.295	1.405	1.592	1.691
Kaup eigna	Mkr	-3.774	-4.108	-3.862	-3.948	-3.092	-3.172	-3.255
Sala eigna	Mkr	45	68,1	0	0	0	0	0
Nýframkvæmdir	Mkr	-200	-772	-772	-727	0	0	0
Eignfært viðhald	Mkr	-238	-214	-221	-227	-234	-241	-248
Annar eignfærður kostnaður	Mkr	-24	-59	-61	-62	-64	-66	-68
Aðrir liðir	Mkr	258	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar	Mkr	-3.932	-5.085	-4.915	-4.965	-3.390	-3.480	-3.572
Hlutfé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg	Mkr	283	593	563	569	379	389	399
Stofnframlag frá Ríki	Mkr	287	1.087	1.033	1.042	694	712	731
Afborganir lána	Mkr	-825	-911	-1.106	-1.199	-1.287	-1.372	-1.462
Ný lán (Kaup, framkvæmd og eignf. viðhald)	Mkr	9.400	3.474	3.319	3.354	2.317	2.379	2.442
Breyting skammtímalána	Mkr	-884						
Uppgreidd lán (íbúðasala)	Mkr	-4.216	-34	0	0	0	0	0
Fjármögnunargreyfingar	Mkr	4.046	4.209	3.810	3.766	2.104	2.108	2.110
Breyting á handbæru fé	Mkr	1.044	168	12	96	119	221	229
Áætlað handbært fé í lok tímabils	Mkr	1.059	1.227	1.238	1.334	1.453	1.673	1.902

Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlög og eða stofnframlög vegna stækkunar eignasafnsins komi frá Reykjavíkurborg og ríkissjóði.
- Gert er ráð fyrir að greidd stofnframlög frá eiganda verði tæplega 2,9 milljarðar og 5,3 milljarðar frá ríki á tímabilinu 2020-2025.
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum og skammtímaeignum á tímabilinu.
- Unnið hefur verið að endurfjármögnun á óhagstæðum lánum sem lækkar greiðslubyrði lána og stuðlar að betra jafnvægi í sjóðstreymi. Vextir á nýjum lánum hafa lækkað umtalsvert og gert er ráð fyrir að vextir verði áfram hagstæðir.
- Sjóðstreymi félagsins er næmt fyrir breytingum á leiguverði, rekstrarkostnaði, stækkun eignasafns og lánskjörum.
 - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða.
 - Aukning á gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur bein áhrif á handbært fé.
 - Aukning á eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapar litlar nýjar tekjur en aukinn fjármagnskostnað.
 - Breyting á vaxtakjörum og lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé og hefur lækkun vaxta á nýjum lánum haft jákvæð áhrif á reksturinn.

FJÁRFESTINGAR OG FJÖLGUN ÍBÚÐA

Fjárfestingaráætlun er gerð með hliðsjón af áherslum borgaryfirvalda um aukningu framboðs af félagslegu leiguhúsnæði fyrir tímabilið 2018-2022 og tillögum velferðarsviðs til Félagsbústaða um fjölgun og stærð íbúða. Ekki liggja fyrir áherslur um fjölgun félagslegs leiguhúsnæðis eftir þann tíma en í áætluninni er gert ráð fyrir því að íbúðum fjölgi um 75 á ári árin 2023-2025.

Alls er gert ráð fyrir að eignum fjölgi á tímabilinu 2020-2025 um 633 leigueiningar, þar af 72 íbúðir fyrir fatlaða í sértækum búsetuúrræðum. Talning aukningar tekur mið af árinu sem áætlað er að samningar um kaupin fari fram.

Fjöldi íbúða	Ár						
Teg. Úthlutunar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
Almennar	113	96	127	75	75	75	561
Sértæk húsnæði	31	27	14				72
Samtals	144	123	141	75	75	75	633

FJÁRHAGSLEG STAÐA OG FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Heildarfjármögnunarpörf er byggð á fyrirbyggjandi gögnum vegna ofangreindra verkefna. Fjárpörfin er áætluð eins og fram kemur á töflunni hér að neðan.


Fjárpörf alls	Ár						
Fjárfestingar (í m.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Samtals
Eignfært viðhald	200	200	200	200	200	200	1.200
Kaup á markaði	1.569	1.313	693	1.094	1.094	1.094	6.858
Kaupréttur nýframkvæmd	2.712	2.465	3.627	1.595	1.595	1.595	13.589
Nýframkvæmdir FB	712	454	566				1.741
Samtals	5.201	4.433	5.086	2.889	2.889	2.889	23.388

Heildarfjármögnunarpörf er áætluð tæplega 18,2 milljarðar á árunum 2021-2025. Þar af eru áætluð stofnframlög frá Reykjavíkurborg (12%) 2,1 milljarðar og ríki (18%) 3,1 milljarðar auk 4% framlags frá ríki eða Reykjavíkurborg 0,7 milljarðar. Lánsfjárpörf vegna fjárfestinga nemur því um ríflega 12,3 milljörðum á tímabilinu 2021-2025.

ÞRÓUN EIGNASAFNS

Gert er ráð fyrir því að íbúðir Félagsbústaða verði ríflega 3.400 árið 2025. Mesta fjölgunin kemur í gegnum kaupréttarsamninga, en eins og gefur að skilja eykst óvissa um hvenær þeir koma til framkvæmda eftir því sem líður á spátímabilið. Ein meginforsenda áætlunarinnar er sú að áframhald verði á veitingu stofnframlaga svo að hagstæð lánsfjármögnun standi til boða. Í samræmi við þarfagreiningar er áætlað að stærstur hluti íbúða sem keyptar verða séu 2ja til 3ja herbergja íbúðir.

Fjöldi leigugeininga í eigu Félagsbústaða



Staða í lok tímabils	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Almennar félagslegar íbúðir	2.165	2.259	2.386	2.461	2.536	2.611
Þjónustuíbúðir aldraðra	364	364	364	364	364	364
Leigugeiningar fyrir fólk með fötlun	367	394	408	408	408	408
Önnur rými VEL	27	29	29	29	29	29
Íbúðir samtals	2.923	3.046	3.187	3.262	3.337	3.412

<i>Mannfjöldi í Reykjavík, þúsundir</i>	130,6	132,8	135,3	137,7	137,5	137
Alm. félagslegar íbúðir á 1000 íbúa	16,6	17	17,6	17,9	18,4	19,1
Heildarfjöldi íbúða á 1000 íbúa	22,4	22,9	23,6	23,7	24,3	24,9


Breyting frá fyrra tímabili						
Almennar félagslegar íbúðir	112	94	127	75	75	75
Þjónustuíbúðir aldraðra	0	0	0	0	0	0
Íbúðir fyrir fólk með fötlun	31	27	14	0	0	0
Önnur rými VEL	1	2	0	0	0	0
Alls	144	123	141	75	75	75

LYKILTÖLUR OG MÆLIKVARÐAR ÚR REKSTRI

Hér að neðan má sjá lykiltölur og helstu mælikvarða. Eins og sjá má gerir áætlunin ráð fyrir að vaxtaþekja, skuldaþekja og sjálfbærni sé innan viðmiðunarmarka.


Mælikvarðar, kennitölur	Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Afborganir og vextir	Mkr	-2.100	-2.051	-2.253	-2.401	-2.530	-2.654	-2.782
Vaxtaþekja	-	1,61	1,92	1,97	2,08	2,13	2,24	2,28
Skuldaþekja	-	0,99	1,07	1,01	1,04	1,05	1,08	1,08
Eigin fjárhlutfall	-	50,4%	48,3%	46,3%	44,6%	43,7%	42,9%	42,2%

Hagnaður f. fjármagnsliði/Tekjur EBIT		46,4%	46,2%	44,5%	44,8%	44,8%	46,3%	46,2%
EBIT án gjaldfærðs viðhalds	Mkr	3.128	3.178	3.409	3.750	3.979	4.178	4.378
Vaxtagjöld	Mkr	1.292	1.140	1.147	1.202	1.243	1.282	1.320
Áætlað viðhald	Mkr	1.292	1.440	1.589	1.740	1.847	1.957	2.070
Sjálfbærni	-	1,21	1,23	1,25	1,27	1,29	1,29	1,29
Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum	-	46,7%	43,3%	44,2%	43,1%	42,8%	42,8%	42,7%
Gjaldfært viðhald	Mkr	1.041	993	1.145	1.253	1.330	1.303	1.367
Eignfært viðhald	Mkr	238	214	221	227	234	241	248
Viðhald alls	Mkr	1.279	1.207	1.366	1.480	1.564	1.544	1.615




Vaxtaþekja (EBIT/vaxtagreiðslur) og skuldaþekja

(EBIT/(gr.afborganir + nettó vextir)) eru ofan viðmiðunarmarka sem eru **1,4; 0,9** á áætlunartímanum.



Sjálfbærnistuðull er yfir viðmiðunargildið 1,1 á tímabilinu.

$$\text{Sjálfbærni} = (\text{EBIT} - \text{gjaldfært viðhald}) / ((\text{skuldir} / (40 \cdot 0,9)) + \text{vaxtagjöld}).$$






Yfirlitsmynd af Sævarhöfða, tekin í september 2020.

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 voru sameinuð tvö borgarfyrtækí; Malbikunarstöð og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag.

SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist í 4 deildir en árið 2019 voru hráefna- og framleiðsludeildir sameinaðar í eina rekstrareiningu. Nýr framkvæmdastjóri Ásberg K. Ingólfsson tók við af Halldóri Torfasyni þann 1. apríl 2020.



HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við ÍST EN staðla. Til þess að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði. Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun

Árið 2020 fékk Malbikunarstöðin Höfði vottun fyrir jafnlaunakerfi sitt samkvæmt kröfum ÍST 85:2012.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021-2025


Rekstrarreikningur Malbikunarstöðvarinnar Höfða er ekki birtur af samkeppnisástæðum.

STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	39	42	40
Fjöldi stöðugilda	39	42	40
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Hráefnadeild	5	4	4
Framleiðsludeild	6	7	6
Framkvæmdadeild	20	23	22
Rannsóknir	2	2	2
Skrifstofa	6	6	6

SKIPTING REKSTRAR 2021

Hér má sjá hvernig tekjur fyrirtækisins skiptast eftir deildum en hlutfallstölur innihalda einnig tekjur vegna sölu milli deilda.



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að vinna að undirbúningi og uppbyggingu fyrirtækisins á nýjum stað. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri en um leið að verja störf eins og nokkur kostur er. Brýnt er að ganga frá málum er snúa að nýrri staðsetningu fyrir starfssemi fyrirtækisins.

Árið 2020 er fyrsta árið sem Höfði þarf að sækja asphalt í birgðageymslur við Hafnarfjarðarhöfn en vegna lokunar á Ártúnshöfðahöfn var ekki hægt að taka á móti asfalti og setja beint á birgðatanka fyrirtækisins við Sævarhöfða. Fyrirkomulagið á geymslu og afhendingu asfalts er því með öðru sniði en verið hefur og það hefur haft í för með sér töluverðan kostnaðarauka fyrir Höfða. Þetta hefur einnig gert það að verkum að sölu á asfalti til verktaka og Vegagerðarinnar hefur verið hætt.

Malbikunarstöðin Höfði hf. mun víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingar nýrrar íbúðabygðar. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum skoðað heppilegar lóðir fyrir sína starfssemi á höfuðborgarsvæðinu og leitað eftir samningum um lóðir á nokkrum stöðum. Í upphafi árs 2019 voru einungis tvö iðnaðarsvæði á höfuðborgarsvæðinu sem koma til greina fyrir nýja lóð til handa félaginu. Nú liggur fyrir samþykkt hjá Reykjavíkurborg um úthlutun á 5 hektara lóð fyrir félagið á iðnaðarsvæðinu við Esjumela. Undirbúningur fyrir flutninga er hafinn en ljóst er að um flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni er að ræða. Núgildandi starfsleyfi félagsins rennur út 31. desember 2022. Ljóst er að hefja þarf starfssemi á nýrri lóð fyrir þann tíma og er miðað við að framkvæmdir gætu hafist á nýrri lóð haustið 2021. Miðað er við að halda að mestu óbreyttari starfssemi við Sævarhöfðann á meðan uppbygging fer fram á nýrri lóð en þó er mögulegt að reka malbikunarstöðvar á tveimur stöðum tímabundið á árinu 2022. Kostnaðargreiningar hafa verið unnar og ýmsar sviðsmyndir skoðaðar og greindar á undanförunum misserum, bæði af starfsmönnum fyrirtækisins og hjá verkfræðiráðgjöfum.

Við gerð fjárhagsáætlunar er miðað við að veturinn 2021-2022 verði önnur malbikunarstöðin (Benninghoven) flutt á Esjumela og verður því malbiksframleiðsla á tveimur stöðum sumarið 2022. Haustið 2022 er svo stefnt að því að taka niður hina malbikunarstöðina (ViaNova). Hægt verður að nýta einhvern hluta búnaðar úr stöðinni, en annars verður reynt að selja það sem mögulegt er eða farga því sem til fellur í brotajárn. Grjótmulningsstöðina verður ekki hægt að flytja í þeirri mynd sem hún er í dag og því er gert ráð fyrir að hráefnadeildin verði lögð niður í árslok 2022. Miðað er við að fyrirtækið muni kaupa allt hráefni fullunnið sem nota á í malbiksframleiðslu. Gert er ráð fyrir að lóðarframkvæmdir á Esjumelum geti hafist árið 2021 en unnið verður við viðamestu verkþættina á árunum 2021-2023.

Í uppsagnarbréfi lóðarleigu- og afnotasamnings fyrir Sævarhöfða 6-10 sem barst frá Reykjavíkurborg í júní 2019 kemur fram að fyrirtækinu sé skylt að fjarlægja alla starfssemi og mannvirki af lóðinni við Sævarhöfða, og að fyrirtækið beri allan kostnaðinn í tengslum við þær aðgerðir. Áætlað er að þessar framkvæmdir dreifist á árin 2021-2023.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2020 stefnir í að verða mun minni en gert var ráð fyrir í upphafi árs, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi náð nokkrum stórum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu. Opinberir verkkaupar hafa dregið saman útgjöld til viðhalds gatna og vega þegar borið er saman við árin 2018-2019. Nýtt fyrirtæki hefur reist malbikunarstöð sem staðsett er á Esjumelum en tilkoma þess mun auka samkeppni á þeim markaði á næstu árum. Í áætlunum Höfða er gert ráð fyrir að malbiksframleiðsla aukist aftur árið 2021 og einnig að aukning verði í malbiksútlögnum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Hráefnadeild heldur úti grjótmulningsstöð sem mylur innlent steinefni fyrir malbiksframleiðslu. Deildin hefur spilað lykilhlutverk í rekstri fyrirtækisins með vinnslu steinefnis úr Lambafellsnámum. Mikil

sérþekking er innan fyrirtækisins á framleiðsluferli steinefna með kjálkabrátt, keilubrátt og kastbrátt. Grjótmulningsstöðin er komin til ára sinna, henni fylgir hár viðhaldskostnaður og reiknað er með að hún verði ekki flutt í þeirri mynd sem hún er í dag. Það er gert ráð fyrir að deildin verði lögð niður í árslok 2022 og því þarf fyrirtækið að leita annarra leiða til að tryggja framleiðsludeildinni tilbúið steinefni í malbiksframleiðslu á hagstæðu verði.

Framleiðsludeild framleiðir malbik með tveimur malbikunarstöðvum, ViaNova sem var reist 1972 og Benninghoven sem var reist 2006. Deildin rak einnig asfaltbirgðatanka við Sævarhöfða, en eftir að höfninni var lokað hefur allt asfalt verið geymt í bikbirgðatönkum í Hafnarfjarðarhöfn. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. endurunnið malbik, steinríkt malbik og malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að flytja Benninghoven stöðina á nýja lóð í stað þess að kaupa nýja stöð. Það er talið hagstæðara þó það kalli á endurnýjun á hluta þess búnaðar sem tilheyrir stöðinni. Sumarið 2022 verður gert ráð fyrir framleiðslu malbiks á tveim stöðum, með Benninghoven stöðinni á Esjumelum og ViaNova stöðinni á Sævarhöfða. Haustið 2022 verður ViaNova stöðin tekin niður.

Framkvæmdadeild sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Deildinni tilheyrir vélur og tæki til malbiksútlagningar ásamt vörubílfreiðum sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin og hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Rannsókn- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsóknunum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Skrifstofa samanstendur af afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórn fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum sem tengjast annars vegar daglegum rekstri og hins vegar fjárfestinga vegna fyrirhugaðs flutnings fyrirtækisins.

Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárfestingar varðandi flutning fyrirtækisins skiptist í hönnun, byggingarstjórn, eftirlit, aðstöðusköpun, frágang á nýrri lóð, athafnasvæði, flutning á malbikunarstöð, flutning búnaðar og efnishauga, frágang núverandi lóðar, lóðarverð, leyfismál og annar kostnaður. Kostnaðarmatið var unnið af verkfræðistofunni Mannviti vorið 2020 ásamt starfsmönnum Höfða. Stærsti hluti kostnaðar fellur til á árunum 2021-2023.

Frágangur á lóðar við Sævarhöfða 6-10 er metinn á 200 m.kr., sem skiptist í 70 m.kr. árið 2021, 50 m.kr. árið 2022 og 80 m.kr. árið 2023. Þessi kostnaður fellur undir annan framleiðslukostnað þessi ár í fjárhagsáætlun.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Eiginfjárhlutfall	83%	87%	88%	84%	55%
Arðsemi eigin fjár	21%	7%	8%	-9%	1%
Veltufjárhlutfall	4,22	6,05	6,14	4,55	4,1
Skuldahlutfall	17%	13%	12%	13%	45%

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi lántöku til að fjármagna flutninga:

- Lán tekið 1.7.2021 að upphæð 900 m.kr., fastar afborganir til 15 ára, 4 greiðslur á ári, 5,5% fastir vextir
- Lán tekið 1.1.2022 að upphæð 800 m.kr., fastar afborganir til 15 ára, 4 greiðslur á ári, 6,5% fastir vextir



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

HLUTVERK OG SKIPULAG

Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru: Framsýni, Hagsýni og Heiðarleiki.

Skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi. Dótturfélögin eru; Veitur, sem sér um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi, Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver og selur rafmagn á samkeppnismarkaði, Ljósleiðarinn, en undir merkjum hans byggir Gagnaveita Reykjavíkur upp fjarskiptakerfi á samkeppnismarkaði, og Carbfix, sprotafyrirtæki til útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar.

OR SAMSTÆÐAN

Móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru fjögur svið sem þjóna allri samstæðunni; Mannauður og menning sem heldur utan um mannauðsmál, símenntun og aðbúnað, Rannsóknir og nýsköpun sem er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, Fjármál sem hefur meðal annars umsjón með fjármögnun, reikningshaldi, upplýsingatækni, innkaupum, áhættustýringu og þjónusta sem hefur meðal annars umsjón með þjónustuveri og reikningagerð. Undir forstjóra heyra Stjórnhættir og stefna þar sem starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

EIGENDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR



Reykjavíkurborg
93,54%



Akraneskaupstaður
5,53%




Borgarbyggð
0,93%

Fyrstu arðgreiðslur til eigenda eftir hrun voru árið 2017.

Arðgreiðslur taka ávallt mið af:

- arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015,
- markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans,
- kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta.

SKIPURIT SAMSTÆÐU OR



STEFNA OR

OR nýtir náttúruna á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. OR kappkostar að mæta þörfum viðskiptavina með góðri þjónustu á sanngjörnu verði, traustum rekstri og hlýju viðmóti. Framtíðarsýn samstæðunnar hvílir á nokkrum grunnstoðum og hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Grunnstoðirnar eru lykiláherslur í starfseminni:

- Nýta náttúrugæði á sjálfbæran og ábyrgan hátt
- Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum
- Bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu
- Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggir þjónustu í takti við þarfir samfélagsins
- Vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman

Heildarstefna OR er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög í samstæðu OR hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu varðandi það hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar þannig að þau geti sameiginlega náð árangri.


INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2021 og langtímaspá fyrir árin 2022-2026 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Carbfix. Fjárhagsspá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuspá var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna, sem á sér grunn í eigendastefnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af stefnunni leiða.

Meginmarkmið samstæðu OR er að gegna þeim grunnhlutverkum sem lýst er í eigendastefnu OR af samfélagslegri ábyrgð. Fyrirtækið hefur komið sér upp margvíslegum mælikvörðum í þessu skyni og er staða þeirra birt árlega í Ársskýrslu OR. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru einnig sett fram með myndrænum hætti í þessari spá.

ÞJÓNUSTUÖRYGGI VEITNANNA 2019



Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hversrar veitu. Hlutfallið segir svo til um hversu stóran hluta ársins að jafnaði hver viðskiptavinur naut þjónustu.

Helstu fjárfestingar sem ráðist er í á spátímabilinu til að efla þjónustuna og treysta sjálfbærni starfseminnar eru;

- Allsherjaruppfærsla á orkumælum hjá viðskiptavinum. Nýir snjallmælar skapa tækifæri til fjölbreyttari og betri þjónustu við viðskiptavini.
- Ný aðveitustöð rafmagns við Sundahöfn í Reykjavík. Hún eflir afhendingaröryggi rafmagns og gefur kost á landtengingu stórra skipa sem brenna þá síður jarðefnaeldsneyti.
- Dælustöð fráveitu við Elliðavog. Hún er af nýrri kynslóð þar sem ekki þarf að losa skólp í sjó þó unnið sé að viðhaldi.
- Viðhaldsboranir og tvöföldun Hverahlíðarlagnar til gufuöflunar fyrir virkjanirnar á Hengilssvæðinu.
- Uppfærsla stjórnbúnaðar Nesjavallavirkjunar.
- Áframhaldandi uppbygging Jarðhitagarðs ON við Hellsheiðarvirkjun til að stuðla að frekari fjölnýtingu jarðhitans.
- Lagning ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Árborgar og Voga á Vatnsleysuströnd.
- Önnur uppbygging og styrking gagnaflutningskerfisins sem arðsöm telst, meðal annars m.t.t. uppbyggingar 5G farsímakerfis.
- Enduruppbygging þess hluta skrifstofuhúsnaðis OR við Bæjarháls sem er alvarlega skemmdur af raka.

Markmið um aukin lífsgæði

Orkuveita Reykjavíkur vinnur jafnframt að fimm skilgreindum markmiðum til ársins 2023 með aukin lífsgæði að leiðarljósi.

				
FJÖLGUN RAFBÍLA	LÉTTARA KOLEFNIS- SPOR	HEIL HEIM	ÁNÆGT STARFS- FÓLK	GÓÐUR SAMFÉLAGS- ÞEGN
Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla	Stærð kolefnisspors miðað við árið 2015	Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa	Starfsánægja samkvæmt greiningu	Afstaða almennings til vörumerkja OR
Markmið: 40.000	Viðmið: -30%	Markmið: 3,6%	Viðmið: 4,2	Viðmið: 5,7
Staða: 15.000	Markmið: -40%	Staða: 3,1%	Markmið: 4,5	Markmið: 6,1
	Staða: -16%		Staða: 4,3	Staða: 5,9

Viðmið í loftslagsmálum er sótt í Parísarsáttmálann, um starfsánægju í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og í vörumerkjameiningum meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Global Compact og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á fimm þeirra.

				
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABSTADA	7 SJÁLFBÆR ORKA	12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA	13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað	Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2021 og fimm ára spá 2022–2026 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

ÁHERSLUR 2021-2026

Veitur

Hlutverk: Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða.

Megináherslur 2021-2026: Samkvæmt stefnu og framtíðarsýn Veitna, sem var samþykkt vorið 2018, er starfsfólk félagsins á þeirri vegferð að breyta fyrirtækinu úr hefðbundnu veitufyrirtæki í framsækið þjónustu- og þekkingar-fyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum og virkni samfélagsins.

Helstu fjárfestingar: Á árinu var samþykkt af stjórn félagsins að auka umfang fjárfestinga fyrir árin 2020 og 2021 til að taka þátt í samfélagslegri viðspyrnu við áhrifum Covid-19 faraldursins. Um er að ræða fjárfestingar sem bæði munu hafa jákvæð mótvægisáhrif gagnvart efnahagslegum áhrifum faraldursins og styrkja Veitur í sinni vegferð í átt að framtíðarsýn félagsins.

Stærstu einstöku fjárfestinga-verkefni á tímabilinu eru m.a. endurnýjun á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarness, innleiðing stafrænna mæla, endurnýjun stofnlagna vatnsveitu, bygging skólþællustöðvar í Naustavogi og bygging nýrrar aðveitustöðvar fyrir rafveitu.

Orka náttúrunnar

Hlutverk: Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki og heimili um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna. Tilgangur starfsemi Orku náttúrunnar er að auka lífsgæði og skapa verðmæti á sjálfbæran hátt sem og að vera leiðandi afl í nýsköpun og þróun endurnýjanlegrar orku.

Megináherslur 2021-2026: Leiðarljós við gerð þessarar fjárhagsspár er ábyrg nýting auðlinda; öruggur og hagkvæmur virkjanarekstur; þróun jarðhitagarðs, áframhaldandi uppbygging hlaða fyrir rafbíla sem og markviss skref í átt að sporléttri vinnslu.

Helstu fjárfestingar: Fjárfestingar ON miða að því að tryggja áframhaldandi góða nýtingu virkjana og að uppfylla opinberar kröfur og metnað ON í umhverfismálum. Fjárfest verður í nauðsynlegri uppfærslu á stjórnbúnaði Nesjavallavirkjunar og frekari stækkun varmastöðvar á Hellisheiði.

Ljósleiðarinn

Hlutverk: Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem starfar undir merki Ljósleiðarans, er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

Megináherslur 2021-2026: Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu er stefnt að því að ljúka lagningu ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Selfoss og Voga á Vatnsleysuströnd. Ásamt því að tengja nýbyggingar á ofangreindum svæðum og að opna net Ljósleiðarans verði í boði til sem flestra heimila og fyrirtækja á landinu enda séu verkefni arðbær.

Carbfix

Hlutverk: Carbfix stuðlar að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum.

Megináherslur 2021-2026: Fjárhagsspá endurspeglar stefnuáherslur um að Carbfix sé í fararbroddi í umhverfisvænni og hagkvæmri kolefnisförgun, vinni að frekari þekkingarsköpun og byggji upp skilvirkan og hagkvæman rekstur.

Helstu fjárfestingar: Uppbygging á frekari kolefnishreinsun og -förgun við Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun. Fýsileikakönnun á förgun CO₂ frá Sorpu með sölu á kolefniskvótum að markmiði. Fýsileikakönnun á innflutningi CO₂ til förgunar.

FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2021-2026

Forsendur fjárhagsspár 2021-2026 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2020 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár var miðað við fölgna framvirkta vexti eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga.

Lýsing	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	2,1	2,7	3	2,6	2,6	2,6	2,6
Launavísitala, breyting (%)	5,8	5,6	5,4	4,2	4,2	4,2	4,2
Gengisvísitala, breyting (%)	8,9	-1,2	0	0	0	0	0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	1.688	1.818	1.891	1.965	2.044	2.122	2.195

FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í hliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning. Þegar verkefni hefur staðist slíkt próf fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Fjárfestingar í veitukerfum eru umfangsmesti fjárfestingaflokkur innan samstæðu OR. Við val slíkra verkefna er enn fremur stuðst við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukinni notkun eða fjölgun viðskiptavina
- Bilanasögu lagna og búnaðar
- Aldri lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreiningu lagna
- Öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina
- Áhættu

FJÁRHAGSSPÁ 2021-2026

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur vegna rafmagnssölu hækka um 3,7 milljarða kr. eða 15,6% á tímabilinu 2021 til 2026 og tekjur vegna sölu á heitu vatni hækka um 3,0 milljarða kr. eða 18,4%. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2021 til 2026 um 3,7 milljarða kr. eða 16,3%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.


EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. EBIT er rekstrarafkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Framlegð



Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur


Afkoma



Mynd 3 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á mynd 3 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 15,1 milljarð kr. árið 2026. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.


Eignir og eiginfjárlutfall



Mynd 4 - Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga í veitukerfum OR. Áfram verði haldið á þeirri vegferð að greiða niður skuldir. Eiginfjárlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2021-2026, þ.e. frá því að vera 51,2% í árslok 2021 í 61,1% í árslok 2026.


Handbært fé með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum



Mynd 4 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Að teknu tilliti til væntra tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok 2026 verði 2,7 milljarðar kr. en 12,5 milljarðar kr. að meðtöldum bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum.


Fjárfestingar



Mynd 5 – Milljarðar króna


HELSTU FJÁRFESTINGAR 2021-2026		milljarðar kr.
Veitukerfi		68,7
Virkjanir		28,1
Aðrar fjárfestingar		11,1
Fjárfestingar alls		107,9

Fjármögnun



Mynd 6 – Milljarðar króna

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 7 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á milli 15,2 – 19,1 milljarður kr. á árunum 2021 - 2026, samtals um 101,0 milljarður kr.

Lántökur eru áætlaðar 53,4 milljarðar kr. á tímabilinu.

Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 20,7 milljarðar kr. á tímabilinu.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunarahreyfingar



Mynd 8 – Milljarðar króna


Nettó vaxtaberandi skuldir lækka um 26,0 milljarða kr. frá árinu 2021-2026 samkvæmt fjárhagsspá.

LYKILTÖLUR

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárhlutfalls, eiginfjárhlutfalls, vaxtaþekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu OR og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).


Í samræmi við eigendastefnu OR eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.

Eiginfjárhlutfall





Markmið > 40%

(Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur) / Nettó skuldir




Markmið > 13%



Markmið > 1,0



Markmið > 3,5



HORFUR OG SPÁ 2020-2026 - REKSTRARREIKNINGUR

	Raun 2019 (mkr)	Horfur 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)
Rekstrartekjur	46.570	48.748	49.122	51.242	53.415	55.494	57.874	60.239
Rekstrargjöld	18.398	19.126	19.138	19.722	20.431	21.164	22.093	22.872
EBITDA	28.172	29.622	29.984	31.519	32.985	34.330	35.781	37.367
Afskriftir	12.121	12.983	13.388	13.848	14.262	14.661	15.060	15.417
EBIT	16.051	16.639	16.596	17.671	18.723	19.669	20.721	21.951
Fjármagnsliðir	-8.798	-7.662	-2.601	-4.778	-4.457	-4.610	-4.702	-3.967
Vaxtatekjur	1.231	394	341	365	389	423	457	466
Vaxtagjöld	-7.934	-7.240	-6.722	-6.821	-6.838	-6.958	-6.971	-6.754
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	-2.094	-815	3.780	1.678	1.992	1.926	1.812	2.321
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.253	8.977	13.995	12.894	14.266	15.059	16.019	17.984
Tekjuskattur	337	873	3.020	2.184	2.436	2.465	2.509	2.893
Hagnaður (tap) ársins	6.916	8.104	10.975	10.709	11.830	12.595	13.510	15.091

HORFUR OG SPÁ 2020-2026 – EFNAHAGSREIKNINGUR

	Raun 2019 (mkr)	Horfur 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)
Eignir	369.884	394.033	392.785	400.382	402.642	407.617	407.182	404.544
Fastafjármunir	344.342	363.492	368.923	373.717	376.398	379.421	380.575	381.853
Veltufjármunir	25.542	30.541	23.861	26.666	26.244	28.195	26.608	22.691
Eigið fé og skuldir	369.884	394.033	392.785	400.382	402.642	407.617	407.182	404.544
Eigið fé	182.299	193.868	201.064	208.774	217.353	226.448	235.958	247.049
Skuldir	187.585	200.165	191.720	191.609	185.288	181.169	171.224	157.495
Langtímaskuldir	162.635	169.616	167.463	164.781	158.705	153.066	143.621	134.432
Skammtímaskuldir	24.950	30.549	24.258	26.828	26.584	28.102	27.603	23.062

HORFUR OG SPÁ – SJÓÐSTREYMI

	Raun 2019 (mkr)	Horfur 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	28.994	29.872	30.044	31.662	33.053	34.407	35.841	37.402
Innborgaðar vaxtatekjur	337	391	269	207	193	185	180	197
Greidd vaxtagjöld	-5.317	-5.275	-4.781	-4.723	-4.550	-4.467	-4.277	-4.021
Greiddur tekjuskattur	-1.477	-1.718	-2.367	-2.038	-2.411	-2.544	-2.375	-2.505
Greiddslur annarra fjármagnsliða	328	1.099	439	479	600	600	600	600
Handbært fé frá rekstri	22.864	24.368	23.604	25.587	26.885	28.182	29.969	31.673
Fjárfestingarhreyfingar								
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-19.310	-18.513	-21.176	-18.529	-16.947	-17.921	-16.309	-16.938
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-1.771	0	0	0	0	48	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	-21.080	-18.513	-21.176	-18.529	-16.947	-17.874	-16.309	-16.938
Fjármögnunarhreyfingar								
Ný langtímalán	16.967	23.899	13.350	13.700	9.100	10.700	5.600	1.000
Afborganir langtímaskulda	-19.629	-22.354	-19.264	-15.313	-16.708	-16.130	-17.519	-16.392
Greiddur arður	-1.500	-3.000	-3.000	-3.000	-3.250	-3.500	-4.000	-4.000
Fjármögnunarhreyfingar alls	-4.163	-1.455	-8.914	-4.613	-10.858	-8.930	-15.919	-19.392
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-2.523	4.401	-6.487	2.445	-919	1.378	-2.260	-4.658
Handbært fé í ársbyrjun	10.988	8.765	13.166	6.679	9.123	8.204	9.583	7.323
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	192	0	-1	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	8.657	13.166	6.679	9.123	8.204	9.583	7.323	2.666




Útkall 2020. Úr myndasafni SHS

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021-2025

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2020	Áætlun 2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	3.120.819	3.169.300	3.691.400	4.033.159	4.187.797	4.348.560	4.515.697
Tekjur samtals	3.120.819	3.169.300	3.691.400	4.033.159	4.187.797	4.348.560	4.515.697
Laun og launatengd gjöld	2.438.657	2.760.000	3.008.200	3.307.452	3.446.365	3.591.112	3.741.939
Annar kostnaður	468.020	528.000	538.900	580.716	595.234	610.115	625.368
Afskriftir	91.631	126.786	129.000	130.000	130.000	130.000	130.000
Gjöld samtals	2.998.308	3.414.786	3.676.100	4.018.168	4.171.599	4.331.227	4.497.307
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	122.511	-245.486	15.300	14.991	16.198	17.333	18.391
Fjármagnsliðir	6.843	-13.638	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	129.354	-259.124	1.300	991	2.198	3.333	4.391
Rekstrarniðurstaða	129.354	-259.124	1.300	991	2.198	3.333	4.391

STARFSFÓLK

	Raun 2019	Útkomuspá/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	181	188	197
Fjöldi stöðugilda	181	188	197
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Aðgerðasvið	158	165	174
Forvarnasvið	10	10	10
Stoðsvið	13	13	13

SKIPTING REKSTRAR 2021



HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2021

Rekstrartekjur

Framlög frá eigendum eru áætluð 2.125 m.kr. eða um 57,6% af heildartekjum. Tekjur frá ríkinu vegna sjúkraflutninga eru um 37% af heild eða 1.369 m.kr. og aðrar tekjur eru 198 m.kr. eða um 5,4% af heildartekjum. Samningar um sjúkraflutninga eru lausir 30. júní á næsta ári. Gert er ráð fyrir að samningaviðræðum um sjúkraflutninga eftir 30. júní 2021 verði lokið fyrir 15. desember í ár. Mikil óvissa er því í rekstri SHS um þetta viðamikla verkefni og stóran tekjulið sem því fylgir.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Hækkun á framlagi eigenda vegna reksturs er aðallega vegna hækkunar á launum um 248 m.kr. (9,0%) frá endurskoðaðri áætlun 2020 sem er tilkomin vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa annars

vegar og hins vegar vegna áhrifa af styttingu vinnutíma vaktavinnufólks um 13 mínútur á vakt, sem hefur mikil áhrif á mönnun varðliðsins og kallar á nýráðningar. Launakostnaður SHS er um 85% af heildarkostnaði án afskrifta og fjármagnsliða. Einnig er gert ráð fyrir 2,1% hækkun á öðrum rekstrarkostnaði. Framlag til rekstrar miðað við framangreindar forsendur er um 1.982 m.kr. sem er um 15% hækkun miðað við endurskoðaða áætlun 2020.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 5,1% eða í takt við hækkun launa- og neysluvísitölu.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva, sem eru fjórar í dag. Fjárfestingarframlagið hækkar því í samræmi við ákvæði í stofnsamningi og verður um 123 m.kr. 2021, miðað við gengi SDR eins og það er 31. ágúst 2020.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Núverandi samningur SHS og ríkissjóðs um sjúkraflutninga gerir ráð fyrir að tekjurnar taki breytingum í takt við verðlag, þar sem hækkun launavísitölu vegur 86% og hækkun neysluvísitölu vegur 14%. Auk þess er hann háður magnbreytingum, bæði íbúafjölda á þjónustusvæðinu og fjölda sjúkraflutninga.

Útkomuspá fyrir 2020 gerir ráð fyrir að tekjur af sjúkraflutningum 2020 verði um 6,8% lægri en áætlun.

Í forsendum fyrir áætlun 2021 er gert ráð fyrir að fjöldi sjúkraflutninga verði að mestu í takt við það sem þeir voru fyrir Covid-19 og hlutfallslegri fjölgun íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,6%). Einnig er gert ráð fyrir að hlutfall innheimtra flutninga verði ríflega 85% líkt og fyrir Covid-19 og hækki um 3% miðað við útkomuspá 2020.

Miðað er við að gjaldskrá vegna sjúkraflutninga hækki um 5,2%, þ.e. hækkun launa- og neysluvísitölu, í samræmi við hagspá Hagstofu Íslands fyrir 2021. Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2021 verði um 1.369 m.kr. og hækki um 115 m.kr. (9,2%) miðað við útkomuspá 2020.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun verðlags 2021, miðað við útkomuspá 2020. Útkomuspáin fyrir 2020 gerir ráð fyrir um 5 m.kr. (4,6%) lægri leigutekjum en áætlun ársins, sem kemur til vegna þess að í júní 2020 tók SHS yfir húsnæði sem bílamiðstöð Ríkislögreglustjóra var áður með á leigu í Skógarhlíðinni. Í forsendum fyrir 2021 er gert ráð fyrir að sú ráðstöfun haldi áfram 2021.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,2 m.kr. (5,1%) eða í takt við verðlag, miðað við útkomuspá 2020. Útkomuspá fyrir 2020 gerir ráð fyrir að aðrar sértekjur verði 13 m.kr. (13,5%) lægri en áætlun, ástæðuna má fyrst og fremst rekja til færri viðburða vegna Covid-19 sem kalla á öryggisvakt SHS.

Töluverð óvissa er um þróun sértekna 2021, þar sem samningur SHS við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (áður Mannvirkjastofnun) vegna menntunar slökkviliðsmanna rennur út í lok árs og ekki ljóst hvernig framhald verður á honum. Einnig er mikil óvissa vegna Covid-19 í tengslum við þjónustu SHS vegna sértækra viðburða.

Rekstrargjöld 2021

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 3.547 m.kr. á árinu 2021 sem er um 7,9% hækkun frá endurskoðaðri útkomuspá 2020. Laun og launatengd gjöld sem eru 85% af rekstrargjöldum hækka um 248 m.kr. (9,0%) og annar rekstrarkostnaður um 2,1% sem er undir forsendum verðlagsþróunar.

Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld eru um 85% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 15%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum kjarasamnings sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Krónutölu hækkun mánaðarlauna 1. janúar 2021 jafngildir um 5,1% hækkun launakostnaðar SHS á árinu 2021. Þá er ekki búið að taka tillit til launaþróunar í starfi vegna menntunar, aldurs og stöðu.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks kallar á magnbreytingar, nýráðningar. Á árinu 2021 mun starfsmaður ávinna sér 13 mínútna styttingu vinnutíma fyrir hverja vakt óháð lengd frá og með 1. maí 2021. Framangreind stytting vinnutíma vaktavinnufólks og mönnun aðgerðarsviðs í takt við brunavarnaáætlun þýðir að ráða þarf inn um 12 manns í varðliðið vegna styttingu vinnuvikurnar um 13 mínútur á hverja vakt eins og áður hefur komið fram. Heildarkostnaður vegna þess er áætlaður um 95 m.kr. 2021.

Stytting vinnutíma dagvinnufólks í 36 tíma vinnuviku tekur gildi 1. janúar 2021 og ekki er gert ráð fyrir að hún hafi áhrif á launakostnað 2021.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,6%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (2,4%), s.s. vinnufatnaður, námskeið og tölvubúnaður.

Kostnaðarauki vegna fjölgunar starfsmanna vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks er áætlaður um 18 m.kr. milli ára., þ.e. matarkostnaður, fatnaður, læknisskoðun, tryggingar o.fl.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Reiknað er með að mönnun aðgerðarsviðs sé í takt við brunavarnaáætlun SHS sem samþykkt var 2018. Í áætluninni er árlegt endurskoðunarákvæði til að tryggja að SHS sé ávallt nægjanlega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn máta. Það er á borði Mannvirkjastofnunar að framkvæma árlega úttekt á mönnun liðsins.

Helstu verkefni aðgerðarsviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2021 er áætlaður 34.050, sem skiptist í 32.700 boðanir sjúkrabifreiða og 1.350 boðanir slökkvibifreiða.

Gert er ráð fyrir að verkefni forvarnarsviðs SHS 2021 verði í takt við árið 2019 eða í kringum 2.400. Covid-19 hefur sett mark sitt á verkefni forvarnarsviðsins líkt og aðra starfsemi SHS þetta árið og er áætlað að verkefni sviðsins verði í heild um 2000. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnasviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðarsviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2020 endurskoðuð	Á-2021	Breytingar Á-2020	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	1.717.000	1.981.600	264.600	15,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	95.200	123.100	27.900	29,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	19.100	20.100	1.000	5,2%
Alls:	1.831.300	2.124.800	293.500	16,0%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.034.767	1.197.092	162.325	15,7%
Vegna reksturs SHS.....	970.182	1.116.414	146.232	15,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	53.792	69.353	15.561	28,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	10.792	11.324	532	4,9%
Kópavogur	296.867	346.277	49.410	16,6%
Vegna reksturs SHS.....	278.338	322.940	44.602	16,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	15.433	20.062	4.629	30,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	3.096	3.276	179	5,8%
Hafnarfjörður	239.479	273.710	34.231	14,3%
Vegna reksturs SHS.....	224.532	255.264	30.731	13,7%
Vegna fjárfestinga SHS.....	12.449	15.857	3.408	27,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	2.498	2.589	92	3,7%
Garðabær	130.845	154.481	23.636	18,1%
Vegna reksturs SHS.....	122.678	144.070	21.392	17,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.802	8.950	2.148	31,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	1.365	1.461	97	7,1%
Mosfellsbær	91.850	110.165	18.315	19,9%
Vegna reksturs SHS.....	86.117	102.740	16.624	19,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	4.775	6.382	1.608	33,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	958	1.042	84	8,8%
Seltjarnarnes	37.492	43.075	5.582	14,9%
Vegna reksturs SHS.....	35.152	40.172	5.020	14,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	1.949	2.496	546	28,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	391	407	16	4,2%
Kjósarhreppur	19	21	2	12,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	19	21	2	12,1%

Fjárhæðir í þús.kr.

FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamningi SHS er ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva og gengisvísitölu (SDR). Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum af nýfjárfestingum í bifreiðum og búnaði fyrir slökkviliðið.

Í brunavarnaáætlun liðsins er gert ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum á árinu 2021 sem verða fjármagnaðar með framlagi eigenda í fjárfestingarsjóð:

- Kaup á nýrri gámabifreið og eldri bifreið seld, en hún er árgerð 2004 og verður því 17 ára 2021. Samkvæmt stofnsamningi skal endurnýja gámabifreiðar á 10 ára fresti en vegna hagræðingar sl. ára hefur það frestast.
- Kaup á dælubifreið í stað þeirrar sem er staðsett á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi en hún er af árgerð 1976 og verður því 45 ára 2021.

Í samþykktari fjárhagsáætlun 2020 var gert ráð fyrir að keypt yrði ný körfubifreið og eldri seld, en í ljósi aðstæðna hefur enn ekki verið gengið frá því. Ef ekki næst að klára þessi viðskipti fyrir áramótin er óskað eftir heimild til að færa þau yfir á árið 2021.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur við byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi verði hafinn á árinu 2021. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að byggingu yrði lokið fyrir árslok 2021 en úr þessu verður einhver seinkun á þeim áformum. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verði háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við útkomuspá 2020 stefnir í að rekstarniðurstaða ársins 2020 verði neikvæð um 260 m.kr. og að handbært fé SHS lækki um 212 m.kr. og verði um 68 m.kr. í lok árs. Rétt er að benda á að mánaðarleg útgjöld SHS er um 250-270 m.kr. að jafnaði og því ljóst að ekki má mikið út af bregða.

Áætlun 2021 gerir ráð fyrir að reksturinn verði í járnum og að fjárfest verði fyrir 123 m.kr. sem er í takt við áætlað framlag eigenda til fjárfestinga. Miðað við framangreint og ef ekki kemur til 112 m.kr. viðbótarframlag 2020 eins og óskað hefur verið eftir, verður handbært fé í lok árs 2021 komið í 76 m.kr. sem er einungis um 26% af áætluðum mánaðarlegum útgjöldum SHS 2021.

Viðbótarframlag eigenda upp á 112 m.kr. 2020, myndi koma sjóðsstöðu félagsins í viðunandi horf 2020 eða í 180 m.kr. í lok árs miðað við forsendur útkomuspárinnar og handbært fé í lok árs 2021 myndi verða um 188 m.kr. í stað tæplega 76 m.kr.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	30.890	31.820	32.186	31.450	32.700
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.425	1.450	1.264	1.350	1.350
Fjöldi skoðana/umsagna forvarnasviðs	2.150	2.360	2.400	2.000	2.400
Eiginfjárhlutfall	74,8%	76,7%	77,1%	74,9%	74,9%
Veltufjárhlutfall	1,4	1,6	1,1	0,5	0,5
Skuldsetningarlutfall	10,0%	10,3%	8,9%	10,1%	10,1%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	0,6	1,3	1,0	1,00	1,00

STRÆTÓ BS.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2019	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2020	Áætlun 2021	2022	2023	2024	2025
Tekjur samtals	8.747.225	8.190.174	9.743.784	10.114.935	10.519.592	10.940.919	11.380.777
Laun og launatengd gjöld	2.599.396	2.694.196	3.069.183	3.234.919	3.370.785	3.512.358	3.659.878
Annar kostnaður	5.859.989	5.725.737	6.064.817	6.324.391	6.547.703	6.779.335	7.019.612
Afskriftir	278.393	255.000	255.000	297.540	304.979	312.603	320.418
Rekstrarjöld samtals	8.737.778	8.674.933	9.389.000	9.856.850	10.223.467	10.604.297	10.999.908
Fjármunatekjur/gjöld	-46.328	-50.241	-61.977	-63.588	-65.178	-66.808	-68.478
Rekstrarniðurstaða	-36.881	-535.000	292.807	194.497	230.947	269.814	312.391

STARFSFÓLK

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir sama fjölda stöðugilda og árið 2020. Áætlun fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir að mönnum verði að meðaltali um 30 stöðugildi vagnstjóra með yfirvinnu sem er sambærilegt miðað við árið 2020.

Áætlun 2021	
Fjöldi starfsmanna	317
Fjöldi stöðugilda	282
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:	
Rekstrarsvið	246
Farþegaþjónustusvið	18
Annar samrekstur	18

HLUTVERK

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Helstu breytingar á milli ára

Árið 2020 litast af heimsfaraldri Covid-19, tekjuáætlun gekk ekki eftir og er gert ráð fyrir að fargjaldatekjur 2021 verði 14% hærri en í útkomuspá ársins sem endurspeglar 33% tekjutap í fargjaldatekjum frá upphaflegri áætlun. Almenn gjaldskrárhækkun 1.1.2021 er um 2,5%, jafnframt verður gerð breyting á uppbyggingu gjaldskrár á árinu 2021. Ekki er gert ráð fyrir að tekjuflæði verði eðlilegt fyrr en árið 2022. Í áætlun er áætlað að ríkið komi með sérstakt framlag til styrktar almenningssamgangna upp á um 900 m.kr. á árinu 2021 vegna Covid-19.

Strætó vísitalan tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar Strætó og hækkun vísitalna í samræmi við Þjóðhagsspá júní 2020.

	Vægi	Hækkun	2021
Laun	60%	5,60%	3,36%
Olía	23%	6,20%	1,44%
Nvt.	17%	2,40%	0,40%
Vegið meðaltal	100%		5,20%

Í áætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að rekstrarframlag eigenda hækki í takt við framlagðar forsendur eigenda Strætó fyrir árið 2021.

Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins til eflingar almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu (samningur frá 2012) verði það sama og árið 2020 eða um 900 m.kr. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi við verðlagshækkun eins og kveðið er á um í samningum.


	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Áætlun 2020	Samtals
Framlagið skv. samningi, með hækkun v. verðlagsbreytinga, gr. 6, liður iii	350.000	902.204	925.620	927.198	962.144	1.030.045	1.077.551	1.119.577	1.155.403	8.449.742
Framlagið - raun og áætlað 2020	350.000	902.905	822.600	806.130	889.560	889.560	867.500	887.500	887.500	7.303.255
Mismunur frá því sem kemur fram í samningi og raun framlagi	-	-701	103.020	121.068	72.584	140.485	210.051	232.077	267.903	1.146.487

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna útgjaldaliða skv. forsendum sem lagðar voru fram af eigendum Strætó.


Á árinu 2021 er gert ráð fyrir því að hagræða þurfi í rekstri Strætó um 300 m.kr. en jafnframt að gætt sé að því að þjónustustig verði sambærilegt og árið 2020. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður vagna hækki lítillega vegna hærri aldurs vagnaflotans.

SKIPTING REKSTRAR 2021

Rekstrarkostnaður 2021



Rekstrartekjur 2021



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Yfirstjórn og skipulagssvið

Vinna við nýtt leiðanet heldur áfram og gert er ráð fyrir að áfangaskipting á nýju leiðaneti verði komin langt á árinu. Á árinu er gert ráð fyrir sambærilegu þjónustustigi og á árinu 2020 þó með hagræðingu sem unnið er að. Næturakstur mun þó ekki hefja akstur á árinu 2021.

Farþegaþjónustusvið

Nýtt fyrirkomulag var tekið upp við ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn, nú eru fjögur sveitarfélög að kaupa þjónustu af Strætó og hefur þessi rekstur verið fjárhagslega aðskilin og nýtt vörumerki „Pant“ tekið upp. Unnið er að innleiðingu nýrra tæknilausna sem hafa það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu við viðskiptavinum þjónustunnar, bæði í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og einnig í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Fjármál og rekstur

Stærsta verkefnið 2021 verður áframhaldandi innleiðing og þróun á nýju rafrænu greiðslukerfi, en stefnt er að því að það verði tekið í notkun í apríl 2021. Nýja kerfið nútímavæðir innheimtu fargjalda hjá Strætó og gera viðskiptavinum enn auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, ásamt því að auka öryggi greiðslunnar. Nýtt greiðslukerfi mun einnig gefa mikilvægar upplýsingar um notkun, sem mun hjálpa til við ákvarðanatöku er varðar leiðanet og fargjaldauppbýggingu.

Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að styrkja innra eftirlit og áhættustýringu þvert á fyrirtækið.

Mannauðs- og gæðasvið

Markaðs- sölu og þjónustumál hafa verið færð undir sviðið. Áfram verður unnið að því að styrkja þjónustumál Strætó. Það er langtíma verkefni með það að markmiði að efla enn frekar þjónustu, þekkingu og viðmót starfsmanna Strætó auk þess að fjölga farþegum. Þá verður einnig áhersla á innri þjónustu og samskipti.

Aðaláhersla markaðs- og sölumála er upptaka nýs rafræns greiðslukerfis og ný gjaldskrárstefna. Einnig mun stór hluti verkefna sviðsins fara í að sækja fram til að auka tekjur á ný eftir Covid-19.

Á árinu 2021 verður einnig mikil áhersla á umhverfis- og gæðamál. Haldið verður áfram endurbótum á vottuðum gæðakerfum Strætó með sérstakri áherslu á umbætur í umhverfismálum, flokkun sorps og þess háttar.

Öryggismál skipa stóran sess á árinu 2021. Áfram verður unnið að fækkun tjóna með sérstakri áherslu á fræðslu og forvarnir í samvinnu við VÍS.

Jafnlaunavottun Strætó og viðhald vottunar mun einnig vera í forgrunni á árinu 2021.

Önnur verkefni sem verða fyrirferðarmikil á árinu eru endurmenntun atvinnubílstjóra, þar sem Strætó er með starfsleyfi frá Samgöngustofu til að vera fræðsluaðili á þeim námskeiðum.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 248 starfsmenn, þar af eru 202 vagnstjórar og 31 á verkstæði, innkaup og þvottahúsi og 15 í stýringu flotans og mótuneyti.

Á árinu 2021 verður unnið að því að setja upp fleiri hraðhleðslustöðvar á leiðum. Strætó hefur undirritað samstarfsfirlýsingu með Veitum þar sem kortlagðir verða þeir hleðslupunktar sem vænlegir eru í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir 600 m.kr. á næsta ári í umhverfisvænum vögnum og innviðum tengdum þeim, en hluti af núverandi vögnum Strætó er kominn til ára sinna.

FRAMLÖG

Í neðangreindri töflu má sjá rekstrarframlag eigenda til Strætó. Gert er ráð fyrir að ríkið styrki almenningssamgöngur um sérstakt framlaga vegna tekjufalls á árinu 2020 og 2021 og verði framlagið 900 m.kr.

Rekstrarframlög	Skipting	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Reykjavík	63%	2.558.895	2.723.485
Kópavogur	14%	577.381	614.519
Hafnarfjörður	10%	411.596	423.701
Garðabær	6%	257.927	274.517
Mosfellsbær	5%	192.732	205.129
Seltjarnarnes	2%	89.643	95.409
Samtals	100%	4.088.174	4.336.760

FJÁRFESTINGAR

Gert er ráð fyrir að endurnýjun á vagnafлотanum og fjárfest verði í nýjum vögnum fyrir allt að 600 m.kr. 2021.

Áframhaldandi fjárfesting verður í nýju greiðslukerfi fyrir allt að 160 m.kr. 2021 en um 100 m.kr. færest frá árinu 2020. Uppfærsla rafræns greiðslukerfis er næsta rökrétta skref á eftir greiðslu-appinu sem kom í lok árs 2014. Nýtt greiðslukerfi mun hjálpa til við lausn ýmissa vandamála sem eru í núverandi fyrirkomulag, t.a.m.:

- Athugasemdir innri endurskoðanda Strætó. Koma þarf að nauðsynlegum útbótum vegna athugasemda frá innri endurskoðanda vegna meðhöndlun reiðufjár og virkni bauka í vögnunum. Núverandi baukar sem eru í vögnum eru orðnir um 30 ára gamlir og taka þarf ákvörðun um kostnaðarsama endurnýjun eða hætta með þá í skrefum samhliða upptök nýrra greiðsluleiða.
- Eykur öryggi greiðslunnar m.t.t. svindls. Áætlað er að svindl geti verið allt að 250-300 m.kr. árlega, meðal annars vegna sjónrænnar staðfestingar fargjalds þar sem auðvelt getur verið að sýna falsað eða útrunnið kort án þess að vagnstjóri geti með góðu móti sannreynt gildi kortsins, farmiðar og núverandi staðgreiðsla með peningum er mjög ónákvæm.
- Létta álaginu af bílstjórum, með því að hætta sjónrænni staðfestingu.

- Betri upplýsingar um innstig, greiðslumiðla og notkun viðskiptavina, opnar möguleika á nýjum uppgjörmöguleikum á milli sveitarfélaga t.d. með tillit til notkunar íbúa hvers sveitarfélags o.s.frv.
- Samnýting – m.a. við Borgarlínu. Ópið rafrænt greiðslukerfi gerir okkur það mögulegt að samþætta rafræn greiðslukerfi við hin ýmsu greiðslukerfi sveitarfélaganna og nýta þannig fjárfestingu og sérfræðipækkingu mun betur en ella.
- Eykur möguleika á að tengja saman greiðslumöguleika mismunandi ferðamáta.
- Eykur sveigjanleika í uppbyggingu gjaldskrár.

Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun á nýtingu upplýsingatækni til að þjónusta viðskiptavini betur og uppfærslu á núverandi upplýsingakerfum, t.a.m. bókhaldskerfi, innra neti fyrir starfsmenn og þróun á rauntímaupplýsingum fyrir viðskiptavini á stoppustöðvum, rafrænt talningarkerfi o.fl.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og lánsfé. Í fjárhagsáætlun fyrir 2021 er heimild fyrir allt að 400 m.kr. lántöku. Fyrirhuguð fjárfesting er einnig háð því að tap ársins 2021 vegna tekjufalls vegna Covid-19 verði bætt, en áætlun gerir ráð fyrir að lausafjárstaða félagsins verður lítil undir lok árs 2020.




SORPA BS.

LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru frumkvæði, traust og samheldni.

SKIPURIT



HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarcaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tíu talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Gylfaflöt 5 í Reykjavík.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021-2025

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
	Raun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	3.848.213	3.779.576	4.690.029	5.388.864	5.508.610	5.631.248	5.756.858
Tekjur samtals	3.848.213	3.779.576	4.690.029	5.388.864	5.508.610	5.631.248	5.756.858
Laun og launatengd gjöld	1.198.071	1.451.381	1.516.145	1.621.720	1.689.832	1.760.805	1.834.759
Annar kostnaður	2.277.361	2.148.933	2.330.298	2.831.709	2.877.739	2.924.516	2.972.049
Afskriftir	222.566	271.410	424.480	434.480	434.480	434.480	434.480
Gjöld samtals	3.475.432	3.600.313	3.846.443	4.453.429	4.567.571	4.685.321	4.806.808
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	150.215	-92.147	419.106	500.956	506.559	511.447	515.570
Fjármagnsliðir	52.609	146.245	200.447	189.307	195.993	173.300	157.856
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	97.606	-238.392	218.659	311.649	310.566	338.147	357.714
Rekstrarniðurstaða	96.284	-238.392	218.659	311.649	310.566	338.147	357.714

STARFSFÓLK

Á árinu 2021 er áætlaður fjöldi stöðugilda 122,6. Fjölgun stöðugilda á milli ára er m.a. vegna innhýsingar á vinnu á verkstæði í móttöku- og flokkunarstöð (MTFS) ásamt því að viðbótar tækjabúnaður í stöðinni kallar á aukinn mannskap til að sinna vélum og stýra mannafla.

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Útsp/ Áætlun 2020	Áætlun 2021
Fjöldi starfsmanna	135	140	135	134	133	134
Fjöldi stöðugilda	107,2	111,4	112,5	112,7	119,1	122,6
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:						
Góði hirðirinn	25,1	27,2	23	21,4	23,4	25
Uppvinnsla i)	11	13,2	15,8	15,3	14,1	14,6
Endurvinnslustöðvar	32	31,5	34,4	35,9	37,6	37,6
Móttöku- og flokkunarstöð ii)	26,8	27,6	28,3	27,9	27	33,6
Fjármálasvið iii)	6,4	7,1	5,9	6	9	6
Skrifstofa framkvæmdastjóra iv)	5,9	4,8	5,1	6,2	8	5,8

i) Ný eining í stjórnskipulagi frá 2020, felur í sér gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og gashreinsistöð.


ii) Öll starfsemi samlagsins í Gufunesi bæði móttöku- og flokkunarstöð og vikt.

iii) Ný eining í stjórnskipulagi frá 2020, hét áður Skrifstofa og fjármál


iv) Ný eining í stjórnskipulagi frá 2020, voru áður Umhverfis- og fræðsludeild og Þróunar- og tæknideild.

SKIPTING REKSTRAR 2021

Rekstrartekjur 2021



Rekstrarkostnaður 2021



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun SORPU bs. tekur mið af meginforsendum Reykjavíkurborgar. Magnspá gerir ráð fyrir um 3% heildarsamdrætti í magni árið 2021 en mikil breyting verður á vinnsluferli SORPU í meðhöndlun og ráðstöfun úrgangs með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar (GAJA). Rekstrartekjur aukast um 24% á milli ára vegna endurskoðunar á gjaldskrá, sjá nánari umfjöllun um gjaldskrá neðar. Kostnaðaráhrif nýgerðra kjarasamninga við Eflingu eru reiknuð upp til og með 2022 en á spátíma 2023-2025 tekur áætlaður launakostnaður mið af launavísitölu. Mannaflapörf hefur verið endurskoðuð á starfsstöðum en auka þarf í mannafla í móttöku- og flokkunarstöð (MTFS) vegna aukinna umsvifa og frekari meðhöndlunar og forvinnslu með tilkomu GAJA. Áætluð hækkun launakostnaðar fyrir árið 2021 er um 4,5%. Áætlunin leiðir fram að rekstrarkostnaður mun aukast um 8% á milli ára. Helstu þættir sem hafa áhrif til kostnaðarauka 2021 eru vísitölutengdir samningar við verktaka, aukinn kostnaður vegna breytts vinnsluferlis í MTFS ásamt því að GAJA er tekin í fullan rekstur á árinu. Afskriftir aukast um 56% árið 2021 en í október 2020 munu hefjast afskriftir á viðbótar tækjabúnaði í MTFS í Gufunesi og í GAJA í Álfsnesi. Fjármagnskostnaður mun aukast um 37% 2021 vegna aukinnar lántöku vegna fjárfestinga síðustu missera. Fjárfestingar eru áætlaðar 689 m.kr. 2021, sjá nánari umfjöllun neðar. Gert er ráð fyrir að stofnframlag eigenda verði 500 m.kr. í upphafi árs 2021 en framlagið verður nýtt upp í fjárfestingakostnað vegna byggingar á GAJA í Álfsnesi og stækkunar á tækjabúnaði í MTFS í Gufunesi.

Gert er ráð fyrir að yfirdráttarlán að upphæð 1.100 m.kr. verði framlengt út rekstrarárið 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir aukinni lántöku sem nemur um 300 m.kr. á árinu 2021 en óvíst er hvort nýta þurfi þá heimild og verður það skoðað frekar eftir því sem líður á rekstrarárið 2021.

Verði af áformum um að breyta starfsstöðvum endurvinnslustöðva s.s. að flytja eða opna nýjar stöðvar að þá munu eigendur þurfa að leggja fram framlög til slíkra verkefna. Áætlaður kostnaður er um 59 m.kr. árið 2021, vegna hönnunar og undirbúnings þessara verkefna.

Gjaldskrár samlagsins taka töluverðum breytingum á árinu 2021 og fyrir því liggja þrjár meginástæður. Í fyrsta lagi hefur gas- og jarðgerðarstöð samlagsins í Álfsnesi tekið til starfa. Lífrænn úrgangur er nú tekinn til vinnslu í stýrðum iðnaðarferlum, fyrst í nýrri framleiðslulínu í móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi og svo í gas- og jarðgerðarstöð. Hingað til hefur þessi úrgangur verið urðaður, og gjaldskrá fyrir lífrænan úrgang endurspeglar því gerbreytt vinnulag við meðhöndlun þessa efnisstraums. Í öðru lagi fela kjarasamningar við stéttarfélagið Eflingu í sér verulegan kostnaðarauka fyrir samlagið. Í þriðja og síðasta lagi hefur verið tekið saman lögfræðilegt álit fyrir samlagið sem dregur fram þá skýru niðurstöðu að samkvæmt lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber samlaginu skylda til þess að innheimta raunverulegan kostnað sem fellur til við alla meðhöndlun úrgangs. Ákvæði laganna takmarka jafnframt sveitarfélög með þeim hætti að þau mega ekki innheimta meira en sem nemur heildarkostnaði við meðhöndlun úrgangs, auk þess kostnaðar sem sveitarfélögum er heimilað að innheimta vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála. Stórfelldar breytingar á starfsemi samlagsins, sem leiða af gangsetningu gas- og jarðgerðarstöðvar, hafa leitt til þess að raunverulegur kostnaður fyrir einstaka efnisstrauma hefur breyst og þess vegna hefur þurft að endurskoða allar gjaldskrár samlagsins og hafa sumir liðir hennar lækkað en aðrir hafa hækkað.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir 3% samdrætti í magni en magnaukning úrgangs árin 2022 – 2025 er áætluð sú sama og hlutfallsleg fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn. Tekjur samlagsins vegna urðunar munu dragast saman eftir því sem líður á áætlunartímabilið og er það í samræmi við stefnu eigenda.

Árið 2020 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani til núverandi viðskiptavina og verið hefur en gert er ráð fyrir að hún muni taka kipp á árinu 2021 þegar gas- og jarðgerðarstöð er komin í fullan rekstur og sölusamningur á metani til iðnaðarnota hafa verið virkjaðir.

Uppvinnsla: Á árinu 2021 verður stórlega dregið úr urðun lífræns úrgangs og einungis 6000 tonn af slíkum úrgangi verða urðuð 2021. Þessar breytingar leiða til breytinga á stjórnskipulagi. Öll starfsemi samlagsins í Álfsnesi nefnist nú uppvinnsla, sem nær yfir starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvar GAJA, gashreinsistöðvar og urðunarstaðar, en gashreinsistöð hefur verið færð undir GAJA og er ekki lengur sjálfstæð eining. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á mannafla í Álfsnesi með tilkomu GAJA heldur flyst mannafla frá urðunarstað og gashreinsun yfir í GAJA. Á þessu er ein undantekning því ráðinn hefur verið til starfa sérfræðingur í framleiðsluferlum GAJA, en á móti kemur að þjónustusamningum við ráðgjafarfyrirtæki um sömu viðfangsefni hefur verið sagt upp. Með þessu er samlagið að innhýsa umtalsverðri starfsemi sem telst til kjarnastarfsemi við rekstur urðunarstaðar og GAJA, og af þessari breytingu mun einnig hljóta hagræði í rekstri. Samkvæmt viðauka við eigendasamkomulag frá júlí 2020 er tanknum Gými lokað haustið 2020 og ásýnd urðunarstaðarins í Álfsnesi lagfærð. Kostnaður við þetta er áætlaður 96 m.kr. og fellur hann til á fyrri hluta ársins 2021.

Tekjur vegna þeirra deilda sem nefnast nú uppvinnsla einu nafni voru 1.763 m.kr. árið 2019, þær verða 1.703 m.kr. skv. útkomuspá 2020 og 1.956 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Rekstrarkostnaður var 1.231 m.kr. árið 2019, verður 1.147 m.kr. skv. útkomuspá 2020 og 1.222 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Mestu breytingar felast í því að launakostnaður vex úr 185 (2019) í 238 m.kr. (2021) með rekstri GAJA, en hins vegar lækkar kostnaður við móttöku, flutning og ráðstöfun úrgangs úr 774 (2019) í 651 m.kr. (2021) eftir því sem dregið er úr urðun. Afskriftir aukast verulega, úr 65 m.kr. árið 2019 í 210 m.kr. árið 2021.

Móttöku- og flokkunarstöð: Með gangsetningu hinnar nýju vélasmæðu við móttöku og flokkunarstöð (MTFS) í Gufunesi eykst tæknilegt flækjustig stöðvarinnar verulega enda samanstendur vélbúnaðurinn af 50 nýjum tækjum sem hvert um sig kallar á viðhald og er hluti af heild sem ekki má rofna. Til að mæta þessu aukna flækjustigi verður ráðinn til starfa sérfræðingur í framleiðslustjórnun og á hann að tryggja gæði framleiðslunnar og annast bestun framleiðsluferla stöðvarinnar. Einnig verður ráðinn verkstjóri í viðhaldsdeild MTFS en deildin verður staðsett í skemmu á lóð MTFS sem áður hýsti efnamóttöku. Helstu viðhaldsverkefni vegna MTFS er stöðugt viðhald vélbúnaðar til að tryggja rekstur stöðvarinnar og verður innleidd á komandi misserum aðferðarfræði sem byggir á fyrirbyggjandi viðhaldi í meira mæli en verið hefur og má þar nefna innleiðingu á viðhaldsstjórnunarkerfi. Stór hluti vélbúnaðar er nú tekinn að eldast sem kallar á meira viðhald. Mannaflapörf stöðvarinnar er í stöðugri endurskoðun og fer eftir álagi og umsvifum starfseminnar á hverjum tíma.

Tekjur vegna móttöku- og flokkunarstöðvar voru 1.596 m.kr. árið 2019, þær verða 1.526 m.kr. skv. útkomuspá 2020 og 2.143 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Rekstrarkostnaður var 1.529 m.kr. árið 2019, verður 1.579 m.kr. skv. útkomuspá 2020 og 1.862 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Mestu breytingar felast í því að launakostnaður vex úr 298 m.kr. (2019) í 399 m.kr. (2021) með rekstri nýrrar vinnslulínu, auk þess sem kostnaður við móttöku, flutning og ráðstöfun úrgangs vex úr 1000 m.kr. (2019) í 1.237 m.kr. (2021), með hækkaðri gjaldskrá í uppvinnslu. Afskriftir aukast verulega, úr 109 m.kr. árið 2019 í 162 m.kr. árið 2021.

Endurvinnslustöðvar: Þær eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins enda eiga tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna að standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna, meðal annars með innheimtu í hliði, af sölu inneignarkorta, sölu málma og raftækja ásamt umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þetta viðfangsefni er vel skilgreint en hækkun móttökugjalda á árinu 2021 mun valda töluverðri hækkun á rekstrarkostnaði endurvinnslustöðva. Magn sem berst endurvinnslustöðvunum er alla jafna áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Ástandið árið 2020 hefur hins vegar verið mjög sérstakt, magnaukning á fyrri hluta ársins en samdráttur á seinni hluta. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum næstu ár má sjá í næstu töflu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2020 en samsetning úrgangsins sem berst endurvinnslustöðvunum hefur mikil áhrif á kostnað stöðvanna. Samsetning úrgangs hefur breyst undanfarin misseri, en markmiðið hefur verið að auka flokkun. Lykillinn að árangri á þessum sviðum er fræðsla til almennings og fyrirtækja og að endurvinnslustöðvar séu vel mannaðar af vel þjálfuðu starfsfólki. Í því samhengi er þó rétt að benda á að fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir sama mannafla hjá endurvinnslustöðvunum og árið 2020.

Spá um magn úrgangs inn á endurvinnslustöðvar:

	Raun	Útksp	Spá				
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Spá SSH um breytingu í einkaneyslu		-5,10%	5,50%	3,20%	2,50%	2,60%	2,50%
Spá um fjölgun			1,5	1,5	1,5	1,5	1,5
EVST (tonn)	52.826	56.312	60.254	63.086	65.610	68.300	71.032

Heimsóknnum á endurvinnslustöðvunum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Bílateljarnir eru að telja yfir 900.000 ökutæki inn á stöðvarnar og að því gefnu að tveir séu í hverjum bíl þá eru hátt í tvær milljónir viðskiptavina að heimsækja stöðvarnar á ári.

Samningar við verktaka um gámaleigu og flutning renna út 30. mars 2021 og í undirbúningi er útboð vegna þessara flutninga sem lokið verður á haustdögum 2020. Reiknað er með að kostnaður vegna nýrra samninga um flutninga og gámaleigu hækki ekki umfram vísitölur.

Rekstrarkostnaður og tekjur vegna endurvinnslustöðva voru 1.286 m.kr. árið 2019, þær verða 1.427 m.kr. skv. útkomuspá 2020 og 1.559 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Mestu breytingar felast í því að launakostnaður vex úr 367 m.kr. (2019) í 479 m.kr. (2021) og skýrist hækkunin af samningum við Eflingarstarfsfólk. Einnig vex kostnaður við móttöku, flutning og ráðstöfun úrgangs úr 789 m.kr. (2019) í 930 m.kr. (2021), með hækkun á gjaldskrá í móttöku- og flokkunarstöð og uppvinnslu.

FJÁRFESTINGAR

Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hófst seinni hluta árs 2018. Stöðinni var skilað af hálfu verktaka í apríl og uppkeyrsla hófst í byrjun ágúst 2020. Endanlegur kostnaður vegna GAJA er nokkuð hærri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Á síðustu metrum verkefnisins leiddu tafir á gangsetningu nýrrar vélasamstæðu í móttöku og flokkunarstöð í Gufunesi, Covid-19 og óvissa með útgáfu starfsleyfis stöðvarinnar til tafa á gangsetningu GAJA, sem aftur leiddi til kostnaðarauka.

Árið 2021 verður móttaka sláturúrgangs flutt í GAJA. Kostnaður við þá aðgerð er áætlaður 140 m.kr. og fellur hann til vorið 2021.

Árin 2021-2022 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi gashreinsistöð í Álfsnesi og kaup á gasfletum sem eru forsenda þess að hægt sé að flytja og selja metan. Eins gera áætlanir ráð fyrir því að keyptur verði gasbrennari til að brenna hauggas. Áætlaður kostnaður við þetta er 50 m.kr. Til skoðunar er að koma frekar upp gastúrbúinu til framleiðslu á rafmagni úr hauggasi, myndi sú rafmagnsframleiðsla nýtast til að knýja vélbúnað GAJA, a.m.k. að hluta.

Framundan er fjárfesting í sigtunar- og hreinsibúnaði fyrir moltu sem framleidd er í GAJA, en til að uppfylla kvaðir starfsleyfis þarf að hreinsa moltuna og ná úr henni aukaefnum sem koma með lífrænum úrgangi sem skilað er í GAJA, til dæmis plasti og málum. Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhalds- og endurnýjunarverkefna, til dæmis kaupa á hjólaskóflu.

Móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi hefur verið stækkuð í umfangsmiklu verkefni. Komið hefur verið upp nýrri vinnslulínu sem hefur það markmið að taka við lífrænum heimilisúrgangi af höfuðborgarsvæðinu, hreinsa efnisstrauminn til að skila hreinni efnisstraumi til vinnslu í GAJA. Hafist var handa við stækkun stöðvarinnar á miðju ári 2019 og var sjálf byggingin tilbúin í febrúar 2020. Sú hlið þessa verkefnis sem snéri að vélbúnaði hefur hins vegar gengið ver - allt frá því að samningar um vélbúnaðarkaup og fjármögnun þeirra töfðust um miðbik ársins 2019. Þannig má segja að skuggi hafi verið yfir áætlanagerð og eftirfylgni verkefnisins allt frá upphafi. Uppsetning vélbúnaðar tafðist á vordögum 2020 og uppkeyrsla hans hófst í byrjun júní. Af ýmsum ástæðum hefur kostnaður við vélbúnaðinn orðið hærri en ráð var fyrir gert í upphaflegum áætlunum. Verktafir eru stór ástæða og Covid-19 setti sitt mark á uppsetningu og uppkeyrslu búnaðarins vor og sumar 2020.

Í fjárfestingaráætlunum fyrir MTFS er gert ráð fyrir kaupum á pressu fyrir efni sem skilar sér frá vindskiljum í nýju framleiðslulínu stöðvarinnar, sú fjárfesting fellur til 2021. Einnig verður fjárfest í umbúðaskilju árið 2022, til að flokka megi lífrænan úrgang frá umbúðum. Loks er gert ráð fyrir allmikilli fjárfestingu til að undirbúa útflutning á brennanlegum úrgangi, sem kallar m.a. á nýjan búnað til þökkunar og plastbindingar, og fellur sú fjárfesting til 2021. Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. nauðsynleg viðhaldsverkefni s.s. endurnýjun á timburtætara, endurnýjun innvigtar og endurnýjun á nokkrum hreyfanlegum vinnutækjum.

Á undanförunum árum hefur umfang úrgangs sem skilað er til endurvinnslustöðva vaxið verulega. Umferð hefur aukist verulega og ástandið er víða orðið erfitt, einkum þó á stöðinni á Dalvegi. Bent hefur verið á að tryggja þurfi öryggi starfsmanna og viðskiptavina og lágmarka slyshættu. Endurskoðun á fyrirkomulagi endurvinnslustöðva samlagsins er því löngu tímabær og hefur verið rætt um flutning stöðvarinnar við Sævarhöfða, lokun stöðvarinnar við Dalveg og stækkun stöðvarinnar við Jafnasel. Af hálfu samlagsins hefur ítrekað verið bent á þetta og settar fram hugmyndir um stækkun stöðvarinnar í Jafnaseli, og óskað eftir leiðbeiningum um hvað gæti tekið við, ef stöðinni við Dalveg verður lokað. Lítið hefur þó þokast í þessum málum, með þeirri undantekningu þó að fyrir liggur að á árinu 2023 verður endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða lokað en þess í stað opnuð endurvinnslustöð við Lambhagaveg. Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna byggja því á þeirri forsendu að engin önnur breyting verði á fyrirkomulagi eða staðsetningu stöðvanna. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg er 840 milljónir króna. Samkvæmt ákvörðun eigenda er þó fjárfesting í endurvinnslustöðvum ekki hluti af fjárfestingaráætlun samlagsins, þess í stað verða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar teknar af eigendum og undirbúningur og framkvæmd þeirra fjármagnaðar sérstaklega af þeim.

Gert er ráð fyrir uppfærslu á fjárhagskerfum SORPU árið 2021. Sú fjárfesting er áætluð um 50 milljónir og inniheldur nýtt bókhaldskerfi, ásamt tengingum við önnur kjarnakerfi SORPU bs. Einnig er gert ráð fyrir að fjárfesta í innkaupakerfi sem rúmast innan fjárfestingaráætlunar. Gert er ráð fyrir 10 milljónum í fjárfestingar vegna skrifstofuhúsnæðis að Gylfaflöt 5 en þörf á að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks og færa til nútímalegri hátta.

FRAMLÖG VEGNA SORPU

Í upphafi árs 2021 er gert ráð fyrir 500 m.kr. stofnframlagi frá eigendum til SORPU bs., sjá skiptingu niður á eigendur í töflu að neðan.

Sveitarfélag	2021
Reykjavík	281.700
Kópavogur	81.500
Hafnarfjörður	64.400
Garðabær	36.300
Mosfellsbær	25.900
Seltjarnarnes	10.200
Samtals	500.000

FRAMLÖG VEGNA REKSTRAR ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Ákveði eigendur að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breytinga á rekstri endurvinnslustöðva á árunum 2021-2024 munu þeir þurfa að leggja til framlög eins og gerð er grein fyrir í töflunni að neðan.

Sveitarfélag	2021	2022	2023	2024
Reykjavík	33.241	225.360	417.479	450.720
Kópavogur	9.617	65.200	120.783	130.400
Hafnarfjörður	7.599	51.520	95.441	103.040
Garðabær	4.283	29.040	53.797	58.080
Mosfellsbær	3.056	20.720	38.384	41.440
Seltjarnarnes	1.204	8.160	15.116	16.320
Samtals	59.000	400.000	741.000	800.000

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Frá því í febrúar 2020 hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu hjá SORPU. Útkomuspá fyrir rekstrarárið 2020 er neikvæð en gert er ráð fyrir að jafnvægi verði komið á rekstur samlagsins 2021. Gert er ráð fyrir að yfirdráttarlán samlagsins verði nýtt að miklu leyti fyrri hluta ársins þegar að fjárfestingar eru hvað mestar en að þörf fyrir það minnki sem líður á rekstrarárið 2021.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar samlagsins verði fjármagnaðar að hluta til með stofnframlögum, eigin fé og lánsfé. Í fjárhagsáætlun 2021 er heimild fyrir allt að 300 m.kr. lántöku ásamt því að yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.100 m.kr. verði framlengd til 31.12.2021.

LYKILTÖLUR

Kennitölur	2017	2018	2019	Útksp. 2020	Áætlun 2021
Veltufjárhlutfall	2,21	2,43	0,94	0,32	0,48
Eiginfjárhlutfall	67,9%	75,8%	48,3%	47,4%	54,1%
Arðsemi eigin fjár	17,8%	17,7%	2,6%	-6,1%	6,3%
Skuldsetningarlutfall	10,3%	5,4%	67,5%	58,2%	44,6%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,8%	18,0%	8,9%	2,2%	15,1%
Framlegð/rekstrartekjum	15,3%	17,7%	9,7%	4,7%	18,0%

*Gert er ráð fyrir að veltufjárhlutfall verði komið í um 1 árin 2022-2023